8



Allt skemmtilegt við rófnaræktina

22–23



Kappakstur í nýja fjósinu á Litla-Ármóti

28–29



Kvenhetja á kúabúi rís gegn kaupfélaginu

Bændablaðið

15. tölublað 2019 • Fimmtudagur 15. ágúst • Blað nr. 544 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Jóhann Rúnar Skúlason vann til þrennra gullverðlauna og hlaut reiðmennskuverðlaun á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Berlín í síðustu viku. Hér fagna þeir Sigurbjörn Bárðarson landsliðsþjálfari góðum árangri, á milli þeirra er gæðingurinn glæsti, Finnbogi frá Minni-Reykjum. Íslenska landsliðið hlaut liðsskjöldinn fyrir besta árangur liðs á mótinu og tók Sigurbjörn við þeim verðlaunum fyrir hönd liðsins. Mynd / Hulda G. Geirsdóttir

# Ellefu gull til Íslands

**Heimsmeistaramóti íslenska hestsins lauk í Berlín í Þýskalandi síðastliðinn sunnudag, en mótið stóð í viku. Íslendingar gerðu það gott á mótinu, hlutu sex gullverðlaun af níu í flokki fullorðinna, eitt gull í flokki ungmenna og fjögur af sex kynbótahrossum sem Íslendingar sendu á mótið urðu efst í sínum flokki. Heilt yfir góður árangur þótt afföll hafi orðið í liðinu og sumir ekki náð sínum markmiðum.**

***Jóhann Rúnar kom, sá og sigraði***

Jóhann Rúnar Skúlason var stjarna íslenska liðsins en hann varð þrefaldur heimsmeistari á hesti sínum, Finnboga frá Minni-Reykjum, þeir unnu tölt, fjórgang og samanlagðar fjórgangsgreinar. Jóhann fékk einnig reiðmennskuverðlaun, svokölluð fjaðrarverðlaun, fyrir fallega reiðmennsku, en þeim deildi hann með hinum þýska Bernhard Podlech, sem vakti líka mikla lukku á hryssunni Keilu von Maischeiderland.

Hæst dæmda kynbótahross mótsins varð Elja frá Sauðholti 2 sem hlaut í aðaleinkunn 8,76, sýnd af Árna Birni Pálssyni.

Niðurstöður kynbótadóma eru allar inni í WorldFeng á slóðinni www.worldfengur.com.

Fleiri fréttir er að finna af mótinu á bbl.is og á Facebook-síðu Bændablaðsins. Allar einkunnir og úrslit má nálgast á ticker.icetestng.com. */HGG*

*- Meira um HM á bls. 10.*

# Breytingar á tollaumhverfi gætu leitt til framleiðslu á nýjum búvörum hérlendis

## – Bændur fagna því að umgjörð og framkvæmd tollverndar skuli einfölduð en benda á ýmsa veikleika í nýju frumvarpi

**Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir að sú atburðarás sem varð í kringum umræðu um skort á innlendum lambahryggjum sé áminning um að endurskoða þurfi lagaumgjörð um úthlutun tollkvóta.**

Vinna er hafin við endurskoðun og drög að frumvarpi birt í samráðsgátt stjórnvalda. Þar er m.a. lagt til að ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara, sem fjallaði um meintan skort á lambahryggjum í síðasta mánuði, verði lögð niður. Ráðherra segir að markmið frumvarpsins sé m.a. að gera allt regluverk um úthlutun tollkvóta sanngjarnara og einfaldara.

Bændasamtökin (BÍ) og Landssamtök sauðfjárbænda (LS) skiluðu sameiginlegri umsögn um drög að nýju tollafrumvarpi. Þau hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að skýra úthlutun á tollkvótum til ráðstöfunar og fagna því að umgjörð og framkvæmd tollverndar skuli einfölduð og ákvarðanir í þeim málum verði framvegis gagnsæjar.

Samtökin segja afar mikilvægt að stjórnvöld móti langtímastefnu þegar kemur að tollvernd í landbúnaði. Á meðal galla sem núgildandi fyrirkomulag hefur í för með sér eru takmarkaðir möguleikar til mats á raunverulegri birgðastöðu og skortur á gagnsæi þegar tollvernd hefur verið felld niður. Þau benda á að skýra þurfi verklag og jafnframt að nauðsynlegt sé að styðjast við raungögn og nákvæmar tölur.

„Niðurfelling tolla verði að taka mið af raunverulegum skorti og tímabil innflutnings þurfi að vera skýrt skilgreint," segir í umsögninni. Bændur benda jafnframt á að núverandi tollskrá sé að stórum hluta úrelt og eftirlit í ólagi. „Sem dæmi er lægri tollur á ferskum kjúklingi heldur en frosnum, öfugt við verð viðkomandi afurða."

***Tryggja þarf að tollar skili árangri***

BÍ og LS telja að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu geti mögulega leitt til betri tollverndar en nú er, að því gefnu að þau tímabil sem miðað er við séu ásættanleg. „Eðlilegt er að tollkvótum verði úthlutað oftar á árinu eða allt að fjórum sinnum, í stað einu sinni, til þess að viðhalda jafnara flæði inn á íslenskan markað," segir í umsögninni.

FESK, Félag eggja-, svína- og kjúklingabænda, segir frumvarpið til þess fallið að opna enn frekar á innflutning umfram þá tollasamninga sem í gildi eru. Félagið segir vandséð að frumvarpið muni efla innlenda matvælaframleiðslu eins og markmið ríkisstjórnarinnar koma fram í stjórnarsáttmála.

Samband garðyrkjubænda segir nauðsynlegt að breyta frumvarpinu á þann hátt að unnt verði að taka tillit til breytinga á markaði og ræktunaraðstæðum hérlendis, t.d. með reglulegri endurskoðun á tegundum og tímabilum tollverndar. Þá væri unnt að hefja stórfellda framleiðslu á vörum sem nú eru ekki í ræktun hérlendis, s.s. sætum kartöflum, lauk eða sellerí, og myndi þá sú ræktun njóta sambærilegrar tollverndar og önnur útiræktun. */TB*

FRÉTTIR



Norðlenskur hrútur. Mynd / MÞÞ

# Slátrun hafin á Hvammstanga

**„Það gekk allt mjög vel, en ég hefði gjarnan viljað sjá meiri viðbrögð,“ segir Davíð Gestsson, framleiðslustjóri hjá Sláturhúsi Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, SKVH.**

Þar á bæ hófst sumarslátrun á föstudag í liðinni viku og var alls slátrað 427 dilkum þann daginn. Meðalþyngd var 15,1 kg sem er að sögn Davíðs ágætt á þessum tíma. Næsta slátrun hjá SKVH er í dag, 15. ágúst, og er álagsgreiðsla þá 22,5%.

*Markaðurinn kallar á ákveðnar kjötvörur*

Í næstu og þarnæstu viku eru einnig fyrirhugaðir þrír sláturdagar í hvorri viku og fara álagsgreiðslur stiglækkandi eftir því sem á líður, verður 15% í næstu viku og 10% í þarnæstu. Hefðbundin sláturtíð hefst hjá SKVH í byrjun september og er að sögn Davíðs gert ráð fyrir að um 100 þúsund fjár verði slátrað hjá félaginu í komandi sláturtíð. Það er álíka margt og var í fyrra.

Davíð segir að ákveðið hafi verið að bjóða upp á sumarslátrun nú í ágúst þar sem markaður hefði kallað á ákveðnar kjötvörur. Bændur hafi brugðist við og ætla að koma með fé til slátrunar nú síðsumars, en hann kveðst vissulega hafa viljað sjá hressilegri viðbrögð en raun ber vitni. „Við getum alveg bætt við okkur,“ segir hann. /MÞÞ

# Sveitasæla í Skagafirði

Landbúnaðarsýningin og bændahátíðin „Sveitasæla í Skagafirði“ verður haldin um næstu helgi í Reiðhöllinni Svaðastöðum á Sauðárkróki. Fjöldi atriða er á dagskrá og eitthvað fyrir alla fjölskylduna. Sýningin verður opnuð klukkan 10 laugardaginn 17. ágúst. Þar verður m.a. handverksmarkaður, vélasýning, leiktæki fyrir börnin og veitingasala. Á sunnudeginum verða opin bú í sveitinni og söfn opna dyr sínar fyrir gestum.

## Slátrun Matís dregur dilk á eftir sér:

# Sveinn Margeirsson í skýrslutöku hjá lögreglunni

## – tæpu ári eftir að hann stóð fyrir örslátrun í Birkihlíð og afurðasölu á Hofsósi

**Sveinn Margeirsson, fyrrverandi forstjóri Matís, var á dögunum kallaður á skrifstofur lögreglunnar á Blönduósi til skýrslutöku vegna máls frá því í október í fyrra. Þá stýrði hann nýrri aðferð við heimaslátrun á lambi (svokallaðri örslátrun) á bænum Birkihlíð í Skagafirði – og seldi afurðir þess síðan í kjölfarið á bændamarkaði á Hofsósi. Í nóvember fór Matvælastofnun fram á opinbera rannsókn á málinu vegna sölunnar á þessum afurðum.**

„Já, ég var í skýrslutöku hjá lögreglunni þar sem ég var spurður út í framkvæmdina á þessari tilraun fyrir tæpu ári síðan. Ég var auðvitað ábyrgur fyrir þessu en ég taldi mig bara vera að sinna hlutverki félagsins, sem er að auka verðmæti landbúnaðarafurða og bæta matvælaöryggi,“ segir Sveinn. Meint brot mun felast í því að hann hafi tekið sauðfé til slátrunar utan löggilts sláturhúss og sett kjötafurðir af því á markað án þess að þær hafi verið heilbrigðisskoðaðar í samræmi við lög.

*Fyrirkomulag heimaslátrunar víða vandamál*

Sveinn segir að flestir viti að heimaslátrun tíðkist mjög víða. „Vandamálið við þá slátrun alla alla er m.a. meðhöndlunin á lífrænum úrgangi. Á meðan heimaslátrun grasserar undir yfirborðinu er verið að skapa slík vandamál en ekki leysa. Tillögur okkar hljóðuðu á þá lund að bændur gætu komið sér upp aðstöðu til að slátra sjálfir og stunda bein viðskipti með sínar afurðir. Í þeim voru verklagsstaðlar sem gera ráð fyrir eðlilegu innra eftirliti og þeim fylgdum við í hvívetna í tilrauninni í Birkihlíð. Til dæmis voru öll sýni örverumæld og reyndust langt innan þeirra marka sem miðað er við - og þegar það lá fyrir ákvað ég að setja kjötið á markað. Þá tók við næsti hluti tilraunarinnar; að athuga hvort áhugi væri á slíkum afurðum á markaði og það kom á daginn að það reyndist svo sannarlega vera.

Ég hef farið víða á undanförnum misserum og skoðað svipað fyrirkomulag í ýmsum löndum þar sem þetta virkar vel, til dæmis í Sviss. Þar er litið á þetta sem eðlilega verðmætasköpun til sveita. Með slíku fyrirkomulagi gætu bændur líka stýrt betur sláturtíma sinna gripa og haft margvíslegt hagræði af því að auki.“

*Rangar áherslur*

„Mér finnst skjóta skökku við að eltast við svona mál í stað þess að einbeita sér að því að búa bændum betra umhverfi til þess að skapa sér verðmæti úr sínum afurðum, ekki síst vegna þess hvernig lögin hljóma sem ég er kærður fyrir brot á [lög um slátrun og sláturafurðir], þar sem segir að tilgangur laganna sé að tryggja svo sem kostur sé gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða,“ segir Sveinn.

„Þarna virðist gleymast stundum þáttur gæðanna í þessu öllu saman. Einn aðaltilgangurinn okkar í þessari tilraun var til að mynda að hámarka gæði kjötsins og meyrni þess.



Sveinn Margeirsson, fyrrverandi forstjóri Matís.

Sveinn segir að í stóra samhenginu skipti það hann ekki aðalmáli hverjar málalyktir verða í þessu, heldur hvað gerist varðandi afkomumöguleika sauðfjárbænda á næstu misserum. „Þetta snýst dálítið um pólitískan vilja til að breyta regluverkinu þannig að bændum séu gefin eðlileg tækifæri til að stunda atvinnurekstur eins og þeir vilja gera það.“ /smh

## Afurðaverð sláturleyfishafa 2019 fyrir komandi sauðfjárslátrun:

# Landsmeðaltalshækkun er nú rúm níu prósent

## – enn vantar verðskrá frá Fjallalambi

**Sex af sjö sláturleyfishöfum hafa birt verðskrár sínar fyrir komandi sauðfjársláturtíð. Einungis Fjallalamb á eftir að birta upplýsingar um afurðaverð til bænda. Samkvæmt upplýsingum af vef Landssamtaka sauðfjárbænda greiðir Sláturfélag Suðurlands áfram hæsta meðalverðið fyrir lambið, eða tæpar 455 krónur á kílóið.**

*Mesta hækkunin tæp 15 prósent*

Næsthæsta meðalverðið fyrir lambið greiða Kaupfélag Skagfirðinga og SKVH, eða tæpar 452 krónur á kílóið.

Mesta hækkunin nú í ár á meðalverði fyrir lamb, miðað við verð með uppbótum síðasta árs, er hjá Norðlenska sem hækkar verð um tæp 15 prósent á kílóið.

Sláturtíð hefst hjá Norðlenska 29. ágúst. Forslátrun hófst 9. ágúst hjá KS og SKVH og hefðbundin sláturtíð byrjar 4. september og einnig hjá Sláturfélagi Suðurlands. Slátrun hefst 3. september hjá Sláturfélagi Vopnfirðinga, hjá SAH verður byrjað að slátra 6. september og 12. september hjá Fjallalambi. /smh

### Greiðslufyrirkomulag sláturleyfishafa í sláturtíðinni

| | |
|---|---|
| Sláturfélag Suðurlands (SS) | Innlegg verður staðgreitt föstudag eftir innleggsviku. |
| Norðlenska ehf. (NL): | Greitt verður fyrir innlegg í ágúst og september hinn 9. október og október innlegg hinn 8. nóvember. |
| SAH Afurðir ehf.: | Innlegg verður greitt á föstudegi eftir sláturviku. |
| Kjötafurðastöð KS SF.: | Greitt er fyrir innlegg 1-2 vikum eftir slátrun. |
| Sláturhús KVH ehf.: | Greitt er fyrir innlegg 1-2 vikum eftir slátrun. |
| Sláturfélag Vopnfirðinga HF.: | Fyrir viku 36 er greitt 26. sept, viku 37 er greitt 3. okt og vikur 38 og 39 er greitt 9. okt. Greitt verður fyrir október 10. nóv og 25. nóv. |

### Verð 2018 með uppbótum

| Sláturleyfishafi | Lömb | Fullorðið | Samtals |
|---|---|---|---|
| SS | 430 kr. | 120 kr. | 415 kr. |
| NL | 376 kr. | 111 kr. | 364 kr. |
| SAH | 395 kr. | 115 kr. | 382 kr. |
| KS og SKVH | 419 kr. | 118 kr. | 406 kr. |
| Fjallalamb | 382 kr. | 122 kr. | 371 kr. |
| SV | 397 kr. | 117 kr. | 383 kr. |
| **Landsmeðaltal** | **401 kr.** | **116 kr.** | **388 kr.** |

### Verð 2019

| Sláturleyfishafi | Lömb | Fullorðið | Samtals |
|---|---|---|---|
| SS | 455 kr. | 122 kr. | 439 kr. |
| NL | 432 kr. | 111 kr. | 418 kr. |
| SAH | 435 kr. | 115 kr. | 420 kr. |
| KS og SKVH | 452 kr. | 139 kr. | 438 kr. |
| SV | 442 kr. | 117 kr. | 427 kr. |
| **Landsmeðaltal** | **439 kr.** | **125 kr.** | **424 kr.** |

### Breytingar frá 2018

| Sláturleyfishafi | Lömb | Fullorðið | Samtals |
|---|---|---|---|
| SS | 5,8% | 1,5% | 5,8% |
| NL | 14,9% | 0,00% | 14,6% |
| SAH | 10,2% | 0,00% | 10% |
| KS og SKVH | 7,9% | 18,5% | 8,1% |
| SV | 11,2% | 0,00% | 11,3% |
| **Landsmeðaltal** | **9,4%** | **7,3%** | **9,3%** |

Verð í krónum á kíló. Heimildir fengnar af vef Landssamtaka sauðfjárbænda (LS), saudfe.is. Útreikningarnir byggja á landsmeðaltali í vikum 34-45. Vægi einstakra vikna í verðinu byggir á sláturmagni á landinu öllu og sömuleiðis kjötmati á landinu öllu eftir einstökum vikum haustið 2018. Vægi afurðastöðva í landsmeðaltali er eftir hlutdeild þeirra í slátrun á tímabilinu í heild. Raunverð sem einstakar afurðastöðvar greiða er síðan breytilegt, enda er niðurstaða kjötmats hjá hverri fyrir sig ekki sú sama og landsmeðaltalið, né heldur sláturmagn í einstökum vikum. Af sömu ástæðum er meðalverð sem einstakir bændur fá líka breytilegt. Allir bændur eru hvattir til að reikna út afurðaverð á forsendum þeirra bús, en LS telur útreikninga gefa eins góða mynd og hægt er af meðalverði útfrá forsendum sauðfjárframleiðslunnar í heild.




## Netverslun sækir í sig veðrið:

# Selja matvörur fyrir hundruð milljóna á netinu

**Netfyrirtækið Heimkaup hefur hafið sölu á matvörum og heimsendingu á vörunum í gegnum netið og fer salan vel af stað, að sögn Guðmundar Magnasonar hjá Heimkaupum. Áætlað er að sala fyrirtækisins á matvörum fyrsta árið muni velta hátt í 400 milljónum króna.**

„Við byrjuðum að selja matvöru fyrir rétt rúmum átta mánuðum. Hlutfall íslenskrar matvöru er mjög hátt hjá okkur og spilar ferskvaran stóran þátt þar. Yfir 90 prósent af pöntunum hjá okkur eru heimsendar. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu geta fengið fría heimsendingu alla daga vikunnar frá morgni til kvölds og þurfa bara að panta 60 mínútum fyrir þann afhendingarglugga sem þeir velja. Þar að auki höfum við afhent samdægurs (að kvöldi til) á Reykjanesinu og Suðurlandi en annars staðar er afhent daginn eftir. Eins og gefur að skilja getum við ekki afhent frosna eða kælda vöru nema að hún komist til viðskiptavina á innan við nokkrum tímum og þá með kælipoka í pakkanum. En þetta hefur farið vel af stað og miðað við ganginn sem við sjáum núna í sölunni gerum við ráð fyrir að fyrsta árið í sölu á matvörum fari í hátt í 400 milljóna króna sölu,“ útskýrir Guðmundur Magnason. /ehg



Kjöt og aðrar matvörur eru á boðstólum á netinu. Ef pantað er fyrir ákveðna upphæð er frí heimsending hvert á land sem er. Íslandspóstur sér um dreifingu á landsbyggðinni. Skjáskot / Heimkaup.is


SUMARÚTSALA
Í MÚRBÚÐINNI
10-50%
AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Bása motta
1,22x1,83
12mm þykk
5.992 kr.
Áður 7.490 kr.
50% AFSLÁTTUR
Takkamotta
610x810cm
1.795 kr.
Áður 3.590 kr.
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Stungu gaffall
110cm
1.752 kr.
Áður 2.190 kr.
20% AFSLÁTTUR
Soteco Base 315 XP
iðnaðarryksuga
25.912 kr.
Áður 32.390 kr.
20% AFSLÁTTUR
Drive Bílskúrs
vatns/ryksuga
1200W 20lit
7.996 kr.
Áður 9.995 kr.
20% AFSLÁTTUR
DELTA Föðurland
bolur
3.992 kr.
Áður 4.990 kr.
20% AFSLÁTTUR
Delta föðurland
buxur XXL
2.792 kr.
Áður 3.490 kr.
20% AFSLÁTTUR
Strákústur 30cm
með 150cm skafti
716 kr.
Áður 895 kr.
25% AFSLÁTTUR
Eibenstock EBS180 H
Slípivél 2500W, hægt
að tengja ryksugu við
99.743 kr.
Áður 132.990 kr.
25% AFSLÁTTUR
Drive Smergel 150w
3.743 kr.
Áður 4.990 kr.
Steypuskófla
Skandinavia
1.912 kr.
Áður 2.390 kr.
20% AFSLÁTTUR
Soteco Base 429 XP
iðnaðarryksuga
75.920 kr.
Áður 94.900 kr.
25% AFSLÁTTUR
Delta Brava gul
öryggisgleraugu
518 kr.
Áður 690 kr.
20% AFSLÁTTUR
Strekkibönd
margar gerðir.
Verð nú frá
432 kr.
35% AFSLÁTTUR
Kústur 45cm
(polyp) fínn
m.150cm skaft
907 kr.
Áður 1.395 kr.
20% AFSLÁTTUR
Skolvaskur
vegghengdur
1mm 55x45x21cm
10.392
Áður 12.990 kr.
20% AFSLÁTTUR
Tengibox
þriggja fasa
32A-2x16A-
4x230v
22.392 kr.
Áður 27.990 kr.
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Rafmagnshitablásari
2Kw 1 fasa
5.592 kr.
Áður 6.990 kr.
Rafmagnshitablásari
3Kw 1 fasa
7.192 kr.
Áður 8.990 kr.
Tengibox þriggja fasa
32A1x16A-4x230v
15.992 kr.
Áður 19.990 kr.
Eibenstock
Kjarnaborvél
PLD 182 NT,
2300W mótor
142.425 kr.
Áður 189.900 kr.
25% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
Guoren 1L Hitastýrt
baðtæki standard
11.893 kr.
Áður 16.990 kr.
20% AFSLÁTTUR
Guoren-BO Hitastýrt
baðtæki með niðurstút
10.392 kr.
Áður 12.990 kr.
CERAVID
20% AFSLÁTTUR
CERAVID SETT
WC - kassi,
hnappur og
hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
31.112
Áður kr. 38.890
20% AFSLÁTTUR
BoZZ sturtuklefi
ferkantaður m/stöng,
blöndunartækjum og
brúsu
80x80x200 43.992
Áður kr. 54.990
90x90x200 47.992
Áður kr. 59.990
BoZZ sturtuklefi
rúnaður m/stöng,
blöndunartækjum
og brúsu
80x80x200 43.992
Áður kr. 54.990
90x90x200 47.992
Áður kr. 59.990
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
STABIL sterkar 176x90x40cm
5 hillur burðarþol 200 kg
hver hilla
7.592 kr.
Áður 9.490 kr.
25% AFSLÁTTUR
VERSATIL 192x100x40cm
5 hillur burðarþol 150kg
hver hilla
11.243 kr.
Áður 14.990 kr.
30% AFSLÁTTUR
Guoren 4F Hitastýrt
baðtæki Exclusive
13.293 kr.
Áður 18.990 kr.
Pallettutjakkur Rafmagns
1,5tonna 70Ah
209.925 kr.
Áður 279.900 kr.
25% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Pallettutjakkur 2000 Kg
Nælon hjól
31.992 kr.
Áður 39.990 kr.
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður Selhellu 6. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Fyrirvari um prentvillur.
Tilboðin gilda í öllum verslunum
Múrbúðarinnar meðan birgðir endast.
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

FRÉTTIR


Fagmaður á ferð uppi í tré. Mynd / TB

# Trjáklifur og líffræði trjáa

**Ráðstefna á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands verður haldin að Reykjum í Ölfusi 22. ágúst þar sem fjallað verður um öryggismál og eftirlit með trjáklifri, helstu sjúkdóma í trjám og líffræði þeirra. Fagmenn sýna trjáklifur.**

Á ráðstefnunni verður meðal annars rætt um þörfina á að þjálfa og mennta fólk til að vinna við trjáklifur á Íslandi. Nauðsynlegt er að hér sé til þjálfað fagfólk sem getur með öruggum hætti klifrað í trjám og unnið að snyrtingu þeirra eða fellingu.

Einnig verður fjallað um innihald nýrrar námskrár fyrir trjáfræðinga, arborista, sem LbhÍ að Reykjum stefnir á að hefja kennslu eftir árið 2020. Að ráðstefnunni og umræðum loknum munu nemendur sem tóku þátt í Erasmus-verkefninu Safe Climbing sýna nokkrar algengar aðferðir við klifur.

Ráðstefnan verður haldin fimmtudaginn 22. ágúst klukkan 13.15 til l6 hjá LbhÍ á Reykjum í Ölfusi. Hún er öllum opin endurgjaldslaust en nauðsynlegt er að skrá sig til þátttöku. /VH


Gönguferð og fræðsla í Ólafsdal.

# Ólafsdalshátíð í Gilsfirði

Ólafsdalshátíð verður haldin í tólfta sinn í Ólafsdal við Gilsfjörð laugardaginn 17. ágúst næstkomandi. Að morgni laugardags kl. 11.00 verður boðið upp á tvær gönguferðir um svæðið en hátíðardagskrá hefst kl. 13.00 þar sem Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar, flytur ávarp. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra mun einnig flytja erindi á hátíðinni. Söngkonan og lagahöfundurinn Soffía Björk Óðinsdóttir mun flytja nokkur vel valin lög og rithöfundurinn Bergsveinn Birgisson segir frá „Lifandilífslækur, upplestur og frásögn." Jóhann Alfreð Kristinsson verður með uppistand en hann er jafnframt kynnir á hátíðinni. Drengjakór íslenska lýðveldisins syngur og Húllatrúðurinn Sól frá Sirkus Ísland skemmtir börnum á öllum aldri. Hestar verða teymdir undir börnum og handverksfélagið Assa verður með veitingar. Gestir sem kunna að leggja leið sína í Dalina er bent á að netsamband er stopult í Ólafsdal og er þeim ráðlagt að hafa með sér lausafé til að versla og taka þátt í happdrætti en annars er frítt inn á hátíðina.

Nánari upplýsingar er að finna á www.olafsdalur.is.

## Um 2.000 tonn af kjúklingafjöðrum urðaðar hér á landi árlega:

# Vaxandi áhugi fyrir að nýta fjaðrir í fiskeldisfóður

**Áætlað er að yfir 2.000 tonn af kjúklingafjöðrum séu urðaðar hér á landi árlega. Nauðsynlegt þykir að koma á nýtingu á þessu hliðarhráefni með tilliti til umhverfissjónarmiða. Tilraunir með að gera próteinríkt mjöl úr kjúklingafjöðrum sem nýtt væri í fiskeldi lofa góðu.**

*Fjaðrir eru urðaðar í dag*

Alifuglaræktin á Íslandi er þónokkuð umfangsmikil. Kjúklingafjöðrum er m.a. fargað með því að nýta þær í landfyllingu, þær eru urðaðar eða brenndar, en þessar aðferðir hafa neikvæð áhrif, mikinn rekstrarkostnað og orkunotkun sem hefur óæskileg áhrif á náttúruauðlindir, auk þeirra umhverfisþátta sem almenningur verður sífellt meðvitaðri um. Aðferðir hafa verið þróaðar til að meðhöndla fjaðrir í því skyni að vernda umhverfi og nýta kosti þeirra, en þær hafa mikið prótein- og amínósýruinnihald.

*Raunhæfur möguleiki*

Samstarfsverkefni sem Matís og Reykjagarður stóðu að og miðaði að aukinni verðmætasköpun með því að nýta kjúklingafjaðrir í próteinríkt mjöl, sem hægt væri að nýta í fiskeldisfóður, er nú lokið. Fyrir liggur skýrsla sem ber heitið Próteinríkt mjöl úr kjúklingafjöðrum í fiskeldisfóður. Fram kemur í þeirri skýrslu að í Norður- og Suður-Ameríku hafi fjaðurmjöl verið notað í laxeldi árum saman og hafi notkun farið vaxandi hin síðari ár. Vaxandi áhugi er fyrir notkun þess í Evrópu, en fleiri rannsóknir og einnig framleiðsla á tækjabúnaði til að framleiða mjölið ýta undir þann áhuga. Þykir nú raunhæfur möguleiki á að það sé hagkvæmt að framleiða mjöl úr kjúklingafjöðrum til nota í fiskeldi. Bent er á að nýlega hafi fyrirtæki sem sérhæfa sig í tæknilausnum fyrir matvælaframleiðendur í Evrópu séð hag sinn í að bjóða viðskiptavinum upp á lausnir til framleiðslu á fjaðurmjöli.


Mikið magn af fulgafjöðrum fellur til í alifulgarækt á Íslandi.

Fjaðurmjöl hefur um 80% próteininnihald og amínósýrusamsetningin er lík amínósýrusamsetningu fiskimjöls en þó þarf að bæta mjölið lítillega með tilliti til ákveðinna amínósýra.

*Hægt að nota sem fóður fyrir fleiri dýr*

Fjaðurmjöl er hægt að nota í fóður fyrir svín, loðdýr, gæludýr og fiska. Rannsóknir benda til að hægt sé að skipta allt að 30% af fiskimjöli út fyrir fjaðurmjöl þegar kemur að fiskeldi án þess að það hafi neikvæð áhrif á vöxt eldisfisks.

*Vannýtt hliðarafurð sem getur skapað verðmæti*

Bent er á í skýrslunni að ekki þurfi að greiða fyrir innflutning á hráefni, það sé ódýrt og ekki þurfi að veiða eða rækta frumhráefnið, heldur er þar um að ræða vannýtta hliðarafurð í vinnslu á kjúklingi. Uppgangur sé í fiskeldi hér á landi og iðnaðurinn hafi þörf fyrir próteinríkt fóður, auk þess sem nýting á kjúklingafjöðrum í eldisfóður hafi jákvæð umhverfisleg áhrif þar sem hráefnið hefur fram til þessa verið urðað með tilheyrandi sótsporum og kostnaði. /MÞÞ

# Útlit fyrir góða kartöfluuppskeru sunnanlands

**„Útlitið er gott, það er ekki hægt að orða það neitt öðruvísi," segir Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi í Skarði í Þykkvabæ. Í þeim landshluta gera menn ráð fyrir að uppskera verði vel í meðallagi en annað er upp á teningnum á norðanverðu landinu. Þar hefur verið kalt og blautt bróðurpartinn af ágústmánuði en öll nótt þó ekki úti enn að ná meðallaginu ef vel viðrar síðari hlutann í mánuðinum.**

*Sumarið einstaklega gott syðra*

Sigurbjartur segir að kartöflur hafi um skeið verið teknar upp og þær sendar beint í verslanir. Gera megi ráð fyrir að hefðbundin upptökustörf, þar sem varan fer í geymslu til vetrarins, hefjist með fyrra fallinu þetta árið. Vanalega byrji menn þau störf í byrjun september en góð tíð gerir að verkum að hægt verði að hefjast handa fyrr.

„Sumarið hefur verið einstaklega gott á Suðurlandi, það kólnaði hér fyrr í vikunni og lét nærri að kæmi frostnótt en það slapp til. Almennt hefur sumarið verið mjög gott og uppskeran verður ljómandi góð, yfir meðallagi og það sem best er mér sýnist að kartöflurnar verði mjög góðar. Öll skilyrði voru til þess í sumar að kartöflur yrðu heilbrigðar og góðar, hlýtt í veðri og þurrt, en samt nægur raki líka, sem sagt allt eins og best verður á kosið. Það er ekki hægt að biðja um meira," segir Sigurbjartur.


Sigurbjartur Pálsson.

*Stöðva vöxt með því að slá grösin*

Kartöflubændur í Þykkvabæ eru byrjaðir að slá ofan af grösum til að stöðva vöxt og segir Sigurbjartur að það sé gert þegar veður sé gott líkt og raunin hefur verið. „Þetta er ekki alltaf hægt, en við nýtum okkur það þegar færið gefst," segir hann. Ekki er mikill markaður fyrir stórar kartöflur, en það sem skiptir líka máli er að varan verði betri, hýðið á kartöflunum verður sterkara og betra og þær fá fallegra útlit með því að liggja einhverja stund í jörð.

*Harla fáir framleiðendur eftir*

Sigurbjartur segir að framleiðendur séu harla fáir og sú staða að offramboð sé á kartöflum skapist seint. Hann bætir við að sá fjöldi ferðamanna sem heimsótt hefur landið hin síðari ár hafi stækkað markaðinn töluvert.

*Ágæt uppskera þar sem garðar eru í skjóli*

Helgi Örlygsson hjá Kartöflusölunni Þórustöðum í Eyjafirði sagði í byrjun vikunnar að garðinum hjá sér mætti líkja við sundlaug, svo mikil rigning var á þeim slóðum á mánudag. Þórustaðabændur hafa tekið töluvert upp og fer það beint í sölu í búðum á svæðinu. „Uppskeran er ágæt þar sem garðar eru í skjóli, en minni annars staðar. Veðrið í ágúst skiptir miklu máli þegar kemur að kartöfluuppskeru og fyrri helminginn var ekkert sérstakur hér á norðanverðu landinu. Þá er bara að halda í vonina um að seinni hlutinn verði betri og útkoman verði þokkaleg þegar upp er staðið. Við vonum auðvitað að við náum meðallagi, en um það veit maður ekki neitt á þessari stundu," segir Helgi. /MÞÞ


Helgi Örlygsson.

## Æðarbændur missáttir við tíðina og útkomu ársins:

# Sveiflur í æðardúnstekju yfir landið

**Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var rætt við nokkra æðarbændur á Vesturlandi og Vestfjörðunum sem voru sammála um að draumaár hefði verið hjá þeim á sínu svæði. Sömu sögu er ekki hægt að segja af æðarbændum annars staðar á landinu en á Norðurlandi og Norðausturlandi eru æðarbændur ekki jafn ánægðir með útkomu ársins og getur verið nokkrum þáttum um að kenna.**

„Þetta var mjög skrýtið vor hérna en fínt, fuglinn kom seint og það var minna af honum en venjulega. Sennilega var það vegna ætisskorts, það var loðna í firðinum en hún var sennilega of djúpt svo fuglinn náði henni ekki. Ég myndi áætla að það hafi verið um 70 prósent af þeim fjölda sem er í venjulegu ári en um 40 prósent minna af dún. Við sluppum við rigningu og dúninn er þokkalegur. Fuglinn var farinn að græja hreiðrin í kringum 20. maí en það fór lítið fyrir þeim og þær svona smá komu inn. Þetta er frekar lélegt ár en ekkert í líkingu við 2006 þegar kom slæmt maíhret svo þær dræpust á hreiðrum og stór hluti varpsins fór í eyði og kom ekki aftur," segir Kristinn Ásmundsson á Höfða í Grýtubakkahreppi, formaður Félags æðarbænda í Eyjafirði og Skjálfanda.


Egg og dúnn í æðarhreiðri. Mynd / TB

*Um 900 fuglar drepist*

„Þetta gekk ekki vel í vor og það drapst mikið af fugli bæði núna og í fyrra. Við vitum ekki af hverju þetta stafar en okkur var sagt af dýralækni að sennilega væri þetta fuglakólera. Hér voru tekin sýni úr vatni og drullukeldu en við eigum eftir að fá niðurstöður úr því. Í ár og síðasta hafa sennilega drepist hátt í 900 fuglar hjá okkur sem er mjög mikið. Það er ekki veðurfari um að kenna og þó að það hafi verið lítil loðna á Norðurlandi var varpið óvenju langt eða sem sagt yfir óvenju langan tíma. Það er allt í lagi með dúninn, það á eftir að hreinsa hann en hann lítur vel út," útskýrir Guðlaug Jóhannsdóttir, bóndi á Hrauni á Skaga.

*Kuldakafli fyrir norðan*

Margrét Rögnvaldsdóttir er í forsvari fyrir stórfjölskyldu sína sem sinnir æðarvarpi á ættaróðali fjölskyldunnar á Harðbak á Melrakkasléttu. Þar að auki er Margrét í stjórn Æðarræktarfélags Íslands.

„Það var mjög gott veður í lok apríl en síðan kom kuldakafli. Það var eitthvað byrjað í byrjun maí en síðan kom stopp eða réttara sagt þær hættu að skríða upp. Þetta er um 60–70 prósent af því sem við sjáum í venjulegu ári. Þetta hef ég líka heyrt hjá fleiri bændum á Norðausturlandi, eða frá Tjörnesi að Vopnafirði en einnig eru bændur sem sjá svipað varp og venjulega hjá sér í ár. Það hefur verið talað um veðrið og ætið en þær voru greinilega seinni í varpið því þær voru ekki nógu feitar. Við fengum mink í varpið hjá okkur og er það auðvitað einn þáttur sem hefur áhrif. Síðasta sumar var ofsalega gott á þessu svæði og var meira þá en í meðalári svo þetta getur alltaf sveiflast." /ehg

# TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á



**OUTLANDER**
650 FB 6X6
VERÐ ÁN VSK
**2.250.000**.KR
VERÐ MEÐ VSK
**2.790.000**.KR



**OUTLANDER**
450L 6X6
VERÐ ÁN VSK
**1.605.000**.KR
VERÐ MEÐ VSK
**1.990.000**.KR



**OUTLANDER**
XT-P 1000
VERÐ ÁN VSK
**2.570.000**.KR
VERÐ MEÐ VSK
**3.190.000**.KR



**TRAXTER**
HD5 4X4
VERÐ ÁN VSK
**1.930.000**.KR
VERÐ MEÐ VSK
**2.390.000**.KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ELLINGSEN.IS

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**BRP@ELLINGSEN.IS**

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is og Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is **Sími:** 563 0332 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN



Kvenhetjan í Héraðinu, Inga, sannar að hreyfiafl breytinga er ekki að finna hjá trénuðum körlum sem lifa í fortíðinni.

## Ég vil lifa lífinu

**Kvikmyndin Héraðið var frumsýnd í vikunni. Sögusvið hennar er íslenska sveitin en þráðurinn hverfist um lífsbaráttu skuldsettra kúabænda og uppreisn gegn kaupfélaginu í héraðinu. Grímur Hákonarson er leikstjóri og handritshöfundur en hann gerði sömuleiðis myndina Hrúta sem fjallaði um raunir tveggja bræðra sem bjuggu í sveit með töluðust ekki við. Það er óhætt að segja að Héraðið gefi Hrútum ekkert eftir. Myndin er áhrifarík og vekur ýmsar spurningar um líf og störf bænda og ekki síst um ítök og völd „stórfyrirtækja" í samfélaginu.**

Aðalsöguhetjurnar eru fyrir löngu búnar að keyra sig út af mikilli vinnu. Það þarf að streða til þess að borga skuldirnar sem eru himinháar og enginn afsláttur gefinn. Það er unnið frá morgni til kvölds allt árið um kring. Eiginkonan ræðir það við bónda sinn við morgunverðarborðið að það séu þrjú ár síðan þau fóru síðast í frí. Vel til fundið að heyra gamlan Stjórnarslagara þar sem sungið er um að lifa í voninni, geispa ekki golunni og þrá að eiga sælan sunnudag. Og slappa af. Hver elskar ekki stuð og helgarfrí, jafnvel svolítið sukk og svínarí?

Fulltrúi Bændablaðsins í salnum hugsaði óneitanlega um stöðu afleysingaþjónustu til sveita (kaupfélagið í myndinni má raunar eiga það að sinna henni þegar á þurfti að halda). Það er staðreynd að álag á bændastéttinni er víða gríðarlegt og of lítið um að fólk taki sér gott frí. Hlaði batteríin. Vinnustundirnar eru margfalt fleiri en hjá meðalmanninum sem starfar á sínum kontór í þéttbýlinu. Þetta veit fólk vel en einhver þagnarhjúpur og vanafesta viðheldur óbreyttu ástandi. Tölum ekki um tímalaunin sem eru oft og tíðum harla rýr.

Enginn getur til lengri tíma slitið sér út í vinnu. Það endar bara á því að menn rekast á vegg. Þessi umræða er sem betur fer mikil um þessar mundir. Fólki er bent á að „lifa í núinu" og „brenna ekki út". Lífið er stutt og á efsta degi er of seint að gera eitthvað í sínum málum.

Fyrir utan alvörugefinn undirtón í Héraðinu er húmorinn sannarlega ekki langt undan. Fræðslugildið er líka ómetanlegt fyrir ímynd landbúnaðarins! Almennri vélavinnu er gerð góð skil og galdrarnir í fjósinu þegar mjaltaþjónninn setur spenahylkin á sinn stað eru ósviknir. Áhorfendur í salnum héldu niðri í sér andanum á meðan aðalsöguhetjan tók á móti kálfi með glæsibrag. Kennslustund í áburðarviðskiptum og það hvernig frumframleiðslan byggir á miklum aðfangakaupum kemst rækilega til skila.

Héraðið er einfaldlega kvikmynd sem allir verða að sjá, hvort sem þeir búa í sveit eða borg. Hún er aldeilis ekki endurgerð á Óðali feðranna árið 2019 eins og Grímur leikstjóri orðaði það í frumsýningarræðunni. Vel leikin og um margt raunsönn mynd af veruleika margra bænda – þó auðvitað lúti hún lögmálum skáldskaparins og tilbúnu sögusviðinu í Erpsfirði. Myndin er áminning fyrir okkur öll að lifa lífinu og upplifa slatta af hamingju.

Til lukku með vel unnið verk, allir aðstandendur Héraðsins. /TB

# Saman getum við bætt heiminn




**Guðrún S. Tryggvadóttir**
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is


Norræn bændasamtök vinna þétt saman og deila með sér þekkingu og reynslu. Þau halda úti samráðsvettvangi sem heitir NBC, Nordiska Bondeorganisationerns Centralråd, Samtök norrænna bænda. Samtökin voru stofnuð árið 1934 og byggja því á gömlum merg. Í næstu viku funda fulltrúar Norðurlandanna í NBC hér á Íslandi. Fundir sem þessir eru haldnir á tveggja ára fresti og þar er farið yfir þau mál sem hæst standa í landbúnaði hverju sinni, málefni sem varða framtíð landbúnaðar.

Norðurlöndin eiga margt sameiginlegt þegar kemur að landbúnaði og norrænir bændur geta lært mikið af hver öðrum. Áskoranir í loftslagsmálum og heilbrigðismálum eru stærstu málin sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir og þar leikur landbúnaðurinn stórt hlutverk. Samtökin vilja leita lausna og leiða til að leggja sitt af mörkum til að stefna landbúnaði í sjálfbærari og umhverfisvænni átt.

### *Fólksfjölgun kallar á meiri matvælaframleiðslu*

Gríðarleg fólksfjölgun hefur orðið í heiminum síðustu rúma hálfa öldina og henni hefur fylgt aukin neysla matvæla. Undir framleiðsluna er notað æ meira land. En það er ekki nóg með að fólk þurfi meira að borða því á sama tíma hefur nýting matvæla breyst. Miklu er hent, sóað eða spillt. Talið er að þannig sé farið um fjórðung allra matvæla. Krafan um að allt sé til alltaf til staðar og nóg til einkennir neyslubjóðfélög nútímans. Árstíðabundin vara eru að verða orð sem við flettum upp í orðabókum og höfum ekkert hlutlægt að tengja við. Að heyra eldra fólk tala um ilminn af jólaeplunum er upplifun sem er fjarri reynsluheimi nútímamannsins.



Kornþresking. Mynd / Odd Stefán

### *Bændur og stjórnvöld eiga samleið í umhverfis- og loftslagsmálum*

Bændur eru lykilaðilar í samstarfi við stjórnvöld í aðgerðum vegna loftslagsmála, svo sem við skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Talsverður hluti lands er í eigu eða umsjón bænda og þar eru einnig tækjabúnaður, þekking og reynsla við framkvæmdirnar. Það er því afar mikilvægt að bændur og stjórnvöld nái góðu og öflugu samstarfi í þessum mótvægisaðgerðum.

Bændum á Norðurlöndunum er umhugað um að viðhalda heilbrigðum búfjárstofnum. Nýting sýklalyfja í landbúnaði á Norðurlöndunum er með því lægsta sem gerist. Heilbrigði búfjár verður til umræðu á fundinum í næstu viku en mikill metnaður er lagður í það á öllum Norðurlöndunum að tryggja góða búfjárheilsu. Hún er grunnurinn að því að framleiða góð og heilnæm matvæli. Hvernig löðum við ungt fólk að landbúnaði? Einnig verður fjallað um það hvernig við gerum landbúnaðinn meira aðlaðandi fyrir ungt fólk. Áskoranir sem fylgja nýliðun í búskap eru vel þekktar víðar en hér. Það er ekki einfalt mál að taka við búi og mörg önnur tækifæri sem ungu fólki bjóðast. Landbúnaðurinn er í harðri samkeppni um vinnuafl við aðrar atvinnugreinar.

Við ræðum einnig um áskoranir eins og hvernig við komum sem réttustum upplýsingum til neytanda. Í auglýsingaherferðum nútímans og óvæginni umræðu, þar sem öfgarnar eru hrópaðar hvað hæst, er oft erfitt að koma hófstilltum skilaboðum á framfæri. Við þurfum alltaf að minna á gildi uppruna matarins, sýklalyfjanotkun, dýravelferð, lýðheilsu og annað það sem við teljum skipta máli.

### *Ný loftslagsskýrsla SÞ*

Í nýútkominni loftslagsskýrslu sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna er fjallað um nauðsyn þess að bæta landnotkun og draga úr kjötneyslu. Þarna eru tillögur og atriði sem landbúnaðurinn þarf að aðlagast og taka tillit til, og það hratt. Bændur framleiða miklu meira og fjölbreyttara fæði en rautt kjöt og í því geta legið ótal tækifæri. Við eigum að leita lausna og leiða til að verða eins sjálfbær og við getum í framleiðslu matvæla með því að setja okkur markmið. En við verðum að hugsa þetta og framkvæma á heildstæðan hátt. Það er ekki nóg að fara fram á það að landbúnaðurinn minnki landnotkun og rop jórturdýra. Við mannfólkið verðum öll að leggjast á eitt. Við getum t.d minnkað kolefnisfótspor með því að matvæli séu flutt sem skemmsta leið frá framleiðslustað til neyslustaðar. Við getum einnig minnkað kolefnisfótspor með því að sóa sem allra minnstu af matvælum. En er eitthvað fleira sem við getum gert?

Loftslagsbreytingarnar eru til komnar vegna athafna okkar mannskepnunnar en sé vilji fyrir hendi er hægt að snúa þeirri þróun við. Það má bara ekki bíða! Við þurfum að finna leiðina út úr neysluynstrinu sem við höfum tamið okkur og leitast við að taka skref í rétta átt. Með samstilltu átaki getum við svo óskóp vel hafist handa við að gera hlutina betur með langtímahugsun og breytingu á lífsháttum. Tími eigingirni og græðgi er liðinn.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Hljóðaklettar nyrst í Vatnajökulsþjóðgarði eru sérkennileg þyrping stuðlabergskletta í mynni Vesturdals niðri við Jökulsá á Fjöllum. Stuðlarnir hafa alls konar legu og minna margir á furðuverur og er ekki skrítið að þetta sé uppspretta margra sagna af tröllum og huldufólki. Hér getur að líta svonefnda Kirkju, en meðal annarra skemmtilegra klettamyndana á svæðinu eru Karl og Kerling.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF&STARF

## Hælið – setur um sögu berklanna opnað formlega á Kristnesi í Eyjafirði:

# Tímabært að segja söguna sem þöggun hefur ríkt um í áraraðir

**„Þessi saga tengist þúsundum fjölskyldna hér á landi og hefur ekki áður verið sögð. Hér var mikill fjöldi fólks og þeir voru margir sem töpuðu stríðinu," sagði Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, sem flutti ávarp við formlega opnun Hælisins, seturs um sögu berklanna, sem staðsett er á Kristnesi í Eyjafirði í liðinni viku.**

Ólafur Ragnar gat þess í ræðu sinni að hann hefði verið í fleiri viðtölum en tölu væri á komið, en aldrei nokkurn tíma rætt um fjölskyldusögu sína, þ.e. að móðir hans greindist með berkla og dvaldi á Kristnesspítala og einnig Vífilsstöðum. Þögnin ein hefði ríkt um berklana.

Ólafur Ragnar var þriggja ára gamall þegar móðir hans var flutt á Vífilsstaði og fór hann þá í fóstur til afa síns og ömmu á Þingeyri en fjölskyldan bjó á Ísafirði. Lýsti hann því að faðir hans hefði ekki komist að heimsækja konu sína þegar hún var send norður til Akureyrar í höggningu því engar samgöngur voru í boði. Eftir höggninguna dvaldist hún um tíma á Kristneshæli til að jafna sig eftir aðgerðina. Móðir hans stóð í sínum veikindum um 7 ára skeið og sá Ólafur Ragnar hana fjórum, fimm sinnum á þeim tíma. Hafði hann eftir konu sem með henni var á Vífilsstöðum að hún hefði oft talað um drenginn sinn þegar þær tóku tal saman á kvöldin. Nefndi Ólafur Ragnar að erfitt væri að gera sér í hugarlund líðan þess fólks sem fékk berkla, það glímdi við líkamleg veikindi, hafði lítil samskipti við ástvini sína og horfði upp á samsjúklinga falla einn af öðrum. Og alltumlykjandi óvissan um hver yrði næstur. Andleg líðan hefði því eflaust ekki verið upp á marga fiska frekar en sú líkamlega.

Ólafur Ragnar þakkaði Maríu Pálsdóttur, sem stóð fyrir því að setrið er nú orðið að veruleika, fyrir kraftinn og það áræði sem hún sýndi með frumkvæði sínu.

### *Mögnuð viðbrögð*

„Ég var virkilega ánægð með daginn, það kom mikill fjöldi fólks til okkar sem sýnir að áhuginn fyrir þessu er greinilega fyrir hendi. Þetta var alveg yndislegt allt saman og meira að segja sólin braust aðeins fram úr skýjunum, þannig að ég er alsæl með þetta allt saman," segir María Pálsdóttir hjá Hælinu. „Það er greinilegt að sýningin hefur mikið aðdráttarafl, berklar tengjast svo mörgum og fólk kemur hér í eins konar pílagrímsför. Ég er virkilega ánægð með viðbrögðin, þau hafa verið hreint úr sagt mögnuð."

### *5.900 manns létust úr berklum*

Berklar, stundum nefndir hvíti dauðinn, er smitandi bakteríusjúkdómur sem geisaði hér á landi snemma á liðinni öld. Dánarorskaskráning hófst hér á landi árið 1911 og fram til ársins 1970 létust um það bil 5.900 manns af völdum sjúkdómsins á Íslandi. Lyf voru engin til við sjúkdómnum fyrr en um miðja öld og voru einu úrræðin í boði að einangra þá sem smituðust á hælum, veita þeim gott húsaskjól, hollan mat, hvíld og hæfilega hreyfingu. Meðferðarúrræði voru aðgerðir eins og loftbrjóst og höggning sem á stundum virkuðu með góðum árangri.

Þó ekki séu liðin nema ríflega 40 ár frá því berkladeildin á Kristnesi var lögð niður hefur saga berklanna nánast týnst og margir hafa vart heyrt á þá minnst, jafnvel þótt ættingjar þeirra hafi veikst. Það fylgdi því að hluta til nokkur útskúfun að fá berkla, erfitt gat reynst fyrir fyrrverandi sjúklinga að fá vinnu eða leigt húsnæði, óttinn við smit var allsráðandi í samfélaginu.

### *Unnið að leikverki um berklana*

„Mér þótti tímabært að segja þessa sögu og heiðra þannig minningu þeirra fjölmörgu sem létust úr sjúkdómnum. Ég hef fengið ákaflega blíðar og fallegar móttökur," segir María sem er vissulega ánægð með þau tímamót að setrið hefur nú formlega verið opnað. Hún segir að nú þegar setrið hafi tekið til starfa taki margvísleg verkefni við. „Þetta er bara rétt að byrja núna og heilmikið fram undan." Gera megi ráð fyrir vexti á komandi árum og að setrið vaxi og eflist, til greina komi að sækja fram á alþjóðlegum vettvangi, en Hælið er eina safn sinnar tegundar sem um er vitað. Það sé því möguleiki að koma því á kortið á heimsvísu þegar kemur að rannsóknum sem tengjast sjúkdómnum, ráðstefnum og öðru slíku.

Þá nefnir María að hún hafi hlotið styrk úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra fyrir handritaskrif að leiksýningu um berkla sem verði sérstaklega skrifuð inn í sýningarrýmið. Villi vandræðaskáld situr við það þessa dagana að skrifa verkið. Vonandi verður hægt að setja verkið upp á næsta ári, það væri draumur.

/MÞÞ



**Þó ekki séu liðin nema ríflega 40 ár frá því berkladeildin á Kristnesi var lögð niður er saga sjúkdómsins mörgum fjarlæg. Það fylgdi því að hluta til nokkur útskúfun að fá berkla.** Myndir / MÞÞ



**Ólafur Ragnar Grímsson ávarpaði gesti í Kristnesi. Hann var þriggja ára gamall þegar móðir hans var flutt á Vífilsstaði vegna berklaveiki.**



**Hælisbíllinn mætti skínandi fínn úr Samgönguminjasafninu í Ysta-Felli.**



**Margir voru viðstaddir þegar Hælið var opnað á Kristnesi í liðinni viku.**



**Ekki eru nema ríflega 40 ár frá því berkladeildin á Krisnesi var lögð niður. Á setrinu eru ýmsir munir úr starfseminni, meðal annars þessi vigt og hæðarmælingarbúnaður í sama tækinu.**



**María Pálsdóttir á veg og vanda af opnun seturs um berklahælið á Kristnesi.**



**Rétt eins og nýr sjúklingur sé mættur inn á herbergið sitt.**

## MÆLT AF MUNNI FRAM 231

Undanfarið hef ég mylgrað inn í þáttinn vísum eftir **Björn S. Blöndal**. Líkt og áður var frá greint, koma þessar vísur úr handskrifuðu hefti sem **Þór Sigurðsson** frá Sellandi léði mér til brúks. Bókin sú mun því ekki verða hérvistuð öllu lengur og því verður þangað sóttur kveðskapur þessa þáttar. Í hluta heftisins eru nokkrar mergjaðar skammarvísur um nafngreinda samferðamenn Björns, en vonandi eru öll sár að mestu gróin ef einhver hafa verið. **Ásgrímur Agnarsson** fékk þennan vitnisburð:

*Ásgrímur sem eldinn jók,*
*æfði ei sannleiks málið,*
*hérna vana-tökum tók*
*en Tyrfingi' kenndi bálið.*

*Í að stela eldspýtum*
*er hann slyngur talinn.*
*Ásgrímur á endanum*
*allan brennir dalinn.*

*Næst þegar hann stelur stokk,*
*stefnir voða í bæinn,*
*sinn hann brennir skitinn skrokk;*
*-skórnir brunnu um daginn.*

Engar ástarvísur hefur Björn birt **Sveini Hannessyni** á Sneis í Laxárdal:

*Gæfan hans er Guði frá,*
*gefin engum hálfum,*
*en innrætið var eldað hjá*
*andskotanum sjálfum.*

Þegar Sveinn hlaut svo skáldastyrkinn orti Björn:

*Völu fleygði valdasveit,*
*verðleikann þið reynið.*
*Hundurinn sem í hælinn beit*
*hreppti náðarbeinið.*

Hér vísar Björn til ákveðins atburðar:

*Gramdist Sveini glugga brotið,*
*gekk það nærri taugum hans.*
*Enghlíðingar keyptu kotið*
*en karlinn fór til andskotans.*

*Heiman eltir hræðslan Svein,*
*hljóp sem skelfdur krakki.*
*Út við geltir ægis hlein*
*afdals keltu rakki.*

Og **Skúli Benjamínsson** fær skammtinn sinn:

*Hér býr fúli fláráður,*
*fjárdrags púli gagntamur,*
*með þaninn túlann þrællyndur*
*þjófurinn Skúli dársmiður.*

*Flestum verður mjög til meins*
*mannsins þaninn túli.*
*Þeir eru sagðir alveg eins*
*andskotinn og Skúli.*

Um **Konráð á Haukagili** orti Björn:

*Sparnaði' veitir vænsta lið,*
*vinnu skeytir glaður,*
*kindur þreytir kröfsin við*
*Konráð beitarmaður.*

*Slyngur beitir Konráð kind,*
*kalda og heita daga,*
*horsins eitur hryggðar mynd*
*hann er að reita og naga.*

Það er við hæfi að enda á hestavísu eftir vel heppnað heimsmeistaramót íslenska hestsins í Þýskalandi. Hún er eftir **Björn Blöndal** og er úr formálunum Dægradvöl úr hefti Péturínu í Grímstungu.

*Á nú hjartað unaðshreim,*
*ekki er margt um tárin,*
*gaf mér bjartan betri heim*
*blessaður svarti klárinn.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*

FRÉTTIR

# Jim Ratcliffe hvetur bændur til að halda búsetu á jörðunum

**Jim Ratcliffe, stjórnarformaður efnaframleiðslufyrirtækisins INEOS, keypti á dögunum jörðina Brúarland 2 í Þistilfirði en fyrir á hann jarðir í Þistilfirði, Vopnafirði og víðar. Í tilkynningu frá honum kemur fram að kaupin séu hluti af yfirstandandi aðgerðum til verndar íslenska laxastofninum.**

Hvetur Ratcliffe bændur til að halda búsetu á jörðunum sem hann hefur keypt, til að viðhalda hefðbundnum landbúnaði og jarðgæðum nærri ánum og styðja með beinum hætti við nærsamfélagið.

*Vill hlúa að laxastofninum*

„Náttúruvernd hefur alltaf verið og verður áfram eini tilgangur aðkomu minnar á Norðausturlandi Íslands. Ég vil leggjast á árar við að viðhalda laxastofnunum þar og vinna náið með bændum og byggðarlögum. Von mín er að úr starfinu verði til sjálfbær starfsemi í sátt við náttúruna, sem einnig komi lífríki svæðisins og samfélaginu öllu til góða,“ er haft eftir Jim Ratcliffe í tilkynningunni.



Jim Ratcliffe. Mynd / Einar Falur

Ratcliffe ætlar að styrkja rannsóknaráætlun til verndar íslenska laxastofninum á Norðausturlandi. Samkomulag við Hafrannsóknastofnun þess efnis var undirritað á þriðjudaginn. Rannsóknin verður í höndum tveggja doktorsnema og er áætlað að kostnaður nemi 80 milljónum króna á nokkurra ára tímabili. Rannsóknirnar felast m.a. í genakortlagningum og hátæknimerkingum á laxi.

Samhliða verður ráðist í uppbyggingu á jörðum Ratcliffe við laxveiðiár í Þistilfirði og Vopnafirði, uppbyggingu á laxastigum, veiðihúsum auk vegalagningar þar sem heildarkostnaður mun vera áætlaður um 600 milljónir. */smh*

# Uppselt í bændaferð til Kína

**Snorri Sigurðsson, yfirmaður mjólkurtækni hjá Arla Foods í Kína, stendur fyrir þrítugustu og fyrstu utanlandsferð sinni með íslenska bændur í haust. Nú skal haldið til Kína en þegar er uppselt í ferðina.**

Á síðustu áratugum hefur Snorri leiðsagt hátt á annað þúsund ferðamönnum og segir hann alltaf jafn skemmtilegt að ferðast með Íslendinga. Frægastar eru e.t.v. Agromek-ferðir Snorra á landbúnaðarsýninguna í Danmörku.

„Í 95% tilfella eru þetta bændur sem koma með mér í ferðirnar. Ferðirnar eru fyrst og fremst skipulagðar fyrir bændur og markmiðið yfirleitt að heimsækja bændur og kynnast landbúnaði í



Kína er mikið matvælaland.

öðrum löndum. Svo reynum við eftir föngum að nýta ferðirnar til að ná að upplifa ýmislegt annað, kynnast menningunni og sjá og skoða merkilega staði. Það er mikil fagmennska í landbúnaði í Kína og ég held að matur og náttúra muni koma fólki á óvart í haust,“ segir Snorri. */ehg*

# Landskeppni Smalahundafélags Íslands verður haldin í Þistilfirði

**Landskeppni Smalahundafélags Íslands 2019 verður haldin helgina 24. og 25. ágúst á Hallgilsstöðum í Þistilfirði. Keppnin er haldin í samstarfi við Austurlandsdeild Smalahundafélagsins. Eins og áður verður keppt í A-flokki, B-flokki og unghundaflokki.**

A-flokkur er opinn öllum hundum sem skráðir eru í Snata, skráningakerfi Smalahundafélagsins. Sama gildir með hunda sem keppa í unghundaflokki en þar keppa einungis hundar sem eru yngri en þriggja ára miðað við fæðingardag. B-flokkur er opinn öllum þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref á keppnisvellinum og gildir þar einu um hvort er að ræða hund eða smala. Nánar má lesa um keppnisreglur á heimasíðu Smalahundafélags Íslands, smalahundur.123.is.

*Enskur dómari og hæfnispróf fyrir keppni*

Dómari á landskeppninni í ár verður Edward Thornally frá Englandi. Edward er með búskap á Englandi ásamt því að sjá um bú fyrir aðra. Hann á langa sögu innan smalahundageirans og virkilegur fengur fyrir greinina að fá hann til landsins.

Þeir smalar sem hafa áhuga á að láta hunda sína fara í hæfnispróf vegna skráningar í ættbók International sheep dog society (ISDS) hafa kost á því fyrir



Edward Thornally dómari.

keppnina, eða á föstudeginum 23. ágúst. Nánari upplýsingar veitir formaður Smalahundafélags Íslands, Aðalsteinn Aðalsteinsson í síma 868-6576.

*Fyrirlestur og aðalfundur*

Stefnt erð að því að bjóða upp á dómarafyrirlestur á föstudeginum fyrir keppnina þar sem Edward Thornally mun fara yfir helstu atriði er varðar dómgæslu í smalahundakeppnum. Aðalfundur Smalahundafélagsins mun fara fram sama kvöld.

Skráning í keppnina er í höndum Elísabetar Gunnarsdóttur í síma 863-1679 eða í netfangið lisulius@gmail.com.



Gummi á Sandi á Eyrarbakka. Áhugaljósmyndarinn Vigdís Sigurðardóttir fylgdi Guðmundi Sæmundssyni eftir á heilu ræktunarári frá sáningu að vori fram að uppskeru og söluferlinu að hausti og vetri. Myndirnar og glefsur úr viðtölum við Gumma, auk gripa sem tengjast rófurækt eru nú til sýnis í borðstofu Hússins á Eyrarbakka.
Mynd / Vigdís Sigurðardóttir

### Guðmundur Sæmundsson á Sandi á Eyrarbakka var rófubóndi í 53 ár:

# Það var allt skemmtilegt við rófnaræktina

## – áhugaljósmyndari fylgdi Gumma rófubónda eftir í eitt ár

**„Ég var nú hálf hikandi fyrst og vildi helst ekki láta mynda mig en svo sé ég ekki eftir því, þetta var mjög gaman og kemur vel út á sýningunni í Húsinu, ég er alveg hissa hvað margir eru búnir að skoða myndirnar af gamla karlinum,“ segir Gummi á Sandi eins og hann er alltaf kallaður og skellihlær, aðspurður um viðtökurnar við ljósmyndasýningunni „Rófubóndinn“ í Húsinu á Eyrarbakka.**

Vigdís Sigurðardóttir áhugaljósmyndari fylgdi Gumma eftir í eitt ár. Guðmundur Sæmundsson, eins og hann heitir fullu nafni, er fæddur á Eyrarbakka en uppalinn á Hrauni í Ölfusi en fluttist þaðan rúmlega tvítugur á Eyrarbakka. Eiginkona hans er Þórey Straum og eiga þau samtals fimm börn.

*Meðaluppskeran 60 tonn á ári*

Gummi þótti mjög góður rófubóndi og náði miklum árangri í ræktun á rófum enda vakinn og sofinn yfir rófunum sínum. Hann þurfti að hætta í vor vegna veikinda. „Meðaluppskeran í öll þessi ár var um 60 tonn á ári en mesta uppskeran var árið 1996 en þá fékk ég 130 tonn upp úr görðunum. Ég notaði alltaf mjög gott fræ, eða Kálfafellsfræið, sem var fyrst framleitt á Kálfafelli í Öræfum og svo hefur Hannes Jóhannsson í Stóru-Sandvík í Árborg tekið við ræktun fræsins með miklum sóma. Það kallast í



Gummi naut alltaf mikillar aðstoðar hjá fjölskyldu sinni og skólastráka á Eyrarbakka þegar rófurnar voru teknar upp á haustin. Rófur hafa verið á matarborðum Íslendinga í 200 ár.

dag „Sandvíkurrófufræ“. Það var allt skemmtilegt við rófnaræktina, að fylgjast með vextinum og sjá hvað uppskeran yrði mikil að hausti og hvernig verð maður fengi,“ segir Gummi.

*Strákarnir biluðu ekki*

Það var mikil törn á hverju hausti hjá Gumma að ná rófunum upp úr görðunum en þá naut hann aðstoðar stálpaðra skólastráka á Eyrarbakka og fjölskyldu sinnar. „Það var frábært að hafa skólastrákana, sem héldu alltaf tryggð við mig. Við tókum allt upp með höndum, ég notaði aldrei vélar, þær gátu bilað en skólastrákarnir biluðu aldrei,“ segir Guðmundur og skellir upp úr.

*Menn gefast upp*

Gummi segir að það sé erfitt að rækta rófur eins og það hefur sýnt sig, því margir sem hafa byrjað og ætlað að græða á tá og fingri hafa hætt fljótlega. „Það er svo margt sem getur komið upp á, kálflugan reynist t.d. mörgum mjög erfið og alls lags skorkvikindi, brandyglan er mjög erfið í sandinum, hún étur plönturnar, menn gefast einfaldlega upp.“

Sýningin í Húsinu á Eyrarbakka er opin frá kl. 11.00 til 18.00 alla daga til 1. september í haust. */MHH*

# Hafnarfjarðarbær kýs íslenska matvælaframleiðslu

**Hafnarfjarðarbær hefur gert samning við Skólamat um framleiðslu og framreiðslu á mat fyrir leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar 2019–2023 en Skólamatur hefur frá 1. nóvember 2017 sinnt þessari þjónustu.**

Í samningnum eru ýmsar nýjungar eins og kröfur um verslun með matvæli. Það sem bærinn er stórnotandi og kaupandi matvæla er þetta skref afgerandi stuðningur við íslenska matvælaframleiðslu og umhverfismál að mati bæjaryfirvalda.



Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri og Axel Jónsson, eigandi Skólamatar.

Hafnarfjörður er fyrsta sveitarfélagið sem setur kröfu um minna kolefnisfótspor í innkaupum matvæla. Samningstíminn er fjögur ár með framlengingarákvæðum. Skólamatur mun sjá um mat fyrir nemendur og starfsfólk ásamt samantekt að máltíð lokinni.

Að sögn Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjóra hefur almenn ánægja verið með gæði matar og þjónustu Skólamatar meðal þeirra sem nýta þjónustuna í dag. Kveðst hún þess fullviss að fyrirtækið muni áfram standa undir þeim væntingum sem sveitarfélagið gerir heilt yfir til þjónustu, gæða og fjölbreytni máltíða. */ehg*

**NUTRILENK™**

*Öflugur liðstyrkur*



”Með Nutrilenk Gold er lífið svo miklu auðveldara,” segir Eygló Jónsdóttir.

# Stunda fjallgöngur og hjóla án verkja

NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjáðst hafa af stirðleika, eymsla í hnjám og annarra liðverkja og það fjölgar stöðugt í þessum hópi.Eygló Jónsdóttir hefur með inntöku Nutrilenk haldið verkjum í skefjum.

Nutrilenk Gold er unnið úr sérvöldum fiskibeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af virku, nýtanlegu og uppbyggilegu kondrótíni, kollageni og kalki og reynslan hefur sýnt að það er að hjálpa fjölmörgum sem finna fyrir eymslum í liðum, þá sérstaklega hnjám og mjöðmum. Einnig er hægt að fá Nutrilenk Active og Nutrilenk Gel en öll eiga þessi efni það sameiginlegt að geta hjálpað til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum og vöðvum.

> **„Síðustu fimm ár hef ég geta stundað fjallgöngur, hjólað og haldið mér gangandi með Nutrilenk“**
>
> **Eygló Jónsdóttir**

## Byggir upp, smyr og mýkir

Nutrilenk Gold hentar vel ef brjósk hefur orðið fyrir hnjaski og með reglulegri inntöku er hægt að viðhalda árangrinum. Grundvallaratriði er þó að brjóskeyðing sé ekki alger. Nutrilenk Active inniheldur hýalúronsýru sem „smyr“ stirða liði og hjálpar fólki sem þjáist af minnkandi liðvökva. Sumir taka það inn eitt og sér eða með Nutrilenk Gold. Nutrilenk Gel inniheldur kondrótín ásamt eucalyptus og engifer og er því bæði kælandi og getur dregið úr bólgum en það hentar bæði á auma liði og vöðva.

Nutrilenk Gold er mest selda liðbætiefnið á Íslandi en það getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun sem virðist hrjá ótrúlega marga, hvort sem er vegna aldurs, álags eða slyss. Það hefur sýnt sig að þetta bætiefni getur breytt allri líðan og lífi fólks og það bætist stöðugt í hóp þeirra sem hafa öðlast nýtt líf.




## Með Nutrilenk Gold er lífið svo miklu auðveldara

Eygló Jónsdóttir hefur náð góðum bata með inntöku á Nutrilenk Gold:

„Ég sleit krossbönd fyrir mörgum árum og er staðan nú bein í bein, því fylgja verkir og bólgur. Einnig er ég með slit í þumalfingri. Ég var alltaf að leita mér að einhverri lausn án þess að þurfa að taka inn verkjalyf. Fann Nutrilenk Gold og með því að taka það daglega held ég verkjum í skefjum, síðustu fimm ár hef ég getað stundað fjallgöngur og hjólað án verkja. Ég hef prufað að hætta að taka það inn en alltaf byrjað að finna fyrir verkjum aftur. Ég byrja því alla daga með Nutrilenk Gold, það gerir lífið bara svo miklu auðveldara“

## Byggingarefni brjóskvefs

Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold er kondrótín, kollagen og kalk en til þess að gera þessi innihaldsefni eins virk og kostur er, þá er það meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem frábært byggingarefni fyrir brjóskvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest

**Brizo™**

**Getur veitt lausn gegn tíðum þvaglátum sem verða vegna góðkynja stækkunar frá blöðruhálskirtli.**

**Kannast þú við þetta vandamál?**

- Lítil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvaglegi eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir það síðasta
- Sviði eða sársauki við þvaglát






Fæst í öllum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

FRÉTTIR

## Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín 2019:

# Ísland hlaut flest verðlaun á HM

**Heimsmeistaramót íslenska hestsins stóð yfir í rúma viku í Berlín í Þýskalandi og lauk síðastliðinn sunnudag. Rúmlega 10 þúsund manns sóttu mótið sem var haldið í annað sinn í Berlín, síðast árið 2013. Mótssvæðið var með svipuðu sniði en bætt hafði verið úr hesthúsaðstöðu sem hafði verið töluvert gagnrýnd á síðasta móti. Íslendingar náðu góðum árangri þó ekki hafi allt fallið með íslensku keppendunum.**

*Helstu úrslit*

Jóhann Rúnar Skúlason varð þrefaldur heimsmeistari á hesti sínum Finnboga frá Minni-Reykjum, þeir unnu tölt, fjórgang og samanlagðar fjórgangsgreinar, auk þess sem Jóhann fékk reiðmennskuverðlaun. Íslendingar unnu allar skeiðgreinar, Teitur Árnason og Dynfari frá Steinnesi urðu heimsmeistarar í gæðingaskeiði, Guðmundur Björgvinsson og Glúmur frá Þóroddsstöðum heimsmeistarar í 250 m skeiði og Konráð Valur Sveinsson og Losti frá Ekru heimsmeistarar í 100 m skeiði. Í flokki ungmenna urðu Benjamín Sandur Ingólfsson og Messa frá Káragerði heimsmeistarar í gæðingaskeiði.

Bergþór Eggertsson og Besti frá Upphafi náðu 3. sætinu í gæðingaskeiði, Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Koltinna frá Varmalæk urðu í 2. sæti í tölti ungmenna og í 3.-5. sæti í fjórgangi ungmenna, jöfn þeim urðu Hákon Dan Ólafsson og Stirnir frá Skriðu. Ásdís Ósk og Koltinna urðu einnig í 2. sæti í samanlögðum fjórgangsgreinum.

Árni Björn Pálsson og Flaumur frá Sólvangi voru efstir inn í úrslit í fjórgangi en enduðu í 5. sæti. Ásmundur Ernir Snorrason og Frægur frá Strandarhöfði voru efstir inn í b-úrslit í fjórgangi en enduðu í 7. sæti. Jakob Svavar Sigurðsson og Júlía frá Hamarsey voru þriðju inn í a-úrslit í slaktaumatölti en enduðu í 5. sæti, heimsmeistari í slaktaumatölti varð hin danska



Jóhann R. Skúlason og Finnbogi á gleðistundu. Þeir unnu töltið örugglega og hrepptu því tölthornið eftirsótta við mikil fagnaðarlæti áhorfenda.

Julie Christiansen og Stormur frá Hemlu.

Olil Amble og Álfarinn frá Syðri-Gegnishólum voru efst inn í úrslit í fimmgangi en enduðu í 6. sæti, Gústaf Ásgeir Hinriksson og Sproti frá Innri-Skeljabrekku urðu í 5. sæti en Jón Stenild og Eilífur frá Teglborg frá Danmörku áttu toppsýningu, hlutu yfir 8 fyrir bæði tölt og skeið og unnu sannfærandi sigur. Magnús Skúlason og Valsa frá Brösarpsgården urðu heimsmeistarar í samanlögðum fimmgangsgreinum en þau keppa fyrir Svíþjóð.

*Kynbótasýningar gengu vel*

Íslensku hrossin stóðu sig vel í kynbótasýningu mótsins. Mjallhvít frá Þverholtum varð efst í flokki fimm vetra hryssna, knapi Þórður Þorgeirsson, Eyrún Ýr frá Hásæti varð efst í flokki sex vetra hryssna, knapi Eyrún Ýr Pálsdóttir, Elja frá Sauðholtum stóð efst í flokki sjö vetra hryssna og var jafnframt hæst dæmda kynbótahross mótsins, knapi á Elju var Árni Björn Pálsson. Spaði frá Barkarstöðum var efstur í flokki sex vetra hesta, knapi Helga Una Björnsdóttir og Hamur frá Hólabaki varð annar í flokki fimm vetra stóðhesta, setinn af Tryggva Björnssyni.

*Besti árangur Íslands frá árinu 2007*

Íslenska liðið vann til flestra verðlauna á mótinu og hlaut að launum liðabikarinn sem afhentur er í mótslok. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi hestamannafélaga er þetta besti árangur íslenska landsliðsins í hestaíþróttum frá 2007 og ef öll gull eru talin í flokki ungmenna og kynbótahrossa hefur árangurinn aldrei verið betri því liðið fór heim með ellefu gullverðlaun alls.

*Margt fer í reynslubankann að loknu móti*

Mótið gekk að mestu leyti vel fyrir sig en nokkur umræða varð um þau tilfelli þar sem knapar voru dæmdir úr leik vegna áverka hrossa, m.a. íslenskir knapar. Þar að auki voru tvö hross í íslenska liðinu sem ekki gátu tekið þátt þegar út var komið vegna meiðsla. Vissulega mikil vonbrigði fyrir knapa og hesteigendur, en hluti af því að vera með lifandi skepnur í höndunum. Það sama mætti segja um þá knapa sem ekki náðu þeim árangri sem stefnt var að, aðstæður eru vissulega krefjandi, ekki síst fyrir hrossin sem koma frá Íslandi, og stundum ganga hlutirnir einfaldlega ekki upp þegar á hólminn er komið. En allt fer þetta í reynslubankann góða og oft opna umræður um umdeildar ákvarðanir á endurskoðun og breytingar. Skipulag mótssvæðis og dagskrá var einnig rætt manna á milli, mörgum þótti t.d. dagskrá lokadagsins sérstök, byrjaði snemma og var oft langdregin og skringilega samsett að margra mati.

Mikill fjöldi Íslendinga sótti mótið heim og mannlífið var litskrúðugt og skemmtilegt. Einnig var því fagnað að FEIF, alþjóðasamtök íslenska hestsins, eru 50 ára á þessu ári og gáfu samtökin út skemmtilegt hefti þar sem farið er yfir söguna í myndum og texta. Næsta mót verður haldið í Herning í Danmörku að tveimur árum liðnum og sjálfsagt margir þegar farnir að huga að því eftir skemmtilega daga í Berlín. /HGG



Þessi voru kát í sólinni. Sigrún Ólafsdóttir og Skúli Skúlason í Hallkelsstaðahlíð, Erna Arnardóttir, Dagný Egilsdóttir og Hinrik Gylfason. Myndir / HGG



Starfsfólk og dómarar kynbótasýningarinnar á HM. F.v. Þorberg Þ. Þorbergsson, Inge Kringeland, Kristín Halldórsdóttir, Rebecka Frey, John Siiger Hanssen og Þorvaldur Kristjánsson.



Bjargshólsfólk var mætt á HM að styðja sinn mann, Bergþór Eggertsson, í íslenska liðinu.



Konráð Valur Sveinsson og Losti frá Ekru renndu fyrri skeiðsprettinn á 7,35 og hrepptu gull.



Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Hannes Sigurjónsson voru ánægðir með HM og sína ræktun. Sveinbjörn er ræktandi Spaða frá Barkarstöðum og Hannes er ræktandi Júlíu frá Hamarsey, ásamt Ingu Cristinu, konu sinni.



Fulltrúar Bændasamtakanna, þau Kim, Þorberg og Hrefna, voru á svæðinu að kynna WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins. Mynd / Berglind Steindórsdóttir

# Íslenskt lambakjöt á boðstólum í Berlín

**Á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Berlín var íslensku lambakjöti gerð góð skil með kynningu og sölu til mótsgesta. Að verkefninu koma vörumerki þýskra seljenda, Vikingyr, og fleiri samstarfsaðilar.**

Vikingyr kaupir sitt kjöt frá Kjarnafæði í gegnum innflytjandann RW Warenhandel. Icelandic Lamb styður við verkefnið með gerð auglýsingaefnis og birtinga auk þess að leggja Þjóðverjunum lið við ýmsa viðburði.

*Þúsundir gesta brögðuðu á lambakjöti*

Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri Icelandic Lamb, tók þátt í kynningu og matreiðslu með þýska teyminu og aðstoðaði Michelin-stjörnukokkinn Tom Wickboldt þar sem þúsundir gesta smökkuðu lambið á lambaveitingastað Vikingyr.

Að auki bauð Vikingyr og Icelandic lamb gestum í 50 ára afmæli alþjóðasamtaka íslenska hestsins, FEIF. Sú veisla fór fram á bás Horses Of Iceland og framreiddi Hafliði fjölbreytta lambarétti.




Þjóðverjar tengja íslenska lambið við víkingamenninguna.

Hafliði sagði að kynningin á íslenska lambinu hefði verið áberandi á mótssvæðinu og tekist vel. „Auk kynningarinnar á sjálfu lambinu var sett upp 600 fermetra víkingaþorp þar sem starfsmenn Vikingyr kynntu vörumerki sitt með glæsilegum hætti. Fyrirtækið selur uppþítt lamb til þýskra stórmarkaða undir sínu merki. Verslanir taka til sín allan skrokkinn hlutaðan niður og selja alla bita lambsins jöfnum höndum. Athyglisvert er einnig að skilaréttur er ekki til staðar, heldur er á sjálfbæran hátt horft til fullrar nýtingar allra bita en ekki eingöngu valdir út auðseljanlegustu hlutarnir,“ segir Hafliði Halldórsson. /TB


HEYSÝNATAKA,
EFNAMÆLINGAR
OG FÓÐURRÁÐGJÖF
Í BOÐI BÚSTÓLPA
Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á fría þjónustu við heysýnatöku, efnamælingar á sýnum og fóðurráðgjöf. Fóðursérfræðingur Bústólpa mun annast verkefnið.
Pantanir berist fyrir 30. ágúst á netfangið elvar@bustolpi.is
Bústólpi
VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM
Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is


FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?
4MOTION
Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrval Volkswagen atvinnubíla í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.
SÚPER VERÐ!
Glæsilegur og vel útbúinn pallbíll með 3.0 lítra, V6 dísilvél, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara og 18" álfelgum.
Volkswagen Amarok
Tilboðsverð frá
7.660.000 kr.
Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.
Volkswagen Crafter
Verð frá
6.590.000 kr.
SÚPER VERÐ!
Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.
Volkswagen Caddy
Tilboðsverð frá
2.690.000 kr.
SÚPER VERÐ!
Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki. Fulkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.
Volkswagen Transporter
Tilboðsverð frá
4.490.000 kr.
Atvinnubílar
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

FRÉTTIR



Brúarsmíðin er liður í aðkomu að nýrri Kröflulínu. Myndir / Sigvaldi H. Ragnarsson

# Ný brú í smíðum yfir Jökulsá á Dal

**Unnið er að gerð nýrrar brúar yfir Jökulsá á Dal milli Hákonarstaða og Klaustursels. Brúin mun taka við af elstu akfæru brú í samgöngukerfinu, nefnd Hákonarstaðabrú, sem er friðað mannvirki og hefur verið í notkun frá 1908.**

Þetta er kærkomin samgöngubót fyrir ábúendur í Klausturseli en gamla brúin hefur verið hamlandi fyrir nútíma heyvinnuvélar sem komast ekki yfir gömlu brúna. Einnig hefur í fjölmörg ár þurft að selflytja sláturfé yfir vegna þess að fjárbílar hafa heldur ekki komist yfir.

Brúarsmíðin er liður aðkomu að Kröflulínu 3 en sú framkvæmd þverar Jölulsá og þarf stærra mannvirki til að þola þá flutninga sem þarf til við línulögn. Brúin er hönnuð af Vegagerð ríkisins en VHE-verktakafyrirtæki sjá um smíðina sem áformað er að ljúki í ágúst.

*Gamla brúin kemur í góðar þarfir*

Gamla brúin verður áfram í notkun fyrir léttari umferð svo sem gangandi, ríðandi og hjólandi vegfarendur sem fjölmenna nú á þetta svæði til að skoða Stuðlagil.



Brúin er hönnuð af Vegagerð ríkisins.



Gamla brúin, sem er friðað mannvirki, verður áfram í notkun fyrir léttari umferð.

Mynd / Gréta D. Þórðardóttir


ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is


## Beint flug milli Bretlands og Akureyrar fellur niður vegna gjaldþrots:

# Áfall fyrir norðlenska ferðaþjónustu

## – segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu Norðurlands

**„Þetta er mikið áfall fyrir ferðaþjónustu á norðanverðu landinu,“ segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu Norðurlands, en breska ferðaskrifstofan SuperBreak, sem hefur boðið upp á beint flug frá ýmsum borgum í Bretlandi til Akureyrar, varð gjaldþrota á dögunum.**

Til stóð að halda því flugi áfram eftir næstu áramót og var búið að boða fjórtán ferðir – til Akureyrar frá Bretlandi á tímabilinu febrúar og út apríl árið 2020. Það áform eru runnin út í sandinn.

Arnheiður segir að áætla megi að tekjur sem hafi komið inn á Norðurlandi vegna SuperBreak-flugsins hafi verið um 500 milljónir króna. Hún segir að áætlað hafi verið að gistinætur á svæðinu yfir ferðatímabilið á næsta vetri yrðu á bilinu 7 og upp í 10 þúsund talsins. Ferðaþjónustuaðilar á norðanverðu landinu missi því spón úr aski sínum með brotthvarfi Bretanna.



Arnheiður Jóhannsdóttir.

*Leita leiða til að fá nýja aðila að verkefninu*

Arnheiður segir að bresku gestirnir hafi gert ferðaþjónustufyrirtækjum kleift að hafa opið yfir erfiðasta tíma vetrarins og þannig hafa þau þróað sína þjónustu. „Við vonum að þetta verkefni hafi haft góð áhrif á þjónustuna þannig að auðveldara verði að fá nýja aðila að verkefninu en við munum leita allra leiða til þess. Markaðssetning á Norðurlandi hefur verið kröftug í kringum þetta flug og vonandi skilar það sér í auknum áhuga Bretanna sem geta þá komið norður eftir öðrum leiðum,“ segir hún. /MÞÞ

# Samdráttur í innanlandsflugi

„Flugfargjöld hafa hækkað sl. ár með þeim afleiðingum að farþegum hefur fækkað, sem veldur því að dregið er úr flugferðum til Ísafjarðar og Egilsstaða,“ segir í bókun sem bæjarráð Ísafjarðar samþykkti í liðinni viku, en umræður urðu um yfirvofandi fækkun flugferða á fundi bæjarráðs.

Flugfélagið bregst við m.a. með því að fækka ferðum í vetur til tveggja staða, Egilsstaða og Ísafjarðar, auk þess sem minni vélar koma í stað þeirra stærri í ríkara mæli. AirIceland Connect hefur að því er fram hefur komið hug á að skera niður í flugflota sínum, fækka vélum úr sex í fjórar. Farþegum hefur fækkað um 10% hjá flugfélaginu frá áramótum. Ferðum flugfélagsins til Ísafjarðar verður fækkað um eina ferð á dag, tvisvar í viku, á þriðjudögum og miðvikudögum.

Bæjarráð Ísafjarðar hvetur flugfélagið og stjórnvöld til að tryggja svokallaða skosku leið, sem felst í því að flugfargjöld fyrir fólk sem býr fjarri höfuðborginni eru niðurgreidd. /MÞÞ

## Mikil og fjölbreytt matvælaframleiðsla á Norðurlandi vestra:

# Tíu daga matarhátíðin Réttir að hefjast

## – Um 40 veitingahús, smáframleiðendur, bændur og fleiri taka þátt

**„Matvælaframleiðsla er mikil og fjölbreytt á Norðurlandi vestra og það hefur undanfarin ár verið mikil gróska í ferðaþjónustunni, m.a. í veitingageiranum. Okkur fannst vert að vekja á því athygli, draga fram alla þá fínu og góðu hluti sem er á boðstólum hér í héraði og minna fólk á hvað starfsemin er fjölbreytt,“ segir Þórhildur Jónsdóttir sem skipuleggur matarhátíðina Réttir. Nafnið minnir bæði á alla þá margvíslegu rétti sem í boði verða á hátíðinni og eins á fjárréttir sem eru handan hornsins. Þátttakendur í hátíðinni eru fjölmargir en m.a. munu bændur opna bú sín og ferðaþjónustuaðilar kynna mat.**

*Um 40 viðburðir í boði á tíu dögum*

Þórhildur segir matarhátíðina umfangsmikla, hún nær yfir stórt svæði, allt Norðurland vestra, frá Laugabakka í Miðfirði og austur í Fljót í Skagafirði. Um það bil 40 viðburðir eru í boði á þeim 10 dögum sem hátíðin stendur yfir, en hún hefst á morgun, 16. ágúst, og lýkur sunnudaginn 25. ágúst.

„Við getum svo sannarlega ekki kvartað yfir viðbrögðunum. Það voru allir sem við ræddum við jákvæðir fyrir þessari hugmynd þegar hún var viðruð hér innan héraðs og fólk var tilbúið að taka þátt. Heimamenn eru áhugasamir um að sýna gestum hvað svæðið hefur upp á að bjóða,“ segir Þórhildur.



Þórhildur Jónsdóttir er skipuleggjandi Rétta, matarhátíðar sem stendur yfir á Norðurlandi vestra næstu tíu daga, frá 16. til 25. ágúst.

*Dáist að því hversu fjölbreytnin er mikil*

Hátíð af þessu tagi hefur ekki áður verið haldin á Norðurlandi vestra og í raun ekki heldur hér á landi, en hátíðir af svipuðu tagi hafa verið haldnar víða erlendis og eru margar þekktar. „Við förum af stað núna í fyrsta sinn full bjartsýni á að vel verði tekið í þetta og með væntingar um að leikurinn verði endurtekinn árlega héðan í frá,“ segir Þórhildur. Hún hefur sjálf starfað við ferðaþjónustu og vinnur nú hjá Vörusmiðjunni sem er vottuð aðstaða fyrir smáframleiðendur sem mikið er nýtt. „Ég hef í gegnum þessi störf fengið ágæta yfirsýn yfir stöðu mála og hef lengi dáðst að þeirri fjölbreytni sem ríkir t.d. í veitingamennsku hér í héraðinu. Ég hafði áhuga á að skapa vettvang þar sem allir þessir aðilar væru í aðalhlutverki og eftir heimsóknir á nokkrar matarhátíðir bæði heima og að heiman þá er ég sannfærð um að þetta er algjörlega málið hér fyrir okkur á svæðinu,“ segir Þórhildur.

*Eitthvað um að vera alla dagana*

Hún nefnir að fjölbreytnin verði í fyrirrúmi, veitingastaðir bjóða upp á nýjungar og tilboð, bændur eru á meðal þátttakenda og bjóða gjarnan heim og kynna það sem verið er að framleiða heima á býlinu, en á meðal þess sem gestum býðst að gera er að taka upp kartöflur á Hofsstöðum og greiða fyrir þau kíló sem tekin eru með heim. Heilmikil matarhátíð verður á Laugarbakka, framleiðendur matvæla af ýmsu tagi hér og hvar um héraðið taka þátt og bjóða gestum að smakka. Matur úr héraði verður í boði á Hólahátíð, Samgönguminjasafnið verður með kaffi, ostasæla verður í boði, íslenska geitin og bændabiti verða í öndvegi á Stórhóli og Vörusmiðjan Biopol verður opin í næstu viku. Kvenfélag Hólahrepps verður með súpukvöld í næstu viku og kjötsúpa verður í boði í Grettislaug, þjóðlegt kaffihlaðborð í Húnabúð, svo fátt eitt sé nefnt, en viðburðir dreifast á 10 daga sem fyrr segir þannig menn þurfa ekki að missa af sínum uppáhaldsviðburði að sögn Þórhildar. Hægt er að kynna sér það sem í boði verður á vefsíðunni rettir.is /MÞÞ

# Staðfest gæði folaldakjötsins

**Matís gaf fyrir skemmstu út skýrslu um hestakjöt þar sem fjallað er um framleiðslu þess og niðurstöður á mælingum um næringarinnihald og eiginleika kjötsins. Skýrslan leiðir í ljós að folaldakjöt er hágæða kjötvara sem ætti að uppfylla allar helstu óskir neytenda hvað varðar gæði, hreinleika og næringargildi.**

Meginmarkmið verkefnisins var að safna saman og koma á framfæri upplýsingum sem styðja við og greiða leið markaðsstarfs og sölu á kjötinu, en fyrri rannsóknir Matís hafa leitt í ljós að sóknarfæri eru fyrir hestakjöt á markaði.

Eva Margrét Jónudóttir, sem er í hópi skýrsluhöfunda, segir að rannsóknum um eiginleika hestakjöts sé mjög ábótavant um allan heim og Ísland sé engin undantekning. „Við hjá Matís gáfum út þessa skýrslu um niðurstöður rannsókna sem hafa verið í gangi síðustu misseri varðandi folaldakjöt.“

*Staðfesta gæði hestakjötsins*

„Mér finnst mikilvægt að það séu gefnar út þurrar vísindaskýrslur um tilraunir sem einn eða tveir Jónar úti í bæ munu lesa, vegna þess að til þess að geta haldið því fram að hestakjöt sé best í heimi þá þurfa að vera staðreyndir sem sanna það mál. Til þess að það sé hægt að taka mark á þeim þá þurfa þær að vera settar fram fyrst með ákveðnu fræðilegu lagi,“ segir Eva Margrét um tilurð skýrslunnar. Hún hafði áður skrifað lokaverkefni við auðlinda- og umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands um viðhorf íslenskra neytenda gagnvart hrossakjöti og kauphegðun þeirra á slíku kjöti.

„Bændur kvarta sáran yfir því að fá lítið greitt fyrir innlegg því afurðirnar séu seldar á uppsprengdu verði en afurðastöðvar kvarta yfir því að slegist sé um bestu bitana en setið uppi með framparta og vinnsluefni sem erfitt sé að losna við. Mér hefur margoft verið sagt að það fáist svo lítið fyrir frampartinn að það stæði ekki undir kostnaði að úrbeina hann og snyrta almennilega heldur borgar sig frekar að selja hann sem ljónafóður í dýragarða í Evrópu á klink. Framtíð folaldakjötsins er björt í Japan því eins og allir vita þá er Asía í framtíðinni og þeir eru búnir að kveikja á perunni hvað gæði hestakjöts varðar. Spurning hvenær við Íslendingar ætlum að gera það.

Ef við erum tilbúin að greiða sama verð fyrir nautalund og hestalund, af hverju erum við þá ekki tilbúin að greiða sama verð fyrir nautahakk og hestahakk?“ spyr Eva Margrét. „Í rauninni væri eðlilegra að folaldakjöt seldist á uppsprengdu verði og þar myndi lögmálið „fyrstir koma, fyrstir fá“ gilda. Þetta er takmörkuð auðlind en staðan er því miður sú að ekki er borin nægileg virðing fyrir hestakjöti almennt og kjötvörur af því tagi ósýnilegar.“

*Hrossakjöt og folaldakjöt ekki það sama*

Eva Margrét segir að þörf sé á að breyta því hvernig talað sé um kjöt af hestum. „Hrossakjöt og folaldakjöt eru í eðli sínu mjög ólíkar vörur. Hrossið er grófara, dekkra, feitara og svipar meira til nautakjöts á meðan folaldið er mýkra, ljósara og vöðvaþræðirnir allir mikið fínni. Það á ekki við að tala um hrossakjöt sem hið eiginlega hrossakjöt af 6 vetra eða eldra og svo líka þegar er átt við hrossa- og folaldakjöt. Þess vegna skulum við tala um hestakjöt þegar átt er við bæði en annars hrossa- eða folaldakjöt.

Í síðustu rannsóknum fengum við þrjú folöld sem slátrað var á Hellu 3. desember 2018. Við höfum áður sagt frá meyrnimælingum sem við gerðum í tengslum við þessar rannsóknir þar sem folaldakjötið kom mjög vel út. Þar kom fram að meyrni folaldavöðva breytist þannig lítið frá slátrun; strax á þriðja degi er kjötið meyrt og helst þannig fram á 14. dag og verður enn meyrara með tímanum. Í samanburði


**Eva M. Jónudóttir.** Mynd / Úr einkasafni

**Nokkrir punktar um hesta:**

- Hestar hafa mikið betri fóðurnýtingu en til dæmis sauðfé og nautgripir.
- Hestar losa út minna af gróðurhúsalofttegundum per kg af kjöti samanborið við jórturdýr, samkvæmt mörgum rannsóknum.
- Hestum er hægt að beita á allskonar land líkt og blautar mýrar og úthaga sem oft nýtist ekki til annars. Þannig er hægt að koma upp nokkuð sjálfbæru kjötframleiðslukerfi.
- Íslenski hesturinn er þannig aðlagaður að náttúrunni að ekki þarf að byggja húsakost til þess að framleiða hestakjöt né flytja inn áburð til fóðuröflunar.
- Hestar geta geymt sum vítamín í fituforða yfir allan veturinn sem þeir fá úr græna grasinu á sumrin.

við lambakjöt eru vöðvarnir svipað meyrir úr lambi og folaldi á sjöunda degi frá slátrun, þótt á heildina litið sé folaldakjötið örlítið meyrara. Munar þar mest um meyrni hryggvöðva og lunda úr folaldaskrokknum.“

*Hollustuhluti hestakjötsins*

Að sögn Evu Margrétar inniheldur hestakjöt hátt hlutfall af Omega-3 fitusýrum sem eru að mestu komnar úr grasi. „Þá er kjötið auðugt af járni, próteinríkt og inniheldur hátt hlutfall af lífsnauðsynlegum amínósýrum. Að auki er það auðugt af B12 vítamíni. Lítill eða enginn munur er milli fituflokka í hlutfalli mettaðra, einómettaðra og fjölómettaðra fitusýra ólíkt því sem gerist hjá jórturdýrum þar sem hlutfall og magn mettaðrar fitu vex mjög mikið með vaxandi fitu.

Þetta þýðir í raun að feitir hestar halda gæðum fitunnar en feit jórturdýr hafa lægra hlutfall af „hollu“ fitunni eftir því sem þau eru feitari.

Samkvæmt landlækni er meðaltal ráðlags dagskammts af B12 fyrir fullorðinn einstakling 2µg. Manneskja sem skorti B12 þyrfti því ekki að neyta nema 2,9 g af folaldalifur eða 120–130 g af folaldakjöti á dag til þess að uppfylla vítamínþörf ráðlags dagskammts.“

*Skortur á aðgengilegum upplýsingum*

Í ályktunum skýrslunnar kemur sem fyrr segir fram að folaldakjöt sé hágæða kjötvara sem ætti að uppfylla allar helstu óskir neytenda hvað varðar gæði, hreinleika og næringargildi. Það er hins vegar tekið fram að mikill skortur sé á frekari efnamælingum á bæði hrossa- og folaldakjöti sem ætti að vera hluti af Ísgem gagnagrunni, en ekki hefur fengist fjármagn til að uppfæra hann eins og þyrfti.

Þar segir enn fremur að helst virðist skorta geymsluþolsrannsóknir, sem myndu ganga út á að lengja geymsluþol til að auðvelda leiðina fyrir sölu á fersku kjöti. „Það á að vera hægt að lengja geymsluþol töluvert með hagræðingu í vinnslu, pökkun og dreifingu en til þess að stilla saman strengi þurfa að vera til staðlaðar leiðbeiningar um þessa hluti.

Þá sé skortur á veflægum upplýsingum um hestaafurðir þar sem finna mætti rannsóknir um hestakjöt, næringargildi, eldunarleiðbeiningar, uppskriftir, kjötskurð, eða brot úr sögu hestakjöts, geymsluleiðbeiningar og fleira. /smh





**Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300**
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

**Til sölu: Smáhýsi**
**Tilbúin til afhendingar og flutnings**

Stærð: 22.5fm & 30fm.
Fullfrágengin að utan.
Tilbúin undir tréverk með loftklæðningu.
Staðsetning Landeyjar.
Pípulagning tilbúin og raflagnir til ídráttar.
Sólpallur fylgir hverju húsi.
sími; 894 3000 gudmundur@torf.is







Gæsir á flugi yfir Borgarfirði. Mynd/ María Gunnarsdóttir

# Styttist í að gæsaveiðin byrji fyrir alvöru

**Það styttist í að gæsaveiðitíminn byrji fyrir alvöru en þriðjudaginn 20. ágúst hefjast veiðar á grágæs og heiðargæsum. Veiðimenn skulu minntir á að óheimilt er að skjóta fugla í sárum og ófleyga fugla.**

Einnig er ástæða til að minna veiðimenn á alfriðun blesgæsarinnar en hún hefur verið friðuð síðan 2006.

Þá mega veiðar á helsingja í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum ekki hefjast fyrr en 25. september.

Veiðimenn eru orðnir verulega spenntir, eins og einn orðaði það. „Laxveiðin var lítil og maður fer þá bara meira á gæs í staðinn. Tek konuna með að veiða,“ sagði sá veiðimaður orðrétt.

# Ungur og efnilegur veiðimaður

**Fátt er skemmtilegra en að veiða fyrsta fiskinn sinn. Finna tilfinninguna þegar hann tekur agnið og maður tekst á við fiskinn. Þannig var það hjá Ísari Nökkva úti á Snæfellsnesi fyrir skömmu. Og hann á eftir að veiða fleiri, hann er rétt að byrja veiðiskapinn.**

Ísarr Nökkvi Ingason er 3 ára (4 ára í ágúst). Hann fór í langþráða veiðiferð á dögunum á Snæfellsnes og landaði sínum fyrsta fiski alveg sjálfur. Ánægður ungur veiðimaður þarna á ferð! Hann ætlar að verða veiðimaður eins og pabbi sinn, Ingi, sem var líka á árbakkanum.

Veiði er fyrir alla, silungsveiði þar sem allir geta rennt fyrir fisk og stundum tekur hann, stundum ekki. Það er spennan í veiðinni sem gefur lífinu lit – eins og hjá unga veiðimanninum.



Það er gaman þegar maður veiðir fyrsta fiskinn sinn.

# „Maður er alltaf að veiða eitthvað“

**„Já, maður er alltaf að veiða eitthvað,“ sagði Hjörtur Sævar Steinason, Jakinn, er við heyrðum í honum um daginn á veiðislóð. Hann var í Úlfljótsvatni, nánar tiltekið á Kaldárhöfðanum. En ágæt veiði hefur verið í vatninu og margir fengið vel í soðið.**

„Fyrst var ég með of létta línu sem var ekki að haga sér eins og ég vildi. En það var lína sex þótt stöngin sé sexa. Sennilega hef ég bara fælt fiskinn með henni því bæði fannst mér ég ekki kasta nógu langt og eins var hún að vöðlast svolítið. Fékk svo næsta númer við og var það allt annað. En það var númer sjö. Fyrri daginn með henni náði ég 8 stykkjum upp í 4 pund og seinni daginn, eða í gærkveldi, náði ég 10 stykkjum upp í 2,5 pund,“ sagði Hjörtur.



Jakinn Hjörtur Sævar Steinarsson á veiðislóð fyrir skömmu.

45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4% á höfuðborgarsvæðinu

45,6% á landsbyggðinni

29,5% landsmanna lesa Bændablaðið

Bændablaðið Hvar auglýsir þú?

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is



Áhugann vantar ekki hjá Árna Rúnari Einarssyni við veiðiskapinn. Mynd / María Gunnarsdóttir

# Hann er á!

## – segir ungi veiðimaðurinn Árni Rúnar Einarsson



Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

**Það eru margir að veiða, veiðimenn á öllum aldri og fiskurinn vakir, sumir eru verulega ungir en áhugasamir og kasta sjálfir spúninum út í vatnið og draga inn. Hann er á! heyrist í unga veiðimanninum sem verður þriggja ára núna í október.**

En fiskurinn fer af og veiðimaðurinn ungi kastar aftur og aftur en fiskurinn vill ekki taka. Hann vill gera eitthvað annað, hann nær sér í háf og ætlar að ná þeim þannig. En það gengur ekki.

Frændur hans, Helgi Þór og Davíð Már, landa fallegum fiskum, en þegar hann verður stærri landar hann svona fiskum. Hann er allavega að reyna og það er fyrir mestu.

„Já, veiðin hefur gengið vel hjá okkur,“ segir Gunnar Blöndal og sýnir okkur svæðið sem hann hefur upp á að bjóða við Syðstu-Vík við Eyjafjörð, sem hann hefur verið með í fjölda ára og margir fengið þar sína fyrstu fiska. Fiskurinn er fyrir hendi, vænn og fallegur, bara að fá hann til að taka. Það kemur með tíð og tíma. Þegar sumir verða stærri.

# Breiðan var gjöful þennan daginn

**Sigurgeir Friðjónsson hlýtur að vera með reynslumestu veiðimönnum landsins en hann mun fagna 91 árs afmælinu sínu í september næstkomandi.**

Á myndinni er Sigurgeir að veiða á Breiðunni í Elliðaánum en hann var þar að veiða ásamt syni sínum, Gunnari Sigurgeirssyni. Breiðan var þeim gjöful þennan dag en tveir fiskar ginu við flugum þeirra feðga. Sigurgeir veiðir að mestu í ánum í borginni núna, þ.e.a.s. Korpunni (Úlfarsá) og Elliðaánum.

Þeir Sigurgeir og Gunnar hafa veitt saman í yfir fjóra áratugi í Elliðaánum og einnig oft farið í Korpu saman. Veiðarnar hafa heldur betur breyst á þessum tíma en þeim finnst samt alltaf jafn gaman að kíkja í þessa perlu Reykjavíkur. Veiðin og laxagengdin var líklega meiri í gamla daga og það var stundum ótrúlegur atgangur þegar stærstu göngurnar komu í ána. En Elliðaárnar standa samt alltaf fyrir sínu. Það er magnað að geta notið náttúrunnar og fengið fiska í fallegri á í miðri borginni.

Á yngri árum veiddi Sigurgeir víða. Stærsti laxinn sem hann hefur náð fékkst í Heljarþröm í Stóru Laxá en fyrir utan Stóru-Laxá veiddi Sigurgeir mikið í Laxá í Kjós og fleiri ám. Sigurgeir veiðir jafnt á maðk sem og flugu.



Sigurgeir Friðjónsson á Breiðunni í Elliðaánum.

MAST Matvælastofnun

## Dýralæknaþjónusta í dreifðum byggðum
## Samningar lausir til umsóknar

**Matvælastofnun auglýsir eftir sjálfstætt starfandi dýralæknum til að taka að sér almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu í dreifðum byggðum landsins í samræmi við reglugerð nr. 846/2011. Reglugerðinni er ætlað að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna þjónustu og bráðaþjónustu við dýr á landssvæðum þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna af skornum skammti.**

Gerður verður þjónustusamningur fyrir hvert þjónustusvæði við viðkomandi dýralækni eða dýralækna. Samningar eru gerður til 5 ára og gilda frá og með 1. nóvember 2019. MAST tryggir skv. samningnum mánaðarlega greiðslu til að sinna dýralækna- og bráðaþjónustu á víðkomandi þjónustusvæði. Dýralæknir sem gerir þjónustusamning skal vera með starfsstöð innan hlutaðeigandi þjónustusvæðis til að tryggja eftir föngum að dýraeigendur fái ávallt dýralækna- og bráðaþjónustu innan hæfilegs tíma. Umsóknarfrestur er til og með **9. september 2019.**

**Nánari upplýsingar er að finna á www.mast.is.**





**Hótel Varmaland óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf:**

**Umsjónarmaður fasteigna.**
Starfsvið umsjónarmanns er að sjá um rekstur og viðhald fasteigna hótelsins og annað sem til fellur. Nánari upplýsingar veitir Þórir í síma 660 1304.

**Hlutastörf við ræstingar og þjónustu.**
Nánari upplýsingar veitir Helena í síma 825 3067.

Umsóknir sendist á atvinna@hotelvarmaland.is

Calor RESTAURANT



VARMALAND

atvinna@hotelvarmaland.is | +354 419 5000 | hotelvarmaland.is




YAMAHA Revs Your Heart

KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ Á WWW.YAMAHA.IS

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4980
info@yamaha.is
www.yamaha.is

HALLAS
www.hallas.is
hallas.ehf@gmail.com




Vaðskálmar við öll tækifæri: Smölun, fjallgöngur, rjúpuna o.fl.

**Bændablaðið**
á bbl.is og líka á Facebook

MHG VERSLUN

Husqvarna
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN



MHG Verslun ehf I Víkurhvarf 8 I 203 Kópavogi I Sími 544-4656 I www.mhg.is

## STEKKUR



Ekki eru til neinar varnir gegn ryðsveppi.

### Ryðsveppir og áburður að hausti

**Ryðsveppir eru sníkjusveppir sem lifa á laufblöðum trjáa. Skemmdir af þeirra völdum eru vegna gróbletta sem myndast á blöðunum og valda kali á greinum.**

Skemmdirnar verða minni eftir því sem trén sýkjast seinna að sumri og sýkingar eru skæðari í rökum sumrum en þurrum.

Lífsferill ryðsveppa er flókinn og felur oft í sér tvær ólíkar hýsiltegundir. Sum stig sveppanna finnast á jurtkenndum gróðri en önnur á trjám eða runnum. Einnig þekkjast hýsilskipti á milli barrtrjáa og lauftrjáa eða runna.

Ryðsveppur á gljávíði víxlar á milli lerkis og gljávíðis. Sveppurinn virðist þó geta lifað eingöngu á víðinum ef lerki er ekki til staðar og tjón af hans völdum á lerki er nánast ekkert. Skaðinn á víði felst í því að sveppurinn hindrar að brumin nái að þroskast fyrir veturinn og það veldur kali. Margar víðitegundir eru viðkvæmar gagnvart sýkingu af völdum ryðsvepps og eykur sýking stórlega hættu á kali.

Asparryð barst til landsins skömmu fyrir síðust aldamót og er ryð í öspum oft áberandi og veldur víða tjóni.

Asparryð kemur fram á neðra borði laufblaða alaskaaspar um mitt sumar. Gró sveppsins berast með vindi á næstu blöð eða blöð annarra trjáa og sýkja þau. Á haustin myndast dvalargró sem lifa veturinn á föllnu laufi.

Smitið byrjar á lerkitrjám á vorin og verður ösp sem stendur nálægt því oft illa úti. Skaðinn á öspinni kemur fram sem visnuð blöð og eins dregur úr vexti. Kalhætta er einnig meiri hjá ösp sem er smituð af ryði. Asparklónar eru misþolnir fyrir ryði.

Ekki eru til neinar varnir gegn ryðsveppi en gott er að gefa trjánum kálísúlfat seinni hluta sumars þar sem það dregur úr líkum á kali.

Áhrifamesta vörnin gegn ryðsvepp felst í því að gróðursetja ekki lerki nálægt víði eða ösp. Þá getur verið gott að fjarlægja tré eða runna til að draga úr líkum á smiti.

Með því að klippa burt sýktar greinar að vori má fjarlægja mikið af smitefnunum sem eru í dvala í brumunum. Klippa þarf allan ársvöxtinn í burtu. Nýtt brum sem vex að vori er laust við smit og myndar heilbrigða sprota. Fjarlægja þarf allt lauf og greinar úr beðunum ef í því skyldi leynast smit sem gæti lifað af veturinn og dreift sér.

Kalí-áburður er nauðsynlegt við ljóstillífun sem er undirstaðan í lífstarfsemi plantnanna. Kalí eykur frostþol og mótstöðu gegn þurrki og sveppasjúkdómum. Skortur á kalí lýsir sér meðal annars í að ung blöð verða gul og visna, einkum á blaðjöðrunum. Þannig að gott er að bera á kalíríkan áburð í byrjun ágúst til að draga úr líkum á kali.

Einnig er gott að gefa fosfóráburð í lok ágúst til að styrkja rótarvöxt plantnanna sem er mikill á haustin eftir að ofanjarðarvexti lýkur og plönturnar fella lauf. /VH

**FRÉTTASKÝRING**

### Strangari jarðalög í nágrannalöndunum en á Íslandi:

# Almenningur telur að stjórnvöld ættu að setja skorður við jarðakaup erlendra aðila

## – Ríkið keypti Hellisfjörð á 40 milljónir króna eftir að Þjóðverji sýndi áhuga á að eignast fjörðinn



Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is

**Fréttablaðið gerði könnun á dögunum á viðhorfi almennings til þess hvort stjórnvöld ættu að setja frekari skorður við jarðakaupum erlendra aðila á Íslandi. Niðurstöður könnunarinnar eru þær að mikill stuðningur er við því að stjórnvöld setji á slíkar hömlur og eru íbúar á landsbyggðinni líklegri en íbúar höfuðborgarsvæðisins til að vera sammála um frekari skorður. Nýverið gekk ríkið inn í kaup á jörðinni Hellisfirði á Austfjörðum með því að nýta sér forkaupsrétt sinn eftir að þýskur frumkvöðull hafði samið um kaup á jörðinni.**

Síðasta sumar setti ríkisstjórnin á fót starfshóp til að fjalla um málefnið og komu niðurstöður úr þeirri vinnu fram síðastliðið vor sem mun skila sér í frumvarpi eða frumvörpum, að sögn Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Bendir ráðherra á í samtali við Fréttablaðið að gera verði greinarmun á því um hvers konar kaup sé að ræða, þannig sé munur á hvort keyptar séu einstaka fasteignir, stórar landspildur, jarðir eða heilu dalirnir. Hann lýsir einnig yfir því hversu erfiðlega geti oft og tíðum verið að fá upplýsingar um eigendur jarða vegna eignarhaldsfélaga sem liggi að baki. Óttast ráðherrann ekki að frekari skorður við kaupum erlendra aðila á jörðum hérlendis brjóti gegn EES-samningnum.

### *Fyrirhugað eldi og ræktun í ferskvatni*

Ríkið hefur keypt jörðina Hellisfjörð á Austfjörðum en stærstur hluti jarðarinnar er óbyggður eyðifjörður sem ríkið vill vernda. Gerast kaupin í framhaldi af því að þýskur frumkvöðull hafði samið um kaup á jörðinni fyrir 40 milljónir en að tillögu umhverfisráðuneytisins nýtti ríkið sér forkaupsrétt og gekk inn í kaupsamninginn að jörðinni sem er um 1900 hektarar að stærð.

Samkvæmt Ríkisútvarpinu var í Hellisfirði norsk hvalveiðistöð í byrjun 20. aldar en nú er fjörðurinn í eyði og þar er aðeins sumarhús. Fjölskyldufyrirtæki Sigurjóns Sighvatssonar, kvikmyndaframleiðanda og athafnamanns, keypti jörðina árið 2000 en síðasta sumar var hún auglýst til sölu. Væntanlegur kaupandi var Þjóðverjinn Sven Jakobi, sem rekur stóra auglýsingaskjái á flugvöllum, stórmörkuðum og verslunarmiðstöðvum. Tilgangur hans var að stunda eldi og ræktun í ferskvatni og áform hans voru meðal annars að rækta upp veiði í Hellisfjarðará og jafnvel byggja höfn. Enginn vegur liggur í fjörðinn og þangað hefur ekki verið leitt rafmagn. Fjörðurinn er innan Gerpissvæðis sem er á náttúruminjaskrá og í náttúruverndaráætlun 2009–2013 var lagt til að svæðið yrði skilgreint sem friðland.

### *Takmörk á fjölda og stærð jarða*

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir, lögfræðingur Bændasamtakanna, vann nýlega samantekt fyrir stjórn Bændasamtakanna um skyldur





Ríkisstjórn Íslands hefur boðað frumvarp sem tekur á viðskiptum með bújarðir. Nokkrir ráðherrar hafa lýst yfir vilja sínum til að takmarka jarðakaup erlendra aðila.



Í Danmörku er eignarhald á fasteignum almennt takmarkað með lögum. Takmörk eru við fjölda jarða á einni hendi.



Í jarðalögum í Noregi er leitast við að tryggja að landgæðin geti nýst á sem gagnlegastan hátt fyrir samfélagið. Mynd / Ruralis.no

sem lagðar eru á þá sem kaupa eða eiga landbúnaðarland í Danmörku og Noregi. Kannaði Guðrún Vaka hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að geta keypt landbúnaðarland fyrir kaup, búsetuskyldu og svo framvegis og hvaða skyldur fylgja því að eiga slíkt land.

Í Danmörku er eignarhald á fasteignum almennt takmarkað með lögum um eignarhald á fasteignum en þar er stuðst við skilyrði um búsetu. Upphaflega voru lögin sett til að sporna við aukinni ásókn útlendinga í fasteignir í Danmörku. Kveðið er á um þá meginreglu að til að eignast fasteign þar í landi þurfi einstaklingur að hafa þar fasta búsetu eða haft þar fasta búsetu í fimm ár. Aðrir þurfa að sækja um leyfi dómsmálaráðherra til að öðlast eignarréttindi yfir fasteign. Búsetuskilyrðin eiga jafnt við um alla sem vilja eignast fasteign í Danmörku, þ.á m. lögaðila. Að því leyti eru gerðar strangari kröfur en hér á landi.

### *Lög eiga að tryggja fjölbreytt og eðlileg landbúnaðarafnot*

Þá eru sérstakar takmarkanir á eignarhaldi á fasteignum í landbúnaðarnotum og þeim eru settar í dönsku búnaðarlögunum (d. landbrugsloven) þar sem stuðst er við annars konar búsetuskilyrði. Lögin hafa það að markmiði að tryggja eðlileg og fjölbreytt landbúnaðarnot og tekna tilliti til landbúnaðarframleiðslu, náttúru, umhverfis og menningar, að tryggja sjálfbæra þróun landbúnaðarins og stuðla að samkeppnishæfni hans, búsetu og þróun í dreifbýli. Gerð er krafa um fasta búsetu á fasteigninni í 10 ár, en einnig má uppfylla þá skyldu með því að byggja fasteignina ábúanda. Búseta skal hefjast innan sex mánaða eftir kaup og þá skal að meginreglu vera þar tilhlýðilegt íbúðarhúsnæði.

Tilgreind landbúnaðarnot eru áskilin þannig að óheimilt er að taka hluta fasteignar til annars konar nota nema samkvæmt heimild í lögum. Það eru því talsvert strangari kröfur til eignarréttar yfir fasteignum í landbúnaðarnotum en fasteignum almennt.

### *Landbúnaðarmenntun áskilin*

Ef dönsk jörð er stærri en 30 ha skal kaupandi hafa lokið landbúnaðarmenntun og hefja sjálfur búrekstur þar. Takmörk eru við fjölda jarða og stærð og legu lands sem mest má vera á einni hendi.

Samkvæmt norskri löggjöf þarf að jafnaði leyfi hins opinbera til hvers kyns eignar- og afnotaréttinda yfir fasteignum. Í sérleyfislögum er að finna almennar reglur um eignarhald á fasteignum. Markmið laganna er einkum að stjórna eignarhaldi í því skyni að stuðla að vernd fasteigna í landbúnaðarnotum, svo og þeim eignar- og afnotarétti sem á hverjum tíma þykir henta samfélaginu best. Meginreglan er sú að ekki er unnt að öðlast eignarréttindi yfir fasteignum nema með leyfi viðkomandi sveitarfélags. Lögmæltar undantekningar er þó að finna frá leyfisskyldunni. Þá gera lögin kröfu um búsetuskilyrði vegna jarða yfir tilgreindri stærð, t.d. 3,5 ha lands eða 50 ha skóglendis eða stærra, það er að fasteignareigandi skuli flytjast þangað innan eins árs og hafi þar fasta búsetu í a.m.k. fimm ár.

### *Er kaupandinn hæfur?*

Norsku lögin tilgreina einnig hlutlæg atriði sem litið skal til við mat á hvort veita skuli leyfi yfir landi sem nýtt er til landbúnaðar, þ.e. hvort markmið kaupandans fari saman með búsetu á svæðinu, hvort kaupin muni stuðla að hagkvæmum rekstri, hvort kaupandinn sé talinn hæfur til að yrkja landið og hvernig kaupin horfi við meðferð og nýtingu auðlinda, landshættum og menningu á svæðinu. Því til viðbótar er heimilt að líta til verðstýringar við matið þegar um ræðir landsvæði yfir áðurnefndum stærðarmörkum. Loks heimila lögin að leyfisveiting sé skilyrt eftir aðstæðum í einstökum tilvikum, þá í því skyni að ná markmiðum laganna. Við þetta má bæta að ESA hefur fallist á lögmæti búsetuskilyrða áðurgreindra laga og hafnað því að þau séu í andstöðu við EES-samninginn.

### *Norsku lögin strangari en þau íslensku*

Í jarðalögum í Noregi er leitast við að tryggja að landgæðin geti nýst á sem gagnlegastan hátt fyrir samfélagið og þá sem hafa atvinnu sína af landbúnaði. Varðveita skuli búsetulandslag og búrekstraraðstöðu á jörðum og að þær verði ekki rýrðar þannig að torveldi byggingu þeirra.

Ákvæði um hömlur við nýtingu og skiptingu landbúnaðarlands eiga að meginstefnu ekki við um land skipulagt til annarra nota en landbúnaðar samkvæmt skipulagsáætlun. Landbúnaðarsvæði (þ.e. ræktað land og beitiland í „innmörk“) skal nýtt til búrekstrar samkvæmt lögunum. Verulegt brot gegn búrekstrarskyldu getur varðað við stjórnsýsluviðurlög, það er skyldu til að leigja það til allt að 10 ára eða grípa til annarra ráðstafana, planta í það skógi o.s.frv.

### *Markmiðið að standa vörð um matvælaframleiðslu*

Í Noregi er óheimilt að nýta ræktað land í tilgangi sem ekki tekur mið af jarðræktarframleiðslu eða þannig að það henti ekki til slíkrar framleiðslu í framtíðinni. Markmiðið er að standa vörð um möguleika til framleiðslu matvæla. Þegar litið er til möguleika á breyttri landnotkun eru norsku lögin mun strangari en þau íslensku og torvelt er að leysa land úr landbúnaðarnotum.

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Hvað kemur úr plastinu í ár?

Fer nú sumri senn að ljúka og vonandi hefur fóðuröflun gengið vel. Sums staðar hefur sumarið verið nokkuð frábrugðið því sem við höfum vanist vegna töluverðra þurrka. Það fer tvennum sögum af því hvort áburðurinn hafi náð að leysast upp í vor eða ekki. Sums staðar hefur búfjáráburður ekki horfið ofan í svörðinn. Við þessar aðstæður geta grösin liðið skort sem getur komið niður á vexti og næringargildi. Köfnunarefnisskortur t.d. dregur úr vexti plantnanna og próteininnihaldi.



**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins býður upp á heysýnatöku. Sýnin eru tekin innan úr rúllukjarnanum.** Mynd / RML

### *Blaðvöxtur er minni í þurrkatíð*

Í þurrkatíð fara grösin að leggja megináherslu á að koma upp punti, því verður blaðvöxtur minni. Grösin „trénast“ fyrr og verður oftar en ekki hærra hlutfall af tréninu ómeltanlegt. Veðráttan hefur því mjög mikil áhrif á heygæðin og þegar veðráttan er frábrugðin því sem við eigum að venjast er enn mikilvægara að huga að heyefnagreiningum. Öll okkar framleiðsla hvort sem það er mjólk eða kjöt byggir á heyinu því myndi maður ætla að það væri gott að vita hvaða fóðurgildi og steinefni maður er með í höndunum.

### *Mikilvægi heyefnagreininga*

Heyefnagreiningar geta nýst bæði í fóðuráætlanagerð og áburðaráætlanagerð. Mikilvægt er að taka sýni sem endurspegla heyforðann sem nota á yfir veturinn. Hægt er að taka safnsýni af mismunandi spildum sem voru slegnar á sama tíma og eru svipaðar í ræktun. Gott er að taka sýni úr hánni og grænfóðri ef slíkt er til. Ef tekið er verkað sýni þá þarf gróffóðrið að vera búið að verkast í 4-6 vikur áður en sýnið er tekið. Eigi að senda hirðingasýni til greiningar er gott að miða við að stærð þeirra sé um það bil einn handbolti á stærð.

### *Pantið heysýnatöku tímanlega*

RML býður upp á heysýnatöku að vanda og hægt er panta heysýnatöku og fóðurráðgjöf á heimasíðu RML (hnappur á forsíðu). Að panta heysýnatöku hjálpar okkur mikið þegar við skipuleggjum heysýnatökudagana - því hvetjum við bændur til að panta tímanlega. Einnig vil ég hvetja bændur til að kynna sér nýlegt samkomulag RML og Efnagreiningar ehf á Hvanneyri um afsláttarkjör á greiningum fyrir bændur í jarðræktar- eða fóðurráðgjafarpökkum hjá RML.

Ef vakna einhverjar spurningar er um að gera að hafa samband við eftirfarandi ráðunautar munu koma að heysýnatökunni í ár og geta veitt nánari upplýsingar.

Eiríkur Loftsson, el@rml.is, Jóna Þórunn Ragnarsdóttir jona@rml.is, Hjalti Sigurðsson hjalti@rml.is, Guðfinna Lára Hávarðardóttir, glh@rml.is, Baldur Örn Samúelsson, baldur@rml.is, Harpa Birgisdóttir, harpa@rml.is, Anna Lóa Sveinsdóttir, als@rml.is, Linda Margrét Gunnarsdóttir, linda@rml.is

*/Baldur Örn Samúelsson*
*Ráðunautur í fóðrun*
*baldur@rml.is*

Hausttilboð*
*á meðan birgðir endast
Verð áður: kr. 160.900 m/vsk
Verð nú: kr.139.900 m/vsk



Rekstrargangur fyrir sauðfé

1 stk. Flokkunarhlið
6 stk. Tengipinnar
4 stk. 2400mm Hliðgrindur
1 stk. Tengirammi
1 stk. Fellihlið

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss, Sími 480 5600, Opið alla virka daga kl. 8 - 17
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum, Sími 480 5610, Opið alla virka daga kl. 9 - 17
landstolpi.is, landstolpi@landstolpi.is, Við erum líka á Fésbók!

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

AÐALFUNDARBOÐ

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 50 ÁRA
1969-2019

DAGSKRÁ

**Föstudagur 30. ágúst**
Kl. 16:00 Móttaka á Bessastöðum.

**Laugardagur 31. ágúst**
**Katla 2, Bændahöllinni (Hótel Sögu)**
Kl. 9:00 Hefðbundin aðalfundarstörf og fræðsluerindi.
Kl. 12:00 Léttur hádegisverður.
Kl. 13:00 Ferð á Reykjanesið.
Leiðsögumaður: Sigríður Hanna frá Norðurkoti.
**Súlnasalur, Bændahöllinni (Hótel Sögu)**
Kl. 19:00 Hátíðarkvöldverður, skemmtiatriði og dans.
Veislustjóri: Jóhannes Kristjánsson.

**Verð og skráning**
Hátíðarkvöldverður kr. 9.900
Ferð um Reykjanesið og hátíðarkvöldverður 13.500
Nauðsynlegt er að skrá þátttöku í móttöku á Bessastöðum og í ferð um Reykjanesið og hátíðarkvöldverðinn info@icelandeider.is eða í síma 699 6571.
Frestur til skráningar er til 20. ágúst 2019.




Gámurinn er þarfaþing



Til leigu eða sölu:
- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is
Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

FRÉTTASKÝRING

Innflutningur á lambakjöti:

# Karpað um hryggi og hryggjarstykki



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara lagði til við landbúnaðarráðherra 26. júlí að gefinn yrði út tímabundinn innflutningskvóti á lækkuðum tollum til að bregðast við skorti á innlendum lambahryggjum og hryggsneiðum. Tillagan var dregin til baka þar sem við nánari athugun kom í ljós að talsvert var til af hryggjum í landinu.**

Samkvæmt tillögu ráðgjafarnefndarinnar stóð til að Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra veitti leyfi til að flytja inn lambahryggi og sneiðar á lækkuðum tollum á tímabilinu 29. júlí til 30. ágúst. Vegna fullyrðinga um að nóg væri til af hryggjum hjá sumum afurðastöðvum fól landbúnaðarráðherra ráðgjafarnefndinni að endurskoða birgðastöðuna og í framhaldi af því dró hún tillögu sína til baka.

*Lög um skort*

Svo virðist sem tillagan hafi verið lögð fram þar sem hryggir voru uppseldir hjá Kaupfélagi Skagfirðinga og birgðastaðan lág hjá Norðlenska. Samkvæmt gildandi lögum er það hlutverk ráðgjafarnefndarinnar að meta hvort skortur sé á tiltekinni vöru en til þess að svo sé þurfa tiltekin lagaskilyrði að vera uppfyllt, meðal annars þarf varan að vera fáanleg frá ákveðnum fjölda framleiðenda. Ef skortur er fyrir hendi skal nefndin gera tillögu til ráðherra um úthlutun tollkvóta þannig að heimilt sé að flytja umrædda vöru inn til landsins á lægri tollum.

*Skortur lá fyrir að sögn Félags atvinnurekenda*

Talsvert var karpað um tillöguna og gerði Félag atvinnurekenda meðal annars athugasemdir við tímabilið sem tollalækkunin átti að ná til og sagði það of stutt til að hægt væri að finna kjöt og flytja það til landsins. Þrátt fyrir það kom síðar í ljós að talsvert magn af hryggjum var á leið til landsins.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, sagði meðal annars á heimasíðu FA að legið hafi fyrir vikum saman að það stefndi í skort á lambahryggjum. Hann sagði einnig að innlendar afurðastöðvar hafi selt lambahryggi til útlanda í stórum stíl, á verði sem væri miklu lægra en það sem innlendri verslun stæði til boða. „Þannig er búinn til skortur.“

*Sauðfjárbændur hvöttu til að slátrun yrði flýtt*

Í yfirlýsingu sem Landssamtök sauðfjárbænda sendu frá sér vegna málsins hvatti LS sláturleyfishafa til að flýta slátrun og fullyrtu að ekki stæði á sauðfjárbændum að koma með lömb til slátrunar. Þar segir einnig að samkvæmt heimildum LS komi meirihluti erlendu hryggjanna sem átti að flytja inn frá Nýja-Sjálandi og bentu samtökin á að rúmir 17 þúsund kílómetrar væru á milli landanna.

*SS átti nóg af hryggjum*

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, sagði í samtali við Bændablaðið vegna hugsanlegs innflutnings að SS ætti nóg af hryggjum. Hann sagði einnig umræðuna um útflutning á hryggjum byggða á misskilningi þar sem 13 rifja klofnir hryggir séu flokkaðir undir sama tollanúmer og hryggir. „Afurðin er tekin af minnstu skrokkunum og er í raun allt önnur vara og innan við helmingur þess sem Íslendingar eiga að venjast og vilja kaupa sem hrygg. Í þetta eru valdir minnstu skrokkarnir sem hafa hryggi og eru varla boðlegir á innanlandsmarkaði.“

*Skorturinn endurskoðaður*

Við endurskoðun á birgðastöðu hryggja kom í ljós að talsvert var til af hryggjum hjá sumum afurðastöðvum og höfðu afurðastöðvarnar verslað með þá sín á milli. Norðlenska keypti til dæmis hryggi af Fjallalambi á Kópaskeri til að bæta birgðastöðu sína, auk þess sem hugmyndir voru uppi um að SKVH á Hvammstanga myndi hefja slátrun fyrr til að mæta kröfum innanlandsmarkaðar. Nú þegar er hafin slátrun þar á bæ.

Fyrsta ágúst komst ráðgjafarnefndin að þeirri niðurstöðu að ekki væri lengur fyrir hendi skortur á lambahryggjum. Í framhaldi af því dró Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra innflutningsleyfið til baka og ekkert varð af innflutningi á lambahryggjunum á lækkuðum tollum.



Íslenskt lambakjöt. Mynd / TB

## Lækkun tolla vinnur gegn innlendri framleiðslu

**Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að í byrjun ágúst hafi legið fyrir niðurstaða ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara þess efnis að ekki sé skortur á hryggjum og hryggsneiðum á Íslandi.**



Guðfinna Harpa Árnadóttir.

„Þar af leiðandi stendur ekki til að fella niður eða lækka magn- og verðtolla á hryggi og hryggsneiðar. Áður hafði nefndin komist að annarri niðurstöðu og lagt til verulega lækkaðan toll um mánaðartíma rétt fyrir og í upphafi sláturtíðar. Á þessum mánuði hefði hugsanlega mátt flytja inn ótakmarkað magn nema sérstök skilyrði hefðu verið sett.

Skortsákvæðið í búvörulögunum getur virkað þannig að inn sé flutt á lækkuðum eða niðurfelldum tollum mikið magn af ákveðinni vöru ef geymsluþolið er mikið og innflytjendur taka áhættuna, þrátt fyrir að skorturinn teldi aðeins rétt rúmlega 10% af eftirspurn tveggja dreifingaraðila. Sömuleiðis þarf ekki mjög mikið til að skortur sé úrskurðaður og því iðulega felldir niður tollar á grunni ákvæðisins til dæmis á kartöflum og öðru grænmeti á miðjum vetri þegar tveir framleiðendur eru uppiskroppa.

*Grefur undan matvöruframleiðslu*

Guðfinna segir að fyrirkomulagið geti grafið undan framleiðslu á matvöru hér innanlands. „Ef framleiðendur eiga það á hættu að koma ekki sinni vöru að í verslunum vegna þess að innflutt vara er þar fyrir á hærri framlegð fyrir verslunina, þá draga þeir saman í sinni framleiðslu þar sem hún verður ekki arðbær. Það er nefnilega ekki alltaf öruggt að tímabundin niðurfelling á tolli skili sér í lækkuðu verði til neytenda.“

Guðfinna segir að innflutningur á þessum vörum sé hins vegar ekki óheimill og því geta innflytjendur og verslunareigendur boðið hana þeim sem þær kjósa og þá á sambærilegu verði og innlenda vöru. „Jafnvel er innflutt vara í einhverjum tilfellum ódýrari þrátt fyrir tolla þar sem upphæðir tolla hafa ekki verið endurskoðaðar um langa hríð og framleiðslukostnaður minni víða erlendis.

Landssamtök sauðfjárbænda hafa ekki upplýsingar um verð til neytenda á innfluttu lambakjöti nú í sumar svo ekki hefur verið lagt mat á það hvort það er samkeppnishæft við það innlenda á verðgrunni. Lambakjötsverð til sauðfjárbænda í Nýja-Sjálandi er í það minnsta hærra en til íslenskra á þessu ári.

*Skortir verkfæri til að mæta markaðsbrestum*

Landssamtök sauðfjárbænda hafa gagnrýnt margt í þeirri atburðarás sem leiddi til þess að umræða kom upp um innflutning á hryggjarvörum.

„Landssamtök sauðfjárbænda hafa bent á að hér skorti verkfæri sem taki á þeirri stöðu sem verður þegar brestir verða á mörkuðum. Slíkir fyrirvarar eru byggðir inn í flest landbúnaðarkerfi og með þeim reynt að forða stjórnlausu hruni. Landssamtök sauðfjárbænda hafa bent á að nauðsynlegt sé að stýra að einhverju marki þeim hluta framleiðslunnar sem er fluttur úr landi, þó þannig að sem minnst inngrip verði í eðlilega markaðsþróun. Þannig má með auðveldari hætti takast á við sveiflur og jafnframt tryggja nægt vöruframboð á innanlandsmarkaði,“ segir Guðfinna.

Hún bendir á að þegar tollar eru felldir niður vegna skorts á ákveðinni vöru þá þurfi magnið sem flutt er inn að vera í samræmi við áætlaðan skort og þann tíma sem skortsástand varir.

„Þá þarf líka með einhverjum hætti að tryggja að þrátt fyrir niðurfellingu tolla sé ekki verið að flytja inn vöru á verði sem raskar jafnvægi í verðmyndun á markaði.“

Að sögn Guðfinnu getur niðurfelling og lækkun tolla unnið gegn því að innlend framleiðsla blómstri. Tollarnir séu settir á til þess að auka samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu og styðja þannig að matvælaöryggi, styðja við innlend störf og að einhverju leyti af byggðasjónarmiðum.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

## Endurskoða þarf lagaumgjörð um úthlutun tollkvóta

**Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði eftir að seinni niðurstaða ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara lá fyrir, að engir hryggir yrðu fluttir til landsins á lágum tollum og málinu því lokið.**



Kristján Þór Júlíusson.

Ráðuneytið sendi frá sér tilkynningu um málalyktir 1. ágúst en Kristján Þór fór einnig í saumana á því á Facebook-síðu sinni sama dag. Ráðherra gagnrýndi afurðastöðvar fyrir sinn þátt í málinu og sagði að það væri áminning um að endurskoða þyrfti lagaumgjörð um úthlutun tollkvóta.

„Samkvæmt gildandi lögum er það hlutverk ráðgjafarnefndarinnar að meta hvort skortur sé á tiltekinni vöru en til þess að svo sé þurfa tiltekin lagaskilyrði að vera uppfyllt, m.a. þarf varan að vera fáanleg frá ákveðnum fjölda framleiðenda. Ef skortur er fyrir hendi þá skal nefndin gera tillögu til ráðherra um úthlutun tollkvóta þannig að heimilt sé að flytja umrædda vöru inn til landsins á lægri tollum. Seint í síðustu viku lagði ráðgjafarnefndin til við mig að opnað yrði á tollkvóta á lambahryggjum í ljósi þess að skortur væri fyrir hendi. Áður en ég afgreiddi málið fékk nefndin upplýsingar um breytta birgðastöðu afurðastöðva. Meðal annars hafði ein afurðastöð, sem átti enga lambahryggi samkvæmt fyrri upplýsingum nefndarinnar, keypt lambahryggi af annarri afurðastöð. Eftir samráð við lögfræðinga ráðuneytisins var ljóst að í þessum upplýsingum fólst að forsendur fyrir niðurstöðu nefndarinnar um skort væru mögulega brostnar. Því var óumflýjanlegt annað en að óska eftir því við nefndina að hún myndi endurmeta fyrri afstöðu sína og beindi ég því sérstaklega til hennar að rannsaka birgðastöðuna eins náið og kostur væri. Sem fyrr segir liggur endanleg niðurstaða nefndarinnar nú fyrir þess efnis að ekki sé skortur á lambahryggjum,“ segir í færslu Kristjáns Þórs.

*Afurðastöðvar fóru fram úr sér*

Hann sagði að um málið mætti hafa mörg orð: „Ég tel til dæmis augljóst að afurðastöðvar fóru fram úr sér með því að flytja til útlanda síðastliðinn vetur umfangsmikið magn af hryggjum. Afleiðing þeirra ákvarðana virðist vera sú að þessar sömu afurðastöðvar geta nú ekki sinnt eftirspurn íslenskra verslana og þar með neytenda eftir hryggjum. Slík staða er ekki til þess fallin að gæta hagsmuna hvorki neytenda né bænda.“

*Ráðherra vill leggja nefndina niður*

Kristján Þór segir að málið sé áminning um að endurskoða þurfi lagaumgjörð þessara mála. „Almennt séð verður að teljast óeðlilegt að einstakar afurðastöðvar geti að sjálfsdáðum beitt sér fyrir því að koma í veg fyrir innflutning með því að versla sín á milli með þessum hætti. Úthlutun tollkvóta þarf raunar að endurskoða með heildstæðum hætti og hófst sú vinna á fyrri hluta síðasta árs. Afrakstur hennar má sjá í frumvarpi sem ég lagði fram í samráðsgátt stjórnvalda í síðasta mánuði en þar er m.a. lagt til að ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara verði lögð niður. Markmið frumvarpsins er m.a. að gera allt regluverk um úthlutun tollkvóta sanngjarnara og einfaldara. Þetta mál kallar mögulega á frekari breytingar á því frumvarpi en það verður lagt fram á Alþingi í haust,“ segir Kristján Þór. /TB



## Erlendir markaðir greinilega mikilvægari en innlendir

**„Mér finnst búið að vera ótrúlegt að fylgjast með umræðunni," segir Jón Örn Stefánsson, framkvæmdastjóri Kjötkompanís. „Eins og staðan hefur verið þá var greinilegur skortur á hryggjum og við fengum ekki það magn af íslenskum hryggjum sem við þurftum til að anna okkar viðskiptavinum."**

Jón Örn segir að hjá Kjötkompaníi hafi þeir orðið varir við skort fljótlega upp úr síðustu áramótum og vissu þá hvert stefndi en ástandið versnaði bara þegar á leið. „Okkar viðbrögð voru að taka inn alla þá íslensku hryggi sem við gátum og brúuðum bilið með hryggjum frá Nýja-Sjálandi. Við tókum nýsjálensku hryggina inn í gegnum milligöngufyrirtæki og fengum úrvalshryggi úr slátrun í janúar og febrúar á þessu ári sem voru stærðarflokkaðir eftir okkar óskum."

Að sögn Jóns Arnar var ekki um mikið magn að ræða til að brúa bilið fram að slátrun, hann vill þó ekki gefa upp magnið.

„Ástandið eins og það var síðustu mánuðina hvað varðar framboð á íslenskum hryggjum er algerlega óásættanlegt fyrir söluaðila eins og okkur. Kjötkompaní hefur í tíu ár unnið sleitulaust í vöruþróun og framsetningu á íslensku hráefni og náð töluverðum árangri að okkar mati. Svo kemur upp staða þar sem við fáum ekki það hráefni sem við þurfum á að halda vegna þess að erlendir markaðir eru orðnir mikilvægari en sá íslenski. Finnst okkur að okkur vegið og eitthvað rangt í gangi."



Jón Örn Stefánsson.

Jón segist hafa farið fram á að fá upplýsingar um hvað og hversu mikið hafi verið flutt út af lambakjöti, í hvaða stærðarflokkum og á hvaða verði frá síðustu sláturvertíð. „Mig langar að vita hvernig útflutningnum er háttað og hvort afurðastöðvarnar hafi farið fullgeyst í útflutningi á hryggjum en hef ekki fengi nægar upplýsingar þar um."

## Bónus tilkynnt í vor að allir hryggir væru búnir

**Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir að málið horfi þannig við sér að varan heilir lambahryggir séu aukaatriði í þessu máli en það eru vinnubrögðin og aðferðirnar í málinu sem vekja spurningar.**

„Bónus fékk tilkynningu snemma vors um að allir heilir hryggir fyrir Bónus væru búnir, í framhaldi fékk Bónus tilkynningar um hækkun á grillkjöti úr lambahrygg þar sem skortur væri á hryggjum. Lögmálið um framboð og eftirspurn réði því og skilningur á því hjá okkur.

Þegar síðar kemur í ljós samkvæmt Hagstofutölum að afurðir úr hryggjum hafi verið fluttar út í stórum stíl á verði sem íslenskum neytendum hefur aldrei staðið til boða, þrátt fyrir að íslenskir neytendur greiði um 5 milljarða í beingreiðslur til sauðfjárræktar, þá setur maður stórt spurningarmerki við slíkt.

Í framhaldi af þessu fóru Ferskar kjötvörur, í eigu Haga, að skoða innflutning á hryggjum þar sem engir hryggir og eða hryggjarliðir voru í boði.

Framhaldið þekkja allir, mikið



Guðmundur Marteinsson.

leikrit fór í gang og allt í einu fundust nokkrir magnkassar af hryggjum á síðustu stundu svo ráðherra afturkallaði heimild til innflutnings á hryggjum á lækkuðum tollum. Ferskar kjötvörur höfðu í millitíðinni pantað hryggi frá Nýja-Sjálandi sem voru úr slátrun 2018 og gert var ráð fyrir að kæmu til landsins á lækkuðum tollum eins og ummæli ráðherra gáfu tilefni til. Þegar á hólminn kom dró ráðherra lækkunina til baka og hryggirnir komu til landsins á fullum tollum."

Guðmundur segir að reyndar hafi ekki verið um mikið magn að ræða heldur nokkur tonn sem seld verða í Bónus á 2.598 krónur kílóið og má geta þess að hlutur ríkisins í því verði er um 40% í formi tolla og virðisaukaskatts.

## Mögulega fóru sumir fram úr sér í útflutningi

**Ágúst Torfi Hauksson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa, segir að það hafi legið fyrir að ekki væri til mikið af innlendum hryggjum í landinu en að þeir séu enn til þrátt fyrir að hann hafi ekki nákvæmar tölur á hraðbergi enda deili afurðastöðvar ekki birgðaupplýsingum sín á milli.**




Ágúst Torfi Hauksson.

„Sláturhús KVH á Hvammstanga slátraði einhverjum hundruðum dilka í síðustu viku og það kjöt er að koma á markað.

Þegar til stóð að leyfa innflutning á hryggjum á lægri tollum var ljóst að það var lítið til af þeim hjá í það minnsta tveimur afurðastöðvum. Það lá einnig fyrir að aðrar afurðastöðvar áttu umfram það sem þær töldu sig þurfa til að selja sínum viðskiptavinum því enn var fáanlegur lambahryggur á markaði. Eftir viðskipti með hryggi milli aðila á markaði breyttist staðan á þá lund að ekki var lengur talinn skortur á vörunni í skilningi laga samkvæmt ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara."

Ágúst segir að aðdróttanir í þá átt að um sölu vöru milli afurðastöðva séu óeðlilegir viðskiptahættir séu fráleitar. „Ef það væri brot á samkeppnislögum væru menn að brjóta samkeppnislög í hverjum mánuði og væru búnir að gera í mörg ár. Kjötviðskipti í öllum kjöttegundum eru stöðug viðskipti milli vinnslu og slátrunaraðila. Framleiðsla á kjöti er það sem kallast öfugframleiðsla sem felst í því að tekið er stórt stykki og það bútað niður og selt þannig. Þetta er grundvallarmunur á framleiðslunni og ólík framleiðslu þar sem hlutar eru settir saman og seldir sem heild. Við svona framleiðslu og til að allt gangi upp þarf salan að vera í samræmi við hlutana sem eru í boði. Því miður er raunveruleikinn aldrei þannig þrátt fyrir að afurðastöðvarnar reyni að komast eins nálægt því og þær geta. Sumum gengur betur að selja eina vöru og öðrum aðra og ekkert óeðlilegt við að það eigi sér stað viðskipti með hráefni til framleiðslu milli aðila á eðlilegum forsendum.

Ég tel það alvarlega rangfærslu þegar því er haldið fram að afurðastöðvarnar hafi verið að búa til skort á hryggjum. Samkvæmt lagarammanum sem fyrirtækin vinna eftir er þeim óheimilt að hafa samráð um birgðastöðu og slíkt samráð á sér ekki stað. Hvert fyrirtæki tekur sína ákvörðun og það má vel vera að eitthvert þeirra hafi farið fram úr sér í útflutningi en það eru ekki samantekin ráð til að skapa skort. Fyrirtæki fengu einfaldlega sölu og nýttu sér það meðal annars vegna þess að birgðir hafa undanfarin ár verið óþægilega miklar og gengið gaf eftir á síðasta ári og því hagstætt til útflutnings.

Eftir á að hyggja má því segja að sum fyrirtæki hafi farið bratt í útflutninginn vegna hagstæðra viðskipta. Það segir sig hins vegar sjálft að það að búa til skort með þeim afleiðingum sem slíkt hefur er glórulaust bull og myndi enginn í greininni gera viljandi," segir Ágúst.

## Pólitík á ekki að ráða aðgengi að vöru

**Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, segir ljóst að um skort á lambahryggjum hafi verið að ræða. „Við höfum ekki getað fengið það magn sem við höfum viljað í sölu og það hefur verið staðan í talsverðan tíma og vorum við fyrir löngu upplýst um stöðuna af okkar aðalbirgja. Við eigum gott samstarf við hann og það lá fyrir snemma á þessu ári að við fengjum ekki það magn af íslenskum hryggjum sem við þurftum til að anna eftirspurn. Síðan hefur gott veður líka haft áhrif á eftirspurnina og þar með varð skorturinn meiri en gert var ráð fyrir.**

Hún segir ekki hægt að alhæfa um hvort allar afurðastöðvarnar haldi að sér höndum þegar kemur að sölu ákveðinna afurða til að selja en ljóst að einhverjir voru að nýta sér skort á hryggjum til að koma minna vinsælum vörum í sölu. „Til dæmis þurftum við að kaupa tvö læri og tvo framparta af ákveðinni afurðastöð til að fá afgreidda hryggi og það eru vinnubrögð sem við erum ekki sátt við."

Gréta segir að Krónan sé í viðskiptum við marga framleiðendur og reyni að kaupa af þeim vörur í samræmi við framboð en þau geti auðvitað ekki ráðið því hvort að þeir selji þeim eða ekki.

„Krónan hóf undirbúning innflutnings á hryggjum í kjölfar þess að landbúnaðarráðherra ætlaði að fella niður tolla af þeim. Markmið verslunarinnar er að þjónusta viðskiptavini okkar og ef það er



Gréta María Grétarsdóttir.

skortur á vöru, hvort sem það er grænmeti eða kjöt, þá reynum við að finna sambærilega vöru þannig að viðskiptavinir geti haldið áfram að versla við okkur. En um leið og kom í ljós að það var magn til sem við gætum fengið þá tókum við þá ákvörðun að hætta við innflutning."

Að sögn Grétu tók Krónan prufu af erlendum hryggjum frá innlendum heildsala en að þeir hafi ekki verið ætlaðir til sölu en að fyrir mistök hafi þeir verið settir fram í einni verslun.

Gréta segir líta uppákomuna sem varð vegna hryggjamálsins mjög alvarlegum augum. „Okkar hlutverk er að þjónusta viðskiptavini, það að eiga vörur til þegar viðskiptavinir þurfa á vörunni að halda skiptir mestu máli. Pólitík á ekki að ráða því hvort viðskiptavinir geta gengið að vörum eða ekki. Það eru hagsmunir allra að eiga vörur til og þegar aðstæður eru þannig að skortur er á vöru er eðlilegt að heimila innflutning í stað þess að skortur sé.

Það er síðan enn alvarlegra ef þetta er einhver leikur til að reyna að ná upp verði eða til að selja aðra hluta lambsins, það eru viðskiptahættir sem við sættum okkur ekki við."

## „Við eigum aldrei að flytja inn lambakjöt"

### – segir Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra

**Guðna Ágústssyni, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, rann blóðið til skyldunnar þegar umræðan um innflutning á lambahryggjum stóð sem hæst. Hann sagði frá því í viðtölum að það hefði verið fyrir atbeina ráðherra í ríkisstjórn að ekkert varð að heimild til þess að hleypa inn í landið innfluttu lambakjöti á lágum tollum.**

„Það munaði ekki dögum heldur klukkutímum að Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra yrði við uppspuna og einhliða áróðri þeirra Ólafs Stephensen og Andrésar Magnússonar sem alltaf láta eins og þeir séu „landshöfðingjar", og hafa einbeittan brotavilja gagnvart landbúnaðinum. Þeir fara offari gegn bændunum okkar. Að ráðherra skuli hafa ætlað að verða við röngum fullyrðingum þessara manna að leyfa takmarkalausan innflutning á lambahryggjum allan ágústmánuð er dæmalaust. Við eigum aldrei að flytja inn lambakjöt eða vatn, ferskt eða frosið," segir Guðni sem þakkar Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra að hafa tekið málið upp meðal samráðherra sinna.

„Hún stakk niður hælum og gerði kröfu um ríkisstjórnarfund um málið þar sem það væri grundvallar stefnubreyting gagnvart bændum og þar með strandaði vitleysan. Ég efast svo sem ekki um að mikið hafi gengið á á ríkisstjórnarheimilinu og þeir Ólafur og Andrés barið á landbúnaðarráðherra að standa við ætlunarverkið. En ég held eftir á að allir andi léttar og ekki síst ráðherrar ríkisstjórnarinnar."

#### *Auðvelt að hefja slátrun í júlí*

Guðni segir að neytendur hefðu ekki beðið um nýsjálenska lambahryggi sem væru fluttir rúmlega 17 þúsund kílómetra leið yfir hnöttinn. „Tveggja til þriggja ára gamalt kjöt þegar talsvert magn var enn til í landinu eins og kom á daginn og haustvæn sumarlömb í högum. Það hefði verið auðvelt að hefja slátrun um miðjan júlí á svona sumri. Ráðherrann hefði nú verið meiri maður hefði hann krafist sumarslátrunar og boðist til að skjóta fyrsta lambhrútinn, þá væri hann hetja bæði bænda og neytenda."

Guðni dregur í efa að verslunin hafi áhuga á að selja erlenda hryggi. „Ég talaði við marga verslunarmenn sem kærðu sig ekkert um þetta og frábiðja sér málflutning þeirra kumpána gagnvart landbúnaðinum og lambakjötinu. Sumir sögðust aldrei hleypa því inn í sína verslun, þeir vilja bara selja íslenska lambið. Það var líka mikið lán að Krónan, ein stærsta verslunarkeðjan, sá að sér og hætti við að taka nýsjálenska hryggi í sölu."

#### *Spyrjum um upprunann*

Guðni segir upprunamerkingar mikilvægar við þessar aðstæður og



Guðni Ágústsson.

að það sé skýlaus réttur neytenda að fá réttar upplýsingar. „Það ríður mikið á því fyrir neytendur að allt kjöt og allar matvörur séu merktar frá hvaða landi þær eru, bæði í verslunum, veitingastöðum og hótelum. Fánalitirnir hjá grænmetisbændum segja satt. Nú hóta þeir Ólafur Stephensen og Andrés Magnússon að keyra kjötið inn í landið á fullum tollum. Ætla þeir að umpakka því og kannski selja það sem íslenskt lambakjöt og hvaða innflytjandi vill leggja nafn sitt við svona vinnubrögð?"

Guðni segir að það eigi ekki af bændum að ganga. „Eftir tvö mjög erfið ár hjá sauðfjárbændum stóð til að keyra þá norður og niður nánast í heimaslátrun.

Það er gríðarlegt verkefni fram undan hjá bændum að snúa vörn í sókn. Fólkið í landinu stendur með þeim. Lambakjötið okkar er heilög vara á heimilum landsmanna. Og ferðamenn eru ekki hingað komnir til að borða lambakjöt frá Nýja-Sjálandi," segir Guðni Ágústsson.

/TB



Það kennir ýmissa grasa í gróðurhúsunum í Völlum. Hér er Bjarni Óskarsson með hindber og fíkjutréð er ekki langt undan. Bjarni segir að í byrjun hafi ræktunin verið til gamans en svo hafi sú hugmynd skotið upp kollinum að reyna að skapa sér tekjur af starfseminni á bænum. Nú er rekin sveitabúð á bænum og margt annað spennandi í pípunum. Myndir / Margrét Þóra Þórsdóttir




Vellir í Svarfaðardal.



Gamla mjólkurhúsið hefur verið nýtt undir Litlu sveitabúðina. Nú stendur til að hefja framkvæmdir og stækka rýmið.



Vellir úr lofti. Sólberjaakrarnir sjást vel í hægra horninu uppi. Þar eru í allt um 3.500 plöntur. Mynd / Bauke

## Rækta ber, grænmeti og kryddjurtir í Völlum í Svarfaðardal:

# Engar viðskiptaáætlanir heldur hefur eitt leitt af öðru

## – segir Bjarni Óskarsson, sem ætlar að byggja við húsakynni sveitabúðarinnar og koma upp kaffihúsi

**„Hér hafa aldrei verið gerðar viðskiptaáætlanir né lagt upp með einhver svakaleg plön. Þetta er meira svona að eitt hefur leitt af öðru," segir Bjarni Óskarsson, sem ásamt eiginkonu sinni, Hrafnhildi Ingimarsdóttur, er með fjölbreytta starfsemi í kirkjustaðnum Völlum í Svarfaðardal.**

Einkum og sér í lagi rækta þau ber af ýmsu tagi og nýta til framleiðslu sinnar, gera m.a. sultur og saft, þá eru þau með grænmetis- og kryddræktun, bleikjueldi, veitingaþjónustu og annað tengt. Þau keyptu Velli árið 2004 og fyrstu hugmyndir þeirra voru að koma sér upp friðsælu athvarfi, fjarri skarkala höfuðborgarinnar þar sem þau bjuggu og höfðu verið áberandi í veitingarekstri, áttu og ráku nokkra veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu.

Kúabú var rekið í Völlum þegar þau Bjarni og Hrafnhildur keyptu, en þáverandi ábúendur voru að flytja sig um set á aðra jörð. Bjarni segir að fyrst og fremst hafi þau með kaupunum hugsað sér að koma sér upp rólegum sælureit sem þau myndu heimsækja af og til og hlaða batteríin, jafnframt því að stunda skógrækt. „Þetta er það sem við byrjuðum á, en svo hefur starfsemin heldur betur undið upp á sig og við erum hvergi nærri hætt," segir Bjarni.

### *Veitingarekstur í gamalli hlöðu*

Þau byrjuðu á að taka íbúðarhúsið í gegn og síðan kom röðin að öðrum húsakynnum á jörðinni, en fyrir var þar gömul hlaða, fjós með mjólkurhúsi og vélaskemma. Litla sveitabúðin er starfrækt í mjólkurhúsinu sem áður var, í fjósinu hefur verið komið upp eldhúsi þar sem m.a. eru gerðar sultur og saft og margvíslegt annað góðgæti úr ræktuninni í Völlum. Gamla hlaðan hýsir notalega veitingaaðstöðu þar sem komast um 70 manns fyrir í einu. Hún er eingöngu leigð út til hópa, minnst 20 manns í einu, og panta þarf fyrirfram. „Við leggjum áherslu á að bjóða mat sem að stærstum hluta er framleiddur hér heima við eða í næsta nágrenni," segir Bjarni.




Fjölbreytnin ræður ríkjum í sveitabúðinni í Völlum.

Hann segir að þau hafi fyrst og fremst byrjað á ræktuninni sér til gamans og svo hafi sú hugmynd skotið upp kollinum að reyna að skapa sér smávægilegar tekjur af starfseminni á bænum. Fyrstu plön voru að koma af og til að Völlum og njóta sveitasælunnar en hin síðari ár er fyrirkomulagið þannig að þau mæta í Velli snemma vors og eru fram undir jól. „Það er svo mikið að gera og þetta er svo óskaplega gaman," segir Bjarni.

### *Sveitabúðin nýtur vinsælda*

Vinsældir Litlu sveitabúðarinnar hafa vaxið ár frá ári og er mikil umferð alla daga, fólk sem lítur við, skoðar úrvalið, verslar og nýtur þess að spóka sig um á hlaðinu í gamla kirkjustaðnum Völlum. Bjarni segir að fyrir liggi nú að þau muni stækka verslunina og bæta við veitingasölu, setja upp kaffihús með einföldum matseðli, súpu, belgískum vöfflum og einhverju slíku. Sem stendur geta gestir keypt sér uppáhellt kaffi og einnig er í boði ís sem slegið hefur í gegn.

Teikningar að viðbótarhúsnæði eru tilbúnar og væntir Bjarni þess að framkvæmdir hefjist innan skamms


Úrvalið í Litlu sveitabúðinni er fjölbreytt en þar er m.a. að finna sultur og saft sem ábúendur í Völlum útbúa úr eigin framleiðslu.


Vínber, jarðarber, hindber og brómber eru ræktuð í gróðurhúsunum en svo er líka verið að prófa sig áfram með fleiri tegundir.


Reykofninn er vel nýttur og alls kyns sem inn í hann fer. Að þessu sinni var verið að reykja lunda.

en stefnt er að því að húsnæðið verði tilbúið næsta vor eða í byrjun sumars. Viðbyggingin kemur í beinu framhaldi af núverandi verslun og gerður verður stór pallur við suðurhliðina þar sem hægt verður að njóta veitinga í veðurblíðunni.

*Sólberjaakur settur upp í tilraunaskyni*

Úti við hafa verið reist 7 gróðurhús sem nýtt eru undir berjaræktun, jarðarber, hindber og brómber, en á akri neðan við íbúðarhúsið er sólberjaakur, um 3500 plöntur sem í góðu ári gefa vel af sér. „Mig langaði að prófa hvort hægt væri að rækta sólber í einhverju magni hér úti og kom mér upp þessum akri. Við höfum nýtt afraksturinn til eigin framleiðslu, m.a. gerum við sólberjasultu og sólberjasaft, en einnig höfum við svigrúm til að selja aðeins frá okkur til annarra. Bjarni segir að hugmyndin hafi fyrst og fremst verið sú að sýna fram á að þetta væri hægt og í framhaldinu að kynna hana fyrir öðrum. „Því þetta getur verið ágætis aukabúgrein t.d. fyrir þá sem reka sauðfjárbú, berin eru tilbúin um það bil sem göngur og réttir eru afstaðnar þannig að þá væri hægt að snúa sér að sólberjunum. Ef þeim eru fyrir komið á akri þar sem hægt er að nýta vélar til upptöku tekur ekki langan tíma að taka upp.

Við flytjum því miður inn mikið magn af sólberjum sem mér sýnist alveg grundvöllur fyrir að rækta hér á landi. Ég er viss um að markaðurinn er til staðar, sólber eru m.a. nýtt í jógúrt og skyr, sultur og safa og flutt inn í miklu magni með tilheyrandi kolefnisfótspori og gjaldeyriseyðslu,“ segir Bjarni.

*Framleiðsla á súkkulaði í bígerð*

Auk berjanna er rabarbari ræktaður í Völlum, nokkrar káltegundir og krydd. Allt er það nýtt í framleiðsu heima á bæ og selt ánægðum viðskiptavinum. Þá er fyrir hendi ágætis tjörn ofan bæjar þar sem eru um 1000 bleikjur og endur vappa um og njóta dagsins allt um kring sem og nokkur landnámshænsn. Bjarni hóf einnig að planta hvönn við bæjarlækinn og nýtir hana á margvíslegan máta.

Reykofn er í gangi alla daga og þangað inn rata hin ýmsu matvæli, lundi var í reyk þegar Bændablaðið staldraði við í Völlum, en bleikja er reykt þar líka, ostar, lax og gæs auk þess sem tilraunir eru gerðar með t.d. hnetur, smjör, kartöflur og tómata svo eitthvað sé nefnt.

„Ég hef mjög gaman af þessu brasi, nýjar hugmyndir fæðast nánast á hverjum degi og sumar komast áfram á framkvæmdastig, ég ætla núna að prófa mig áfram í að búa til súkkulaði sem verður með berjum og reyktum hnetum og held að það muni vekja athygli,“ segir Bjarni.

/MÞÞ

KAUPLAND



LED ljós
20Wött Stærð 600X124X43mm, 2000 lúmen.
40Wött Stærð 1200X124X43mm, 4000 lúmen.
60Wött Stærð 1500X124X43mm, 6000 lúmen.
6000 Kelvin. 5 ára ábyrgð.



**Hentar:** Í öll votrými og allan iðnað, landbúnað, bílageymslur og margt fleira.

5 YEAR WARRANTY
DLC UL TÜV CE IK08 IP65

www.kaupland.is Í allar byggingar sími 844-9484



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB lyftara

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is








65 1954-2019
DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

SPJALLAÐ VIÐ BÆNDUR



Nýja fjósið á Litla-Ármóti er bjart og fallegt og það fer einstaklega vel um kýrnar þar. Burðarvirki og steinullareiningar eru frá Límtré Vírnet en Fóðurblandan útvegaði innréttingar og mjaltabúnað.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

### Mikill kraftur í ungum kúabændum á bænum Litla-Ármóti í Flóa:

# Nýja fjósið verður algjör bylting í búskapnum

**Gaman er að koma á bæinn Litla-Ármót í Flóahreppi og finna þar kraftinn og jákvæðnina í ungum kúabændum sem hafa nýlega eignast jörðina. Hjónin Hrafnhildur Baldursdóttir og Ragnar Finnur Sigurðsson eru að ljúka við byggingu nýs og glæsilegs hátæknifjóss. Saman eiga þau tvo frísklega stráka, Baldur Ragnar, sem er sjö ára og Nikulás Tuma, sem er fimm ára. Fjölskyldan er samhent, kát og hress og lifir skemmtilegu lífi. En byrjum á að forvitnast um bændurna.**

***Fæddur á Oddsstöðum í Lundarreykjadal***

Ragnar Finnur Sigurðsson fæddist 1983 hjónunum Sigurði Oddi Ragnarssyni og Guðbjörgu Ólafsdóttur og ólst hann þar upp með fjórum systkinum. Eftir barnaskóla að Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal var stefnan sett á stúdentspróf frá náttúrufræðibraut Fjölbrautaskóla Vesturlands. Eftir fjölbraut tók Háskóli Íslands við og lögð stund á verkfræði. Þarna entist Ragnar stutt við en á öðru ári hafði hann samband við Magnús B. Jónsson hjá Landbúnaðarskóla Íslands á Hvanneyri og hóf þar nám skömmu síðar. Ragnar lauk námi þar í B.sc í búvísindum árið 2007. Sama ár að hausti hóf hann nám við raungreinadeild landbúnaðarháskólans að Ási í Noregi þar sem hann lærði byggingaverkfræði með áherslu á landbúnaðarbyggingar.

„Það sem einkennir þessi löngu námsár er að lærdómurinn fólst mikið í þeirri aukavinnu og sumarvinnu sem maður kom sér í þar sem maður kynnist verkháttum og góðu fólki hvort sem það var í Borgarfirði eða Noregi. Eftir að náminu lauk bauðst mér vinna hjá norsku ráðgjafarsamtökunum NLR, vann ég þar við ráðgjöf í byggingarmálum bænda þar til ég fluttist til Íslands 2012 með fullan skilning á þrá forfeðra okkar á tímum Noregskonunga til heimferða," segir Ragnar og glottir.

***Hrafnhildur er frá Litla-Ármóti***

Hrafnhildur Baldursdóttir er fædd 1983. Foreldrar hennar eru Baldur Indriði Sveinsson og Betzy Marie Davidsson. Þegar hún var eins árs keyptu foreldrar hennar Litla-Ármót í Hraungerðishreppi (nú Flóahreppur) og ólst hún því upp þar ásamt tveimur systkinum, þeim Davíð Inga (1981) og Sólrúnu Maríu (1989). Hún var í grunnskóla í Þingborg frá sex til tólf ára aldurs en áttunda, níunda og tíunda bekk tók hún í skóla á Selfossi. Næst lá leið hennar í Fjölbrautaskóla Suðurlands á náttúrufræðibraut. Eftir skólaárin þar tók hún sér eitt ár frí frá skóla og vann í SS, afleysingakennslu í grunnskóla og leikskóla ásamt íþróttaþjálfun. Haustið 2004 tók við nám á Hvanneyri þar sem hún tók BS-nám í búvísindum og útskrifaðist 2007. Eftir það var haldið til Noregs í meistaranám með áherslu á fóðurfræði kúa.



Bændurnir Hrafnhildur Baldursdóttir og Ragnar Finnur Sigurðsson með strákana sína tvo, þá Nikulás Tuma og Baldur Ragnar. Þeir eyða miklum tíma í fjósinu með foreldrum sínum og una sér þar vel.




Nýja fjósið á Litla-Ármóti á eftir að breyta öllu fyrir kúabúskapinn á staðnum að sögn ábúenda. Þessar vikurnar er verið að leggja lokahönd á smíði fjóssins.

***Hefur víða komið við***

„Ég hef unnið við ýmis störf í gegnum árin og markmiðið var að prufa sem flest störf áður en ég myndi velja mér framtíðarstarfið. Ég hef starfað eins og áður sagði við afleysingar við kennslu í grunn- og leikskóla, einnig á sambýli og starfað erlendis við hross, börn og á veitingastað. Námið erlendis var gott en einnig fékk ég mikla reynslu í fóðurráðgjöfinni í Noregi á kúabúi, ásamt því að vera starfsmaður á kúabúi. Ég vann við fóðurráðgjöf hjá Búnaðarsambandi Suðurlands en færðist svo yfir í RML þegar það var stofnað. Nú starfa ég eingöngu við búskapinn," segir Hrafnhildur.

***Mjólkurframleiðslan er númer 1, 2 og 3***

Ragnar og Hrafnhildur tóku formlega við kúabúskapnum 1. maí 2013 af foreldrum Hrafnhildar en þau höfðu verið með búskap á bænum síðan 1984. Á Litla-Ármóti er mjólkurframleiðslan aðalatriðið



Hrafnhildur og Ragnar tóku formlega við kúabúskapnum 1. maí 2013 af foreldrum Hrafnhildar en þau höfðu verið með búskap á bænum síðan 1984. Á Litla-Ármóti er mjólkurframleiðslan aðalatriðið með kjötframleiðslu sem hliðargrein og sölu á afurðum beint frá býli.



Það skemmtilegasta sem litlu strákarnir gera í nýja fjósinu er að fara í kappakstur á traktorunum sínum á fóðurganginum, enda nóg pláss og vítt til veggja.



Tvær vinnukonur eru á Litla-Ármóti, þær María Sif Rosse Indriðadóttir frá Ysta-Koti í Vestur-Landeyjum, sem er 15 ára, og Freyja Björk Þorsteinsdóttir, 13 ára úr Kópavogi.

með kjötframleiðslu sem hliðargrein og sölu á afurðum beint frá býli. Baldur og Hrafnhildur hafa látið gelda naut og þá kallast þau uxar, sem að þeirra mati gefur betri framleiðsluafurð.

*Undirbúningur að fjósframkvæmdum hófst 2016*

Nú er verið að ljúka við byggingu nýs og glæsilegs fjóss á hlaðinu á Litla-Ármóti. Um fimmtíu kýr eru komnar inn í fjósið og mjaltaþjónninn er farinn að virka vel. „Við byrjuðum á undirbúningi 2016 með hugmyndavinnu og þess háttar. Svo um haustið 2017 var byrjað á jarðvegsframkvæmdum. Í maí 2018 hófst svo vinna við bygginguna sjálfa. Áætlað er að fjósið verði komið í fulla notkun núna í haust. Við keyptum burðarvirki og steinullareiningar af Límtré Vírnet og var það mjög góð ákvörðun. Allt stóðst hjá þeim og frábær þjónusta. Varðandi innréttingar og mjaltatækni tókum við það hjá Fóðurblöndunni. Aðstaðan er hönnuð fyrir eina mjaltastöð ásamt uppeldi, með möguleika fyrir breytingar í framtíðinni,“ segir Ragnar alsæll með nýja fjósið.

*Ekki erfið ákvörðun*

Þegar hjónin voru spurð að því af hverju þau hafi ákveðið að fara út í byggingu nýs fjóss verður Hrafnhildur fyrir svörum: „Það var ekki mjög erfið ákvörðun þar sem vitað mál var að í einhverjar framkvæmdir þurftum við að fara í. Hins vegar tók tíma að ákveða hvar og hvernig framkvæmdin ætti nákvæmlega að líta út. Við hönnun hússins var það haft að leiðarljósi að möguleiki yrði á að geta breytt sem mestu inni í húsinu ef þörf væri á og einnig að húsið gæti nýst til annara nota ef ekki yrði áfram mjólkurframleiðsla í því.“

*Bændur dragast aftur úr í launum*

Tal okkar berst nú að stöðu kúabænda og greinarinnar. Hvernig líst Ragnari og Hrafnhildi á hana árið 2019?

„Okkur líst ekki nógu vel á stöðuna þar sem að greinilegt er að bændur eru að dragast aftur úr hvað varðar laun. Það er alltof oft ætlast til þess að lítið sem ekkert kosti fyrir bændur þrátt fyrir sífelldar hækkanir í samfélaginu. Við getum ekki keppt við auknar kröfur fólks um hærri laun og meira frí, við þurfum að standa okkar vakt og huga að búskapnum, bændur eru ekki að fá frí eða hærri laun, það er heila málið,“ segir Ragnar og Hrafnhildur bætir við: „Það er gott að auknar kröfur séu um dýravelferð og leggjum við okkar af mörkum að dýrunum sem fæðast hjá okkur líði eins vel og kostur er á meðan þau eru í okkar vörslu. Það er hins vegar alveg ljóst að um leið og krafan um velferð eykst þá eykst kostnaður bóndans líka og því erfitt að ætla stöðugt að auka kostnað án þess að innkoma aukist þar sem afkoman er eins og hún er.“

*Nýja fjósið breytir öllu*

Hjónin eru sammála um að nýja fjósið verði algjör bylting í búskapnum en það taki tímann sinn að venja kýrnar við nýjar aðstæður og ekki síst mjaltaþjóninn. „Fjósið mun vonandi verða til þess að dýrum og mönnum líði vel í því, allir búi við góða aðstöðu og allt verði frjálsara og betur aðlagaðra að kröfum nútímans,“ segir Ragnar. Að lokum hvetja þau Ragnar og Hrafnhildur fólk til að velja íslenskar landbúnaðarvörur eins og hægt er því þá sé verið að gera umhverfinu sem mestan greiða og kolefnisfótsporið minnkar um leið. /MHH












HROSS & HESTAMENNSKA

## Fjölskylduhátíðin „Saman á Melunum“ tókst vel í alla staði:

# Nýir startbásar teknir í notkun

## – Fyrirheit um nánari samvinnu hestamannafélaganna Léttis og Funa

**Hátíðin „Saman á Melunum“ var haldin á Melgerðismelum í Eyjafirði á dögunum, en um var að ræða samstarfsverkefni Hestamannafélaganna Léttis á Akureyri og Funa í Eyjafjarðarsveit. Lagt var upp með samveru á Melunum, að njóta þess sem Melgerðismelar hafa upp á að bjóða en þar er sannkölluð útivistarparadís fyrir hestamenn.**

Léttri mótadagskrá var blandað saman við almenna dagskrá, en hún samanstóð af töltkeppni þar sem keppnisknapar og reynsluboltar dæmdu.

*Nýir startbásar teknir í notkun*

Þá voru af þessu tilefni vígðir nýir startbásar sem félögin tvö eiga sameiginlega. Sigfús Ólafur Helgason, framkvæmdastjóri Léttis, segir að með vígslu nýrra startbása hafi 25 ára gamall draumur hestamanna á Akureyri og Eyjafirði ræst. KEA styrkti framtakið myndarlega að hans sögn. Vel þykir hafa tekist til með nýju startbásana, en Léttisfélagarnir Birgir Árnason og Gunnar Óli Vignisson báru hitann og þungann af smíði þeirra. „Básarnir eru frábærlega vel hannaðir og smíðaðir af þeim félögum svo ekki verður betur gert,“ segir Sigfús.„Ljóst er að með tilkomu startbásanna er vonandi að renna upp ný saga kappreiða í skeiðgreinum sem og öðrum hlaupagreinum hér um slóðir og spennandi tímar fram undan.“

Hestamannafélagið Funi stóð fyrir kynningu á Trec íþróttinni en mikill áhugi er fyrir greininni á meðal Funamanna. Sigfús segir enn sem komið er ekki komið fram íslenskt nafn á þessari íþrótt en um er að ræða eins konar þrautabraut sem knapi og hross fara um. Slík braut er fyrir hendi á Melgerðismelum fyrir þá sem vilja spreyta sig.



Reiðleiðin milli Akureyrar og Melgerðismela er góð og það nýttu sér margir sem fóru þá leiðina á hátíðina.
Myndir / Sigfús Ólafur Helgason

*Góður reiðvegur milli Akureyrar að Melgerðismela*

„Þessi helgi okkar hestamanna á Melgerðismelum var alveg frábær í alla staði, veðrið lék við gesti, veitingar allar hinar mestu og bestu, matmikil kjötsúpa á föstudagskvöldinu, morgunmatur á laugardag og sunnudag, vöfflukaffi og kakó sem og heljarinnar grillveisla á laugardagskvöldinu eftir sameiginlegan reiðtúr og svo lauk kvöldinu með varðeldi og einmitt þá kom berlega í ljós að nafn hátíðarinnar „Saman á Melunum“ var fullkomnað. Þetta gefur fyrirheit um nánara samstarf félaganna í framtíðinni,“ segir Sigfús.

Þónokkuð var um að menn riðu til hátíðarinnar en þess má geta að nú liggur góður reiðvegur frá Akureyri að Melgerðismelum með nokkrum góðum áningarstöðum á leiðinni, en það segir Sigfús að gefi góð fyrirheit um aukna notkun á Melgerðismelum sem útivistarparadísar fyrir hestamenn í framtíðinni. /MÞÞ



Björn J. Jónsson, formaður Léttis á Akureyri, og Gunnar Örn Vignisson, einn þeirra sem sá um smíði á startbásunum.



Með tilkomu nýju startbásanna vona menn að nýju blóði verði hleypt á í sögu skeiðgreina í Eyjafirði.





Tindrandi Tíról

24. - 29. september Haust 10
Fararstjórn: Inga Ragnarsdóttir

Tíról í Austurríki er heill ævintýraheimur út af fyrir sig. Fegurð Alpafjallanna umlykur okkur þar sem við dveljum í fjallabænum Seefeld þaðan sem farið verður í skemmtilegar skoðunarferðir, m.a. í Swarovski kristalverksmiðjuna og til vínbónda í Isarco dalnum. Einnig verður komið til Garmisch-Partenkirchen og farið með kláfi upp á hæsta fjall Þýskalands, Zugspitze.

Verð: 169.900 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík


## Námskeiðið „Reiðmaðurinn“ hjá LbhÍ:

# Ætlað fróðleiksfúsum hestamönnum

**Landbúnaðarháskóli Íslands býður upp á hið vinsæla nám „Reiðmaðurinn“. Námið er byggt upp sem röð af helgarnámskeiðum þar sem nemendur koma einu sinni í mánuði með sinn hest og taka fyrir ákveðinn hluta af reiðmennskunni. Vegna fjölda fyrirspurna fer af stað nýr hópur í september, í reiðhöll Spretts í Kópavogi.**

*Viltu bæta við þekkinguna?*

Reiðmaðurinn er nám ætlað fróðleiksfúsum hestamönnum og áhugafólki um reiðmennsku sem vill auka við þekkingu sína og færni í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi.

*Áhersla á bætta reiðmennsku*

Námskeiðið er byggt upp af námi í reiðmennsku og er megináherslan lögð á það. Hluti er bóklegur, þar sem m.a. er fjallað um sögu og þróun hestsins, fóðrun hans, frjósemi og kynbætur. Reiðmaðurinn er tveggja ára nám og er metið til 33 ECVET-eininga á framhaldsskólastigi.

*Blandað nám*

Farið er í bóklegt efni í fyrirlestrum og með fjarnámi. „Hér er því um sambland af staðarnámi og fjarnámi að ræða þar sem ætlast er til að nemendur undirbúi sig bæði í verklegum og bóklegum atriðum heima,“ segir í kynningu á náminu á vef LbhÍ.

Tveir hópar fara af stað í námið á Hellu og í Mosfellsbæ í haust en fullbókað er í þá. Hægt er að skrá sig á biðlista.



Mynd / Jón Eiríksson

*Opið fyrir skráningar*

Skráning er hafin á vefnum lbhi.is í nýjan hóp sem fer af stað í september í reiðhöll Spretts í Kópavogi. /TB



Elli Sig að keppa á Skeiðleikunum á Selfossi fyrr í sumar á Hnikari þar sem þeir náðu mjög góðum árangri. Einbeitingin leynir sér ekki hjá Ella og hestinum, stórkostlegt að sjá. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Hestamaðurinn Elli Sig:

# Á keppnisvellinum í 63 ár

**Erlingur Ólafur Sigurðsson, eða Elli Sig eins og hann er alltaf kallaður, kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að hestamennskunni. Um þessar mundir eru 50 ár síðan Elli tók fyrsta skeiðsprettinn í keppni en knapaferillinn er öllu lengri.**

Fyrsta skeiðkeppnin var á hestinum Hrefnublakki frá Dalasýslu árið 1969. Elli segist elska skeið því það sé hraðinn, krafturinn og keppni hestsins og knapans og ekki síst gleðin, sem fylgi því að ríða skeið, sem geri gangtegundina heillandi.

### *Heldur upp á skeiðið*

„Skeiðið er göfugasta og áreynslumesta gangtegundin, knapi og hestur verða að skilja hvor annan,“ segir Elli, sem er 77 ára gamall. Besta tímanum hefur Elli náð á Hnikari, eða 14,18 sekúndum í 150 metra skeiði og 22,2 sekúndum í 250 metra skeiði. „Hnikar er stórbrotinn gæðingur, mikill vinur minn, og einstakur karakter, samvinnuþýður eins og ég,“ segir Elli og skellir upp úr. Hnikar er 20 vetra og hafa þeir félagar verið saman í leik og gleði í 11 ár. Hesturinn er frá Ytra-Dalsgerði. Móðir er Gjálp frá Ytra-Dalsgerði og faðir er Álfur frá Akureyri. Hnikar er úr ræktun Kristins Hugasonar.

### *Byrjaði 14 ára gamall*

„Ég byrjaði minn knapaferil 1956 í 250 metra stökki hjá Fáki á gamla vellinum við Elliðaár, þá 14 ára gamall. Ég keppti á hesti sem hét Hringur, sem Guðmundur Ólafsson, fyrrverandi formaður Fáks, átti og lenti þar í úrslitum. Það þótti nokkuð góður árangur hjá svo ungum byrjanda.“

### *Landsmótið á Þingvöllum 1958*

„Fyrsta landsmótið mitt sem ég tók þátt í var árið 1958 á Þingvöllum. Þar keppti ég í 300 metra stökki og var þar í öðru sæti á hesti sem hét Fengur frá Miðfossum í Borgarfirði. Eigandi var Birna Norðdahl,“ segir Elli þegar hann rifjar upp fyrstu skrefin sín á keppnisvellinum. „Mér reiknast til að ég hafi verið í 63 ár á keppnisbrautinni og keppt á flest öllum landsmótum og tekið þátt í ansi mörgum mótum þess utan. Ég hef keppt á einu Evrópumóti sem var í Austurríki 1987, þar varð ég í verðlaunasæti á hestinum Þrymi frá Brimnesi í Skagafirði. „Það var mikil upplifun og gaman að fara utan, og það var mér mikill heiður að fá að keppa fyrir landið mitt Ísland, það fer seint úr minni mínu,“ segir Elli að lokum. /MHH




**DALABYGGÐ AUGLÝSIR EFTIR TILBOÐUM Í EIGNIR DALABYGGÐAR AÐ LAUGUM Í SÆLINGSDAL**

Um er að ræða allar húseignir Dalabyggðar að Laugum í Sælingsdal. Eignirnar telja m.a. skóla/hótel, íþróttahús, sundlaug og íbúðarhúsnæði.

Undanfarin ár hefur verið rekið sumarhótel með 45 herbergjum á Laugum. Á veturna hafa verið starfræktar þar ungmenna- og tómstundabúðir. Laugar eru í fallegu umhverfi og stutt í náttúruperlur og sögustaði. Staðurinn býður upp á mikla möguleika s.s. fyrir ferðaþjónustu.

Eignirnar seljast í einu lagi. Gera skal aðgreint tilboð í einbýlishúsið Laugafell. Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.

Tilboðum skal skila á netfangið *dalir@dalir.is* eða senda til Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal fyrir **1. september** næstkomandi.

Upplýsingar veita Eyjólfur I. Bjarnason oddviti *oddviti@dalir.is* og Kristján Sturluson sveitarstjóri *sveitarstjori@dalir.is*









Einangrunarstöðin Stóra-Ármóti.

Myndir / VH

## Einangrunarstöðin Stóra-Ármóti:

# Fyrstu holdanautin á leið til bænda



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Að Stóra-Ármóti er rekin einangrunarstöð þar sem er verið að rækta upp nýjan stofn holdanauta. Alls hafa 23 gripir af kyninu Aberdeen Angus fæðst á stöðinni. Fyrstu fimm nautin verða send til bænda fljótlega en kvígurnar eiga að mynda ræktunarhjörð við einangrunarstöðina.**

Fyrirtækið sem rekur einangrunarstöðina heitir Nautgriparæktarmiðstöð Íslands ehf. og er að jöfnum hluta sameign Bændasamtaka Íslands, Landssambands kúabænda og Búnaðarsambands Suðurlands.

Baldur Indriði Sveinson, bústjóri á einangrunarstöðinni, sér um daglega starfsemi stöðvarinnar og hefðbundnar gegningar sem fylgja gripahaldinu. Hann hefur starfað við stöðina frá upphafi og tók þátt í að girða hana af og byggja húsnæðið. „Í dag er ég fjósamaður og mikið í því að fóðra, sópa og skafa skít.“

### Holdanautastofninn uppfærður

„Markmiðið með starfseminni er að uppfæra, ef þannig er hægt að komast að orði, holdanautastofninn í landinu. Einangrunarstöðin er ný útgáfa af einangrunarstöðinni í Hrísey sem margir kannast við frá fyrri tíð. Húsakynni einangrunarstöðvarinnar í Hrísey eru orðin gömul og ónothæf til að fara út í nýtt verkefni þannig að það var ákveðið að byggja upp nýja stöð og aðlaga hana nýju kröfum,“ segir Baldur.

Einangrunarstöðin í Hrísey tók til starfa árið 1975 og hýsti gripi af Galloway, Angus og Limousine-kyni sem voru fluttir inn sem sæði og alin þar. Svínaræktarfélag Íslands var með starfsemi þar um tíma og þar var einnig rekin einangrunarstöð fyrir gæludýr. Stöðin hætti starfsemi 2016.

Baldur segir að enn sé til sæði í frosti úr nautunum í Hrísey og að bændur noti það til sæðinga annað slagið og meðal annars til að undirbúa sig fyrir móttöku á erfðaefninu sem verður til við eldið að Stóra-Ármóti.

### Íslenskar kýr staðgöngumæður

„Nýja einangrunarstöðin er byggð 2016 og 2017 og hér hafa fæðst tvö holl af Aberdeen Angust nautgripum sem fluttir voru inn sem fósturvísar og komið fyrir í íslenskum kúm. Kýrnar, eða staðgöngumæðurnar eins og ég kalla þær, voru keyptar af bændum og fluttar hingað til að ganga með fósturvísana sem voru skolaðir úr norskum holdakúm. Áður en fósturvísarnir eða eggin voru sett upp í íslenskar kýrnar voru þau meðhöndluð þannig að þeim eiga ekki að fylgja neinar bakteríur eða vírusar til að tryggja að ekki berist með þeim smit til landsins,“ segir Baldur.

Baldur segir að íslensku kýrnar sem valdar voru til að ganga með holdakálfana hafi verið heilbrigðar meðalkýr að vexti og stærri og að tryggt hafi verið að þær væru með heila eggjastokka og leg. „Ástæðan fyrir því að valdir voru fósturvísar frá Noregi er meðal annars að þar í landi er mjög góð sjúkdómastaða og skráning gripanna er góð og við viljum að þeir hlutir séu í lagi. Norðmenn sækja erfðavísa í sína gripi um allan heim og gripirnir sem valdi voru til undaneldis hér eru allt mjög góðir gripir.“



Baldur Indriði Sveinson, bústjóri á einangrunarstöðinni Stóra-Ármóti.

### Skoskt kjötkyn

Aberdeen Angus kynið er ættað frá Skotlandi og flokkast sem kjötkyn. Kynið er fremur smávaxið miðað við önnur holdakyn. Það er harðgert og loðið grasnytjakyn og getur gengið úti stóran hluta ársins fái það skjól og fóður sé þess þörf og þannig ekki ólíkt sauðkindum eða hrossum sem ganga úti.

Baldur segir nautgripi hafa upphaflega lifað villtir á sléttum og að það sé gaman að sjá hvernig kálfarnir feli sig í háu grasi eins og þeir séu að leynast fyrir rándýrum og greinilegt að þau hafi ekki misst það eðli þrátt fyrir margra kynslóða kynbætur. Burðareiginleikar kúnna eru góðir og þær hugsa vel um kálfana og mjólka vel þar sem þeir ganga undir.

### Einangrunarferlið

Einangrunarferlið fer þannig fram að kálfarnir fæðast í kúafjósinu, sem er aðskilið frá fjósinu þar sem holdagripirnir eru aldir, eða úti á túni og ganga undir staðgöngukúnum í sex til átta vikur. „Eftir það eru kálfarnir settir í meiri einangrun í holdagripafjósið í að lágmarki níu mánuði og mega ekki fara út á meðan. Í lok þess tíma eru tekin úr þeim sýni og prófað fyrir öllum þeim sjúkdómum sem lög gera ráð fyrir. Eftir það má svo hleypa þeim út. Kvígunum er hleypt í girðingu innan einangrunarsvæðisins en nautin fara beint út til bænda.“

### Lágt fanghlutfall

„Á fyrsta ári voru settir upp fósturvísar í 35 kýr og þriðjungur þeirra hélt og við fengum tólf kálfa, fimm naut og sjö kvígur, sem er í lægri mörkunum. Í seinna skiptið vönduðum við okkur því enn meira og settum fósturvísa í rúmlega 40 kýr og árangurinn var þrátt fyrir það lakari, ellefu kálfar, sjö kvígur og fjögur naut, og við höfum ekki enn fundið viðhlítandi skýringu á þessu lága hlutfalli.

Áður en fósturvísarnir eru settir upp eru kýrnar samstilltar og framkölluð hjá þeim beiðsli. Hvort uppsetningin tekst eða ekki hefur því líklegast eitthvað með hormóna og tímasetningu að gera. Eggin eru viku gömul þegar þeim er skolað úr kúnum í Noregi og mjög mikilvægt að þau sé sett upp í staðgöngukýrnar á réttum tíma svo þær haldi.“

Baldur segir að íslenska kýrin og Aberdeen Angus séu mismunandi kyn og að það geti haft sitt að segja þar sem gangmálin geti verið eitthvað ólík.

### Nautin boðin út

Baldur segir að nautgripabændur hafi sýnt verkefninu mikinn áhuga og að öll nautin hafi selst í útboði. „Það var sett lágmarksverð, 800 þúsund krónur, á hvern grip, lægst fékkst þrettán hundruð og fimmtíu þúsund en hæst rúmar tvær milljónir króna. Þeir sem keyptu nautin koma sumir hingað í heimsókn til að fylgjast með nautunum sínum og bíða spenntir eftir að fá þau heim á bæ.

Nautin fimm úr fyrsta hollinu sem eru að fara frá stöðinni skiptast þannig að fjögur fara á Suðurland en eitt norður í Aðaldal. Eftir að gripirnir sem fæddust á síðasta ári eru farnir úr húsi er næsta skref hjá mér að finna og flytja í stöðina nýjar kýr til að setja í fósturvísa í haust og ala þriðja hollið.

Eftir að holdakvígurnar hafa náð kynþroska er hægt að flytja inn sæði í stað fósturvísa sem er ódýrara ferli en eggjaísetningin til að halda starfinu áfram. Kvígurnar koma svo til með að mynda ræktunarhjörð við einangrunarstöðina.“



Íslenskar staðgöngukýr og holdakálfar af kyninu Aberdeen Angus sem fæddust í vor.

## Heiti holdakálfanna

**Á öllum betri bæjum er til siðs að gefa gripunum nafn og það er einnig gert á einangrunarstöðinni að Stóra-Ármóti.**

„Nautin sem fæddust í fyrsta hollinu heita Draumur, Bætir, Baldur, Vísir og Týr og á hvert nafn sína sögu. Týr heitir í höfuðið á ræktunarfélagi í Noregi og Vísir er komið af fósturvísi. Draumur er eini kálfurinn sem er óskyldur hinum og draumur okkar rættist þegar kom í ljós að hann var naut. Baldur heitir í höfuðið á mér og Baldri Helga Benjamínssyni sem er kynbótafræðingur og ráðgjafi við verkefnið en Bætir var eins konar uppbót þar sem við héldum fyrst að kýrin væri geld en kom svo með kálf.

Kvígurnar úr fyrsta hollinu heita flestar eftir dýralæknum og öðrum sem koma með einum eða öðrum hætti að verkefninu. Þær heita Steina, Sveina, Silla, Vísa, Birna, Fóstra og Munda.“



### *Mikil skyldleiki gripanna að einum undanskildum*

„Gripirnir sem hér hafa verið aldir eru mikið skyldir, hálfsystkini, að einu nautinu undanskildu. Það er því ekki æskilegt að nota sæði úr nautunum til að sæða kvígurnar með. Nema mögulega þessu eina sem er fjarskyldara. Þannig að sæðið verður notað til að sæða með íslenskar kýr, holdakýr og íslenskar mjólkurkýr fyrir þá sem vilja ala hálfblendinga,“ segir Baldur og bætir við að nautið óskylda sem um ræðir sé aðeins öðruvísi en hinir að sjá og í raun hægt að nota hann til sæðinga á kvígur sem fæddar eru í sama holli. Hugmynd er uppi um að gera það án þess að það sé ákveðið enn.

„Við erum undir talsverðri pressu um að koma sæði úr nautunum sem fyrst til bænda og að koma nautunum sem fyrst til nýrra eigenda og það verður gert um leið og búið er að ná úr þeim nægu sæði. Eftir sæðistökuna er sæðið sent á Nautastöðina að Hesti og dreift þaðan með öðru kúasæði til bænda.“

### *Nautin treg til að stökkva*

„Vandinn við sæðistökuna til þessa er að nautin hafa verið treg til að stökkva og sæðistakan því gengið seint enda eru þau mjög ung. Undirbúningur fyrir sæðistöku hófst snemma í júlí og 7. ágúst síðastliðinn náðust fyrstu sæðisskammtarnir úr tveimur nautum. Þannig að vonandi kemur sæðistakan til með að ganga, en það tekur sinn tíma.

### *Þægileg dýr í samskiptum*

Að sögn Baldurs eru holdagripirnir einstaklega skapgóðir og ljúfir í samskiptum. „Miðað við íslenska gripi sem ég þekki vel, þar sem ég var lengi nautgripabóndi, eru þessir mjög þægilegir í umgengni og atferlið annað og betra. Holdagripirnir gera lítið af því að hnubba í mann eins og algengt er með íslensku gripina. Þessir eru rólegri og ef eitthvað er gælnir og meira fyrir að láta klappa sér.

Annað sem mér finnst einkennandi við kálfana er hvað það er mikill lífsþróttur í þeim strax við fæðingu. Þeir eru strax komnir á fætur og byrjaðir að sjúga á meðan íslensku kálfarnir er lengur í gang. Kálfadauði hjá íslenska kúakyninu er mikill, eða um 15% sem er alltof hátt hlutfall og vantar tilfinnanlega rannsóknir á.

Ég heimsótti norska holdanautabændur í fyrrahaust og þeir setja gripina á fjall á sumrin og beita við efstu skógarmörk og fá til þess styrki frá hinu opinbera. Satt best að segja efast ég um að það þætti gott hér á landi ef við rækjum gripina á afrétt á sumrin. Kosturinn hér er að við höfum nóg gras á láglendi og gripirnir nýta það vel til vaxtar.“

### *Mesta þyngdaraukning tvö kíló á sólarhring*

Gripirnir í einangrunarstöðinni eru vigtaðir á tveggja vikna fresti. Meðalfæðingarþyngd kálfanna er 42 til 43 kg sem er frekar létt fyrir holdagripi og íslensku kýrnar komast vel frá burðinum. Þeir þyngjast síðan hratt og hafa verið að stækka og þyngjast allt upp í tvö kíló á sólarhring þegar best lætur.

„Svo mikil þyngdaraukning er ekki samfelld en þó að meðaltali 15 til 18 hundruð grömm á sólarhring og tvöfalt miðað við það sem þekkist í íslenskum nautgripum. Miðað við það ættu gripirnir að ná góðri sláturstærð 15 til 18 mánaða.

Baldur segir að einn kálfurinn í einangrunarstöðinni hafi farið yfir 500 kíló að þyngd eftir níu mánaða eldi og að það teljist mjög góður vöxtur.

„Gripirnir hafa þrifist mjög vel og það er búið að gera á þeim allar þær prófanir sem þarf að gera og tryggja að þeir séu sjúkdómafríir og ekkert því til fyrirstöðu að senda nautin til nýrra eigenda eftir sæðistöku.“

### *Holdagripir og mjólkurkýr ekki það sama*

Meðan á undirbúningi við innflutning Aberdeen Angus fósturvísanna stóð heyrðust gagnrýnisraddir í þá átt að innflutningur á nýju kúakyni myndi ganga af íslenska kúakyninu dauðu.

Baldur segir að sú gagnrýni byggi á misskilningi þar sem Aberdeen Angus sé holdakyn en íslenska kúakynið mjólkurkyn og því um ólíka eiginleika kynjanna að ræða. „Ég sé því ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að ala bæði þessi kyn hér á landi og framleiða bæði mjólk og nautakjöt. Í mínum huga er það grátlegt að það sé verið að flytja inn um þriðjung þess nautakjöts sem neytt er í landinu þegar við getum hæglega framleitt það innanlands og sparað gjaldeyri og um leið minkað kolefnissporið og kjöt-samviskubitið sem því getur fylgt.

Þetta nýja kyn á eftir að breyta miklu fyrir íslenska nautakjötsframleiðendur þar sem þeir ná örari veltu í gegnum búin þar sem gripirnir vaxa hraðar og eru ódýrari í rekstri,“ segir Baldur Indriði Sveinson, bústjóri einangrunarstöðvarinnar að Stóra-Ármóti að lokum.



Fyllsta öryggis er gætt við einangrunarstöðina og þangað inn fær enginn að fara nema eiga erindi og gera boð á undan sér.


Baldur við gegningar.


Ellefu mánaða gamall holdanautakálfur.














Arndís Hrönn Egilsdóttir fer með hlutverk kúabóndans Ingu í kvikmyndinni Héraðinu. Sterk kvenpersóna sem ákveður að standa uppi í hárinu á kaupfélaginu sem hefur örlög héraðsins í hendi sér.
Mynd / Margrét Seema Takyar

## Héraðið er ný kvikmynd eftir Grím Hákonarson:

# Miðaldra kúabóndi skorar kaupfélagið á hólm

## – Leikstjórinn vonar að myndin veki umtal og umræður og virki alla bloggara landsins

**Ný íslensk kvikmynd, Héraðið, eftir Grím Hákonarson er komin í bíóhús um allt land. Sögusvið myndarinnar er íslenska sveitin og uppreisn miðaldra kúabónda í Erpsfirði gegn kaupfélaginu. Inga, aðalsöguhetja myndarinnar, sem leikin er af Arndísi Hrönn Egilsdóttur, reynir að virkja bændur á sínum heimaslóðum en þeir eru tregir í taumi – kaupfélagið hefur sterk ítök í sveitinni og margir eiga allt sitt undir því. Leikstjórinn viðurkennir fúslega að efniviðurinn í handritið er sóttur í Skagafjörðinn og vonast til að söguþráðurinn veki umtal og umræður.**

Grímur Hákonarson leikstýrir myndinni en Grímar Jónsson hjá fyrirtækinu Netop Films sér um framleiðsluna. Fjöldi bænda og íbúa á Hvammstanga og á Blönduósi tóku þátt í gerð Héraðsins og sjást sumir þeirra á hvíta tjaldinu. Hugmyndin að Héraðinu kviknaði þegar frændi Gríms, sem búsettur var á Sauðárkróki, fór að segja honum sögur úr sveitarfélaginu.

„Það var eitthvað áhugavert við þetta svæði og sérstaklega Kaupfélag Skagfirðinga. Það er eitt af fáum kaupfélögum sem lifðu af eftir að SÍS hrundi. Ég ákvað því að drífa mig í Skagafjörðinn og dvelja þar í nokkra daga til að spjalla við heimafólk. Þarna er blómleg byggð, viss velmegun og atvinnuöryggi og fólk virðist hafa það nokkuð gott. Ef bændur lenda í vanda getur kaupfélagið hlaupið undir bagga en á móti kemur að eggin eru öll í sömu körfunni. Það er til dæmis ekki auðvelt fyrir bændur að gagnrýna kaupfélagið opinberlega. Í kjölfarið á þessu kom upp hugmynd hjá mér að gera kvikmynd um einstakling, sem er kona, sem byrjar að spyrja gagnrýninna spurninga í samfélaginu,“ segir Grímur.

Myndin er skáldskapur og gerist í Erpsfirði sem er tilbúið sögusvið. „Hugmyndin kom úr tveimur áttum. Annars vegar þessi löngun mín að gera mynd um samfélag þar sem allir eru háðir einu fyrirtæki og svo hins vegar að fjalla um nútímakonuna í sveitinni. Konu sem gengur í öll störf og gerir sig gildandi í samfélaginu,“ segir Grímur.

### *Ólst upp við umræður um landbúnaðarmál*

Leikstjórinn á sjálfur tengingar í sveitina og ólst upp við umræður um landbúnaðarmál. „Ég á bakgrunn í sveitinni að vissu leyti. Foreldrar mínir eru báðir aldir upp í sveit og pabbi minn, Hákon Sigurgrímsson, var lengi tengdur landbúnaðarpólitíkinni. Hann starfaði hjá Stéttarsambandi bænda og síðar í landbúnaðarráðuneytinu. Svo er ég kominn af mikilli Framsóknarfjölskyldu þannig að maður hefur vissa innsýn inn í sveitalífið,“ segir Grímur og hlær en segist í fullri alvöru alltaf hafa haft áhuga á pólitíkinni í kringum dreifbýlið.



Grímur Hákonarson leikstjóri byrjaði ungur í kvikmyndagerð. Hann ólst upp við umræður um landbúnaðarmál og var vinnumaður í sveit sem unglingur.
Mynd / TB

### *Bændur sem berjast á móti kerfinu*

Grímur leikstýrði kvikmyndinni Hrútum þar sem efniviðurinn var sóttur í sveitina. „Ég hef lofað sjálfum mér að segja skilið við sveitina eftir þessa mynd, þetta er komið gott! Ég lít á Héraðið sem endann á þríleik, fyrsta myndin var Hvellur, sem fjallaði um Laxárdeiluna, svo Hrútar og þá Héraðið. Í öllum þessum myndum er fjallað um bændauppreisnir eða bændur sem standa uppi í hárinu á kerfinu. Í Hrútum voru bændur að berjast gegn dýralæknum sem ætluðu að taka af þeim kindurnar, í Hvelli er barist á móti virkjun og í Héraðinu er kaupfélagið tekið fyrir. Ég hef ef til vill, ómeðvitað, tekið að mér að vera kvikmyndagerðarmaður landsbyggðarinnar! Ég gerði síðast myndina Litla Moskva í Neskaupstað. Mögulega hef ég eitthvert landsbyggðarinnsæi en ég hef einfaldlega gaman af því að vera úti á landi,“ segir Grímur.

*Varstu sendur í sveit þegar þú varst strákur?*

„Já, sem krakki var ég í sveit og síðar byrjaði maður að vinna fyrir kaupi. Ég var hjá afa mínum Stefáni Jasonarsyni í Vorsabæ í Flóa en mamma mín, Unnur Stefánsdóttir, var þaðan. En það var ekki nóg því að mamma sendi mig á annan bæ, Vatnsleysu í Biskupstungum, til þess að gera mig enn þá sjálfstæðari. Það fólk var ekkert skylt mér og tilgangurinn sjálfsagt að reyna að herða mig upp þar sem maður þekkti engan og varð að stóla á sjálfan sig.“

### *Sveimhugi sem ákvað snemma að verða kvikmyndagerðarmaður*

„Ég var sosum aldrei góður starfsmaður eða bændaefni. Ég var sveimhugi, bakkaði traktornum aftan á vegg og náði aldrei almennilega að setja mjaltatæki á spena,“ segir Grímur og neitar því að hafa dreymt búskapardrauma. „Það var líka þetta verklega, ég gat verið duglegur en flestir strákar á mínum aldri voru betri á vélarnar en ég. Ég ákvað 16 ára gamall að verða kvikmyndagerðarmaður og byrjaði mjög snemma í þeirri grein.“

Eftir grunnskóla lá leið Gríms í Menntaskólann við Hamrahlíð og síðan skellti hann sér í heimspeki við Háskóla Íslands. „Þar entist ég í eitt ár, háskólaumhverfið hentaði mér ekki þannig að ég leitaði í kvikmyndagerðina. Ég gerði tvær heimildamyndir hér á Íslandi sem hétu „Varði fer á vertíð“ og „Varði goes Europe“ sem gengu alveg ágætlega. Eftir það fór ég í kvikmyndaskóla í Prag og þá tók við að gera leiknar myndir.“

***Hvernig verður kvikmynd til?***

Það er langt og strangt ferli að gera bíómynd í fullri lengd. Grímur segir að hjá sér taki mestan tíma að finna hugmynd sem maður brennur fyrir. Um leið og hún er komin taka handritaskrifin við. Þau taka kannski eitt til tvö ár og þá er fjármögnunin eftir og sjálf framleiðslan. „Maður gerir náttúrlega ekki kvikmynd nema hafa nægt fjármagn á bakvið sig. Við fengum styrki frá ýmsum kvikmyndasjóðum til að gera Héraðið,“ segir Grímur en helmingurinn kom frá Íslandi og hinn helmingurinn að utan. Hann segir að vel hafi gengið að fjármagna Héraðið eftir velgengni Hrúta og þeim hafi alls staðar verið vel tekið.

***Erpsstaðir í Dölum urðu fyrir valinu***

Eftir að framleiðsluféð var tryggt tók við að velja leikara, ráða starfsfólk og finna tökustaði. „Við ákváðum að taka myndina upp á Erpsstöðum í Dölum. Inga, aðalsöguhetja myndarinnar, rekur róbótafjós og hún vill hafa hlutina í lagi og snyrtilegt í kringum sig. Á Erpsstöðum var allt til alls. Huggulegt bú og heimilislegt. Ábúendur voru afar þægilegir að eiga við sem er ekki sjálfgefið. Dalirnir eru fallegir og stutt að fara til Reykjavíkur sem skiptir máli upp á fjárhagshliðina,“ segir Grímur.

***Bækistöðvar kaupfélagsins á Hvammstanga***

Þónokkrar senur eru teknar upp á Hvammstanga. „Samfélagið í Héraðinu er minna en t.d. í Skagafirði og þess vegna völdum við Hvammstanga sem bækistöðvar kaupfélagsins í myndinni. Kaupfélagshúsið þar er líka flott og sjarmi yfir því. Íslendingum er raunar gjarnt að innrétta allt upp á nýtt og það var búið að skemma gamla innvolsið í kaupfélagshúsinu á Hvammstanga. Þar er allt í nýtísku stíl þannig að við færðum innitökurnar á gömlu kaupfélagsskrifstofurnar á Blönduósi. Þær hafa lítið breyst frá því 1970!“

***Fólk úr heimabyggð leikur í myndinni***

Það eru heilmikil samskipti við heimamenn þegar kvikmyndir eru teknar upp úti á landsbyggðinni. Grímur segir að það samstarf hafi verið svipað og þegar Hrútar voru teknir upp.

„Í Bárðardalnum virkjuðum við allt samfélagið, flestir á svæðinu höfðu einhvers konar aðkomu að myndinni, voru að leika eða þjónusta okkur, lána tæki eða hluti. Ég er mikið fyrir það að nota ófaglærða leikara í bland við faglærða og það á við í Héraðinu eins og í Hrútum. Við völdum fólk úr heimabyggðinni sem leikur í myndinni. Á Erpsstöðum tókum við upp í íbúðarhúsinu hjá Þorgrími og Helgu. Þar breyttum við heilmiklu og hjónin fluttu út og gistu á næsta bæ um tveggja mánaða skeið. Það var alveg magnað og í heildina gekk samstarfið við ábúendur mjög vel og engir árekstrar komu upp.

Það má segja að 50% af myndinni gerist á Erpsstöðum og hinn helmingurinn á öðrum bæjum í kring eða á þessu svæði. Allt er þetta skáldað samfélag sem heitir Erpsfjörður í myndinni. Ég veit að margir Íslendingar pirra sig á því



**Sigurður Sigurjónsson og Sveinn Ólafur Gunnarsson leika hæstráðendur hjá Kaupfélagi Erpsfirðinga.** Mynd / Brynjar Snær




**Það er langt og strangt ferli að búa til kvikmynd í fullri lengd og ekki einfaldast málið þegar skepnur eru annars vegar. Upptökur Héraðsins fóru að stórum hluta fram á bænum Erpsstöðum í Dölum.** Mynd / Margrét Seema Takyar

þegar persónur í kvikmyndum eru t.d. að keyra á Selfossi og eru allt í einu komnir í Vík í Mýrdal. Við kvikmyndagerðarmenn erum alltaf að hugsa um það sem kemur best út í mynd og þá skiptir landafræðin minna máli.“

***Sveitin höfðar til áhorfenda***

Hrútar fengu góðar viðtökur og óhætt er að segja að velgengni þeirrar myndar hafi vakið athygli á ýmsum þáttum í starfi bænda. Búskapur og örlög skepna höfða líka sterkt til áhorfenda. Grímur segir þó að það eigi eftir að koma í ljós hvernig Héraðið nái til fólks.

„Ég geri ráð fyrir því að myndin muni ganga ágætlega en maður veit það aldrei fyrirfram. Hrútar höfðu ákveðna sérstöðu og það var engin önnur eins mynd í gangi á þeim tíma. Samband bræðranna við sauðkindina var sérstakt og svo var þetta líka fjölskyldusaga, þ.e. um samskipti þeirra tveggja. Héraðið fjallar meira um samfélagið og þar eru eflaust ýmis atriði sem höfða til margra.“

***Mörg álitaefni í nútímabúskap***

Það er komið inn á það í myndinni hvernig rekstur íslenskra búa hefur þróast síðustu ár. Skuldsetning er töluverð, rekstrareiningarnar eru stórar og fjárbinding mikil.

„Það lentu margir illa í því í hruninu, t.d. bændur sem höfðu fjárfest í dýrum fjósum. Héraðið byggist á þessari sögu. Hjónin í myndinni, Inga og Reynir, eru búin að fjárfesta í rándýru fjósi og lánin hækka í hruninu. Þá kemur Kaupfélagið inn í myndina og vill að þau eigi viðskipti við það o.s.frv. Persónulegt áfall aðalsöguhetjunnar ýtir henni í það að gera uppreisn sem myndin gengur út á. Baráttan er hennar leið til að komast yfir sorgina ef svo má segja,“ segir Grímur.

***Hvernig heldur þú að áhorfendur taki þeirri gagnrýni sem myndin beinir að kaupfélaginu?***

„Það verður spennandi að vita og ég ætla bara að leyfa fólki að draga sínar ályktanir af myndinni. Ég vil endilega koma því á framfæri að myndin er ekki með einhvern einhliða áróður. Kaupfélagsstjórinn í myndinni kemur fram með fullgild sjónarmið sem örugglega margir eru sammála. Ég geri þó ráð fyrir að myndin muni vekja þónokkra athygli. Það hefur ekki verið gerð pólitísk mynd í þessum dúr á Íslandi síðan Hafið eða Óðal feðranna voru gerðar. Kona fer í stríð er pólitísk mynd en á allt annan hátt. Ég vona að myndin veki umtal og umræður og virki alla bloggara landsins!“

***Héraðið er komið í sýningar***

Héraðið var frumsýnd 13. ágúst í Háskólabíói í Reykjavík og í kjölfarið verður myndin sýnd um allt land. Forsýningar voru haldnar fyrir norðan.

„Hún verður sýnd á Akranesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Vestmannaeyjum og á Selfossi. Við erum svolítið bundin af því að sýna í bíóhúsum með ákveðinn búnað en reynum að sýna eins víða og við getum. Hrútar gengu t.d. mjög vel á Selfossi þar sem 1.300 manns sáu myndina,“ segir Grímur.

Sem fyrr segir fer Arndís Hrönn Egilsdóttir með hlutverk Ingu í myndinni. Hún hefur meðal annars leikið í sjónvarpsþáttunum Pressu og Föngum og í kvikmyndinni Þröstum. Arndís var tilnefnd til Edduverðlaunanna fyrir hlutverkið í þeirri síðastnefndu. Með önnur hlutverk í myndinni fara meðal annarra þau Sveinn Ólafur Gunnarsson, Sigurður Sigurjónsson, Hinrik Ólafsson, Hannes Óli Ágústsson og Edda Björg Eyjólfsdóttir.

***Íslenska sveitin í burðarhlutverki***

Vinsælar myndir hafa verið gerðar undanfarin ár þar sem íslenskar sveitir eru í burðarhlutverkum eins og Hross í oss og Hrútar.

„Það er talað um landsbyggðarmyndir eins og myndirnar hans Benedikts Erlingssonar og mínar. Annars kemur þetta í bylgjum. Eitt árið eru undirheimar Reykjavíkur í brennidepli og annað árið eru landsbyggðarmyndir. Það sem skiptir mestu máli er að myndin sé góð – efnistökin eða hvar hún gerist er ekki aðalmálið. Sagan þarf bara að virka!“ segir Grímur Hákonarson, leikstjóri og handritshöfundur Héraðsins. /TB



LÍF & STARF

### Tímarit Kvenfélagasambands Íslands, Húsfreyjan 70 ára:

# Jákvætt og hvetjandi tímarit

## – Hluti af menningu og sögu íslenskra kvenna, segir Kristín Linda Jónsdóttir ritstjóri



Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

**„Ég hef lagt upp með að Húsfreyjan sé fræðandi, skemmtileg og falleg. Hún er fyrir löngu orðin dýrmætur hlekkur í menningarsögu íslenskra kvenna og þar með þjóðarinnar og er verðugt flaggskip Kvenfélagasambands Íslands. Þegar lesendur fá tímaritið í hendur óska ég þess að þeim líði eins og þeir séu að taka utan af fjölskrúðugum blómvendi, að þeir finni margt fallegt, gróskulegt, hagnýtt og áhugavert að skoða þegar þeir byrja að fletta blaðinu,“ segir Kristín Linda Jónsdóttir, ritstjóri Húsfreyjunnar, tímarits Kvenfélagasambands Íslands. Kristín Linda hefur ritstýrt Húsfreyjunni, sem nú fagnar 70 ára afmæli sínu, í 15 ár.**

Tímamótanna verður minnst með málþingi og hátíðahöldum á Hallveigarstöðum í Reykjavík 15. nóvember nk. og með ljóðasamkeppni sem nú stendur yfir og eru allir hvattir til þátttöku.






Kristín Linda Jónsdóttir, ritstjóri Húsfreyjunnar, segir að blaðið eigi dyggan hóp lesenda. Tímaritið kemur út fjórum sinnum á ári. Mynd / MÞÞ

*Afmælisbarnið ber sig vel*

Kristín Linda segir afmælisbarnið bera sig vel á 70 ára afmælinu. Tímaritið eigi dyggan hóp áskrifenda sem skapi því festu og fjárhagslegt öryggi. Fjöldi kvenfélagskvenna hafi um tíðina lagt blaðinu lið, en Húsfreyjan hefur frá upphafi komið út sem vandað prentað tímarit fjórum sinnum á ári. Engar breytingar eru fyrirhugaðar þar á.

„Mitt sjónarmið þegar ég tók við ritstjórn fyrir bráðum 16 árum var að tímarit sem íslenskar kvenfélagskonur eiga og gefa út beini athyglinni að því sem vel er gert, er hjálplegt, jákvætt, hvetjandi og gefi þeim sem lesa hagnýtar, raunverulegar og magnaðar hugmyndir, m.a. um hvernig hægt er að stíga fram og láta til sín taka, láta drauma sína rætast, auka gleðina í lífi sínu og bæta heilsuna og hamingjuna.“ segir Kristín Linda.

*Ekkert kennitöluflakk*

Alls eru 154 kvenfélög starfandi í landinu í 17 héraðssamböndum og hafa þau staðið fyrir útgáfu á Húsfreyjunni óslitið í 70 ár, „ekkert kennitöluflakk á þeim bæ,“ segir Kristín Linda, en bæði er Húsfreyjan félagsrit kvenfélagskvenna sem starfa undir hatti Kvenfélagasambands Íslands og einnig aðgengilegt og nútímalegt tímarit fyrir alla. „Húsfreyjan, sem er flaggskip okkar kvenfélagskvenna, á gott og öruggt bakland,“ segir Kristín Linda.

*Jákvætt og hvetjandi*

Hún segir sérstöðu Húsfreyjunnar felast í útgáfunni, tímaritið sé gefið út af sjálfboðaliða- og líknarsamtökum, hún haldi utan um sögu og menningararf kvenna og undirtitillinn; Jákvæð og hvetjandi, sem Kristín Linda tók upp þegar hún hóf störf, eigi að beina kastljósinu að því sem er til fyrirmyndar og hvatningar fyrir aðra, „svo lesendur nytu þess að lesa jákvætt og hvetjandi tímarit sem gæfi þeim innblástur, hvatningu og gleði í sálina.“

Kristín Linda kveðst leitast við að ræða við konur sem ekki eru aðeins tilbúnar að segja sína lífssögu heldur líka miðla til annarra kvenna og lesenda því sem þær telja jákvætt og hvetjandi. „Ég reyni að velja viðmælendur úti um allt land, konur á mismunandi aldri sem eru að fást við hin og þessi störf og eða áhugamál og búa við mismunandi aðstæður. Það er áhugavert, fræðandi og veitir okkur víða sýn á tímann hverju sinni,“ segir hún og nefnir að í hópi viðmælenda sé framkvæmdastjóri þekkingarfyrirtækis, eigandi kaffihúss, fjallgönguleiðsögukona, sauðfjár- og kúabændur, biskup, stjórnendamarkþjálfi, leikskólakennari, skógræktar-fræðingur, vöruhönnuður, lögregla, langstökkvari, kórstjóri, nuddari, háseti á bát, rithöfundur, listmálari, flugfreyja, ljósmóðir og landvörður svo eitthvað sé upp talið.

*Margir njóta þess að fá fallegt tímarit í hendurnar*

Kristín Linda segir Húsfreyjuna einnig vera dýrmæta leið til að varðveita og halda til haga á verðugum stað því sem gert hefur verið, vettvangur til að skrá niður söguna á aðgengilegan stað bæði nú og til framtíðar litið, verk kvenna, kvenfélagskvenna, kvenfélaga og Kvenfélagasambands Íslands. „Það er alltaf forvitnilegt að fletta upp í gömlum blöðum og sjá og skynja þann tíðaranda sem svifið hefur yfir vötnum á hverjum tíma,“ segir Kristín Linda og bætir við að vissulega hafi komið upp vangaveltur um hvort Húsfreyjan verði gerð aðgengileg á veraldarvefnum en í þeim efnum hafi ekkert verið ákveðið. „Það er enn þannig að fjöldi fólks nýtur þess enn að fá fallegt tímarit í hendurnar í stað þess að horfa á það á skjá. Grípa það með sér í sófann eða halla sér í rúminu og fletta blaðinu án þess að blátt ljós frá skjánum trufli. Það er líka notalegt að hafa Húsfreyjuna með í prjónakörfunni á meðan verið er að prjóna eftir uppskriftinni í stað þess að vera endalaust að opna símann og skoða,“ segir Kristín Linda.

*Ljóðasamkeppni og málþing*

Í tilefni af 70 ára afmæli Húsfreyjunnar er efnt til ljóðasamkeppni. Þegar hefur borist fjöldi ljóða en enn er hægt að senda inn ljóð til 20. september til Húsfreyjunnar á Hallveigarstaði merkt, Ljóðasamkeppni. Þemað er Kona og fyrir dómnefnd fer Silja Aðalsteinsdóttir ritstjóri. Verðlaun verða afhent á málþingi og afmælishófi þann 15. nóvember næstkomandi á Hallveigarstöðum. Á málþinginu verður farið yfir sögu Húsfreyjunnar, gildi hennar og framlag til menningar og sögu þjóðarinnar en einnig horft til framtíðar. Mikið verður um dýrðir og allir velkomnir.

### Kristín Linda Jónsdóttir, ritstjóri Húsfreyjunnar:

# Fyrrum banka- og blaðamaður, kúabóndi og nú sálfræðingur

**Kristín Linda Jónsdóttir, ritstjóri Húsfreyjunnar, ólst upp í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri, starfaði í banka og var blaðamaður á Akureyri um 15 ára skeið. Þá venti hún sínu kvæði í kross og gerðist kúabóndi í Miðhvammi í Aðaldal.**

Kristín Linda lét mjög til sín taka í félagsmálum kúabænda, sat í stjórn Landssambands kúabænda og var formaður Félags þingeyskra kúabænda. Hún starfaði af lífi og sál við kúabúskapinn í 15 ár, en eftir fertugt lauk hún námi í sálfræði frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands og er nú klínískur sálfræðingur og starfar sjálfstætt hjá eigin fyrirtæki, Huglind ehf., í Reykjavík.



Kristín Linda miðlar hagnýtri sálfræðilegri þekkingu til almennings á marga vegu, til dæmis í fyrirlestrum og á námskeiðum á Spáni.

*Nokkrir tímar hjá sálfræðingi geta skipt sköpum*

„Ég er að aðstoða fólk í erfiðleikum lífsins, sem betur fer er það þannig að fólk leitar sér faglegrar hjálpar þegar það gengur í gegnum erfiðleika af ýmsu tagi, erfiðar breytingar, álag, áföll, streitu, sorg og missi, svo eitthvað sé nefnt, þó ekki sé um alvarlegan geðrænan vanda að ræða. Það er líka mikilvægt að leita sér aðstoðar þegar fólk finnur að það hefur minnkað sinn eigin þægindaramma vegna kvíða, depurðar, þunglyndis eða annars vanda af sálrænum toga sem skerðir lífsgæðin,“ segir Kristín Linda. „Nokkrir tímar hjá sálfræðingi geta oft skipt sköpum og fólk fer að blómstra á ný þrátt fyrir það sem upp kom.“

*Eftirspurn eftir fræðslu*

Kristín Linda segir líka mikla eftirspurn eftir fræðslu frá sálfræðingum. Hún taki að sér að miðla sálfræðilegri þekkingu til almennings á marga vegu á jákvæðan hagnýtan hátt enda hafi hún menntun og starfsréttindi sem kennari og hafi kennt sálfræði við framhaldsskóla og starfað sem blaðamaður og ritstjóri. Hún heldur fyrirlestra, vinnustofur og námskeið, m.a. hafa vikunámskeið sem efnt er til á Spáni í samvinnu við ferðaskrifstofuna Skotgöngu, verið afar vinsæl. Þá fer hópur héðan til vikudvalar á Spáni og er á hagnýtu alvöru sálfræðinámskeiði þar hjá Kristínu Lindu, stundar útivist og nýtur lífsins. /MÞÞ

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Ný sending á leiðinni!
40.000 KR. AFSLÁTTUR
ef pantað er fyrir 15. ágúst nk.*
*30% staðfestingargjald greiðist við pöntun.

Bergen
Garðhús
Frá kr.
299.900

Bergen garðhús eru fáanleg í fjórum stærðum. Frá 5 m² upp í 14,9 m².
Húsin eru vönduð, sterkbyggð og þola vel íslenska veðrið!

Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

## Guðrún Bjarnadóttir færir út kvíarnar:

# Hespuhúsið nemur land í Ölfusi

## – Á síðasta ári komu yfir 200 rútur heim á hlað með um 5.000 gesti

**Guðrún Bjarnadóttir hefur um árabil rekið Hespuhúsið í Andakíl í Borgarbyggð. Þar stundar hún jurtalitun á bandi og fræðslu til ferðamanna og áhugahópa um grasnytjar og handverk. Á síðasta ári komu yfir 200 rútur heim á hlað til hennar með um 5.000 gesti. Nýlega festi Guðrún kaup á þriggja hektara landi í Ölfusinu þangað sem hún hyggst flytja starfsemina með haustinu.**



Guðrún Bjarnadóttir hefur um árabil kennt bæði búfræðingsefnum og háskólanemum á Hvanneyri grasafræði, plöntugreiningu og fleira. Í Hespuhúsinu framleiðir hún jurtalitað band og tekur á móti fróðleiksfúsum ferðamönnum. Mynd / smh

*Var lengi búin að leita að hentugri staðsetningu*

„Ástæðan fyrir því að ég er að flytja mig um set er að mig vantaði stærra húsnæði og betri vinnuaðstöðu. Einnig er þörf á því að vera meira í leiðinni fyrir ferðamenn. Hespuhúsið en núna heima hjá mér í Árnesi við Andakílsvirkjun og er nokkuð úr alfaraleið og erfitt að finna. Ég var lengi búin að leita að hentugra húsnæði fyrir starfsemina í Borgarfirðinum en fann ekki. Svo ákvað ég að víkka leitarsvæðið og fór að leita tækifæra á Suðurlandi. Þar rakst ég á lítið lögbýli með öllum réttindum sem því fylgja, aðeins 600 metra frá þjóðveginum en samt í landbúnaðarumhverfi í kyrrð og ró. Úr varð að ég keypti eignina og stend nú í endurbótum. Þarna er frábær aðstaða til að taka á móti fólki og stunda mitt starf í rúmgóðri vinnustofu,“ segir Guðrún.

*Áður alifuglabú*

Staðurinn sem um ræðir heitir Lindarbær, en þar var m.a. alifuglabú á árum áður. Það er steinsnar frá Selfossi en beygt er niður afleggjarann við hringtorgið hjá Toyota-umboðinu.

*Fleiri söluvörur og fjölbreyttari starfsemi*

„Ég vonast til að flytja inn í lok október en þessa dagana er verið að útbúa bílaplan til þess að geta tekið á móti rútum og koma fyrir nýrri rotþró.“ Guðrún mun hafa um 200 fermetra undir starfsemi Hespuhússins en stærra húsnæði býður upp á ýmsa nýja möguleika að hennar sögn. Meðal annars að fjölga söluvörum sem ekki var hægt vegna plássleysis á gamla staðnum. „Mig langar til að halda fleiri námskeið og efla fræðsluþáttinn. Halda viðburði og fyrirlestra í tengslum við jurtalitunina og fleira,“ segir Guðrún sem mun áfram bjóða jurtalitaða bandið til sölu, tölur úr kindahornum og bókina sína og Jóhanns Óla Hilmarssonar um grasnytjar á Íslandi.

Hún er með nægar hugmyndir um starfsemina og ein þeirra er að bjóða ferðamönnum upp á svefnpokagistingu í hesthúsinu. Það verði þó ekki alveg strax.



Starfsemin í Hespuhúsinu í Andakíl hefur gengið vel síðustu ár. Mynd / smh



Miklar framkvæmdir standa yfir á nýja staðnum í Ölfusinu sem heitir Lindarbær. Bílaplan er í bígerð svo hægt sé að taka á móti rútum. Mynd / GB

*15 frábær ár í Borgarfirðinum*

Guðrún er menntuð sem dýrahjúkrunarfræðingur frá Bandaríkjunum og með búvísindamenntun frá LbhÍ. Um árabil hefur hún kennt bæði búfræðingsefnum og háskólanemum á Hvanneyri grasafræði, plöntugreiningu og fleira. „Það var erfið ákvörðun að slíta sig frá samfélaginu á Hvanneyri þar sem ég hef átt 15 frábær ár í Borgarfirðinum. Ég mun sakna kennslunnar, Borgarfjarðar og Borgfirðinga mikið,“ segir Guðrún Bjarnadóttir í Hespuhúsinu. /TB


# Eigum á lager MultiOne 6.3 SD liðléttinga

Um er að ræða frábærar **fjölnotavélar með 1200 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

**Á MultiOne 6.3 SD** situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla.

Vélarnar afhendast með **skóflu, 184 kg aukaballest að aftan og taðgreip.**

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is** og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

MATVÆLAÖRYGGI

# „Viljum halda áfram að bjóða gesti velkomna í sveitina okkar“

## – segir Sölvi Arnarsson, ábúandi í Efstadal II

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Mjólkur- og ferðaþjónustubýlið að Efstadal II í Bláskógabyggð hefur verið mikið í fréttum undanfarið vegna alvarlegrar E. coli sýkingar sem kom upp á bænum. Nokkur börn veiktust illa vegna sýkingarinnar og voru undir eftirliti á Landspítalanum en þau hafa öll verið útskrifuð.**

Sölvi Arnarsson, einn af ábúendum Efstadals II, segir að sýkingin hafi verið mikið sjokk en að hugur ábúenda Efstadals II hafi frá upphafi verið hjá þeim sem sýktust og ekki síst börnunum og foreldrum þeirra og að það sé erfitt að setja sig í þeirra spor og skilja þjáningar þeirra.

Búið er að breyta verkferlum, loka fyrir aðgengi að dýrum og bæta við hreinlætisaðstöðu á bænum til að auka heilbrigðisöryggi.

*Margar smitleiðir*

Bakteríurannsóknir í Efstadal II sýndu að kálfar á staðnum báru sömu bakteríur og sýktu börnin en við nánari eftirgrennslan kom í ljós að um helmingur barnanna hafði ekki snert kálfana í kálfastíunni en þau áttu hins vegar sameiginlegt að hafa neytt íss á bænum. Bakteríurnar sem sýktu börnin fundust þó ekki í neinum sýnum af ís á staðnum, en ísinn sem rannsakaður var, var þó ekki sá sami og börnin höfðu borðað því ný framleiðsla var komin í sölu.

Samkvæmt tilkynningum frá Landlæknisembættinu er ekki hægt að fullyrða að börnin hafi sýkst af umgengni við kálfa. Mögulegar smitleiðir á bænum eru margar en sterkustu faraldsfræðilegu tengslin eru við ís sem framleiddur var á staðnum.

*Ísinn eigin framleiðsla*

Ísinn sem seldur er í Efstadal II er framleiddur á staðnum úr mjólk kúnna á bænum og hefur verið það frá upphafi. „Ferlið við framleiðsluna er þannig að við gerilsneyðum mjólk úr mjólkurtanknum, síðan setjum við hana í skilvindu og fáum þá rjóma og undanrennu. Síðan er ísblandan gerð og svo gerilsneydd aftur, úr henni eru svo gerðar mismunandi bragðtegundir af ís,“ segir Sölvi.

Efstidalur II er ekki eina býlið á Íslandi sem framleiðir og selur ís en milli fimm og sex bæir gera ís úr mjólkinni sinni. Það er eitthvað rómantískt að geta búið til ís úr eigin afurðum.

„Við erum með um 40 mjólkandi kýr og lítum fyrst og fremst á okkur sem kúabændur. Sem aðilar að Auðhumlu seljum við okkar mjólk þangað að langmestu leyti.“

*Smit fannst í kálfastíunni*

Sölvi segist fyrst hafa heyrt um mögulega E. coli sýkingu 27. júní þegar fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kom á staðinn til sýnatöku. „Í það skipti voru tekin sýni úr ís og hamborgurum en við greiningu reyndust sýnin vera laus við smit. Fljótlega eftir það fóru spjótin þó að beinast að okkur út frá faraldsfræðilegum grunni, eða vegna þess að flestir þeirra sem sýktust áttu það sameiginlegt að hafa komið hingað og borðað ís eða verið í snertingu við dýr.

Föstudaginn 4. júlí komu fulltrúar Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hingað og tóku aftur sýni, bæði úr matvælum og í fjósinu. Úr sýnum úr kálfastíunni voru ræktuð sömu gen og ollu veikindum einstaklinganna. Á þriðjudeginum eftir það voru komnar haldbærar sannanir um að uppruni sýkingarinnar væri hjá okkur og þá var gripið til frekari viðeigandi ráðstafana.“

*Sýkingin mikið sjokk*

„Fyrstu viðbrögð okkar þegar staðfest var að sýkingin ætti uppruna sinn hjá okkur voru algert sjokk og hreinlega skelfing og varla að maður tryði því til að byrja með. Sjálfur átti ég erfitt með að trúa að sýkingin kæmi úr matvælunum og það er mín tilfinning enn í dag því hefði svo verið tel ég víst að fleiri hefðu smitast.

Í dag eru allir sammála um að uppruni sýkingarinnar sé í kálfastíunni hjá okkur en erfitt er að fullyrða hvernig smitið barst til fólksins.“

Sölvi segir að strokusýni úr veitingaaðstöðunni hafi ekki sýnt neitt sem bent gæti til sýkingar innanhúss en að það hafi aftur á móti fundist E. coli STEC bakteríur í skepnunum á bænum.

„Smitleiðir geta verið fjölmargar, til dæmis frá gestum sem klappa dýrum og kaupa sér svo veitingar inni á staðnum, á milli gesta og starfsfólks. Annar möguleiki er að hundar á bænum hafi farið inn í kálfastíuna og orðið fyrir smiti og síðan börn smitast við að klappa þeim. Einnig greindist smit í heimalningum sem við höfum stundum leyft börnum að gefa mjólk úr pela. Staðreyndin er sú að smitið greindist ekki bara í kálfunum heldur líka í dýrum sem voru hér á hlaðinu. Starfsmenn geta hafa tekið í höndina á gesti eða á móti greiðslu frá fólki sem var að klappa kálfi og smit borist þannig inn í veitingasöluna. Mögulegar smitleiðirnar eru því margar,“ segir Sölvi.

*Baktería sem berst auðveldlega með fólki*

„Satt best að segja held ég að það hafi enginn átt von á að svona sýking kæmi upp á íslenskum sveitabæ og tilfellið sýnir hvað við verðum að fara varlega. Fyrir þetta hafa verið að greinast þrjú til fjögur tilfelli af E. coli á ári hér á landi en svo stökkva þau upp í 22 á sama staðnum og eru orðin að faraldri.

Annað sem vert er að velta fyrir sér er hvernig smitið barst til okkar. Hingað hefur verið straumur fólks í mörg ár og rannsóknir sýna að þessi baktería finnst bæði í lamba- og nautakjöti hér á landi og hún er vel þekkt víða um heim og getur borist með fólki á milli staða og landa.“

*Veikindi barnanna mesta sjokkið*

„Mesta sjokkið við sýkingarnar var þegar við fréttum hversu alvarleg veikindi barnanna voru og við hreinlega misstum mátt og langaði mig mest að loka afleggjaranum að bænum og skella í lás. Það var erfitt að höndla alla athyglina sem málið fékk því heimili okkar og vinnustaður voru í öllum fréttatímum og blöðum í tengslum við veik og jafnvel lífshættulega veik börn.



Ísborðið í Efstadal II, þar sem þær Hrafnhildur Ósk Gunnarsdóttir og Sólbjörg Lind Björgvinsdóttir standa vaktina.



Komið hefur verið upp nýrri hreinlætisaðstöðu utandyra og bætt við upplýsingaskilti þar sem fólki er bent á nauðsyn þess að gæta fyllsta hreinlætis.



Á bilinu 70 til 100 þúsund manns heimsækja Efstadal II á hverju ári. Í dag er búið að loka fyrir beinan aðgang gesta að dýrunum á bænum. Mynd / Beit



Börnum þykir gaman að horft á kálfana í kálfastíunni og gott að borða ís.



Björgvin Jóhannesson, Sólveig Sigurðardóttir, Björg Ingvarsdóttir og Halla Rós Arnarsdóttir.

Auðvitað leið okkur illa en samt held ég að okkur hafi ekki liðið jafn illa og börnunum og foreldrum þeirra barna sem veiktust. Mig langar að nota tækifærið hér og senda þeim okkar bestu kveðjur og segja í einlægni hvað okkur þykir þetta leitt og láta þau vita að við finnum til með þeim. Á sama tíma vorum við að vinna samkvæmt öllum reglum sem okkur voru settar og fylgdum fyrirmælum eftirlitsstofnana í einu og öllu.

Hjá okkur vinna um þrjátíu manns sem einnig þurfti að sinna og hlúa að.

*Farið yfir verkferla*

„Viðbrögð í kjölfar sýkinganna hafa verið að fara yfir alla verkferla og athuga hvort að það hafi orðið frávik í framleiðslunni sem hafi getað stuðlað að sýkingum. Kálfastíunni var strax lokað og núna er búið að takmarka aðgengi gesta að öllum dýrum. Það er einnig búið að setja upp nýja hreinlætisaðstöðu utandyra og bæta við upplýsingaskilti þar sem fólki er bent á nauðsyn þess að gæta fyllsta hreinlætis.“

*Skjót og góð aðkoma stofnana*

„Að mínu mati hafa samskipti okkar við Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands verið góð. Matvælastofnun er með allt sem

snýr að dýrahaldinu á sinni könnu en Heilbrigðiseftirlit Suðurlands allt sem snertir veitingasöluna.

Satt best að segja get ég ekki verið annað en stoltur af því hvernig þessar stofnanir brugðust við og hversu fljótar þær voru að setja allt í gang. Aðkoma sóttvarnarlæknis var einnig til fyrirmyndar og aðdáunarvert hversu vel allar þessar stofnanir unnu saman í þessu verkefni og veittu okkur upplýsingar um hvaða úrbætur væri hægt að framkvæma.

Í dag er búið að sótthreinsa veitingasöluna hátt og lágt og fjölga reglubundnum handþvottum.“

### *Hófst með hestaleigu*

Sölvi segir að sauðféð hafi verið skorið niður vegna riðu í Efstadal II milli 1978 og 1980. Húsið þar sem veitingasalan er í dag var upphaflega byggt sem fjárhús en breytt í fjós eftir niðurskurðinn. Móðir Sölva, Björg Ingvarsdóttir, og stjúpfaðir, Snæbjörn Sigurðsson, settu á laggirnar hestaleigu meðfram kúabúskapnum árið 1992 og þannig var stigið fyrsta skrefið í átt að þjónustu við ferðamenn.

„Árið 2001 fara þau að leigja fjögur herbergi í gamla íbúðarhúsinu í samvinnu við Ferðaþjónustu bænda. Árið 2005 var byggt bjálkahús með tíu herbergjum og herbergin þá orðin fjórtán. Þá var einnig farið að bjóða upp á kvöldverð fyrir gesti í stofunni í gamla húsinu en á þessum tíma höfðu foreldrar mínir byggt sér nýtt hús og gamli bærinn notaður undir ferðaþjónustuna. Árið 2013 var hlöðunni breytt í ísbúð, veitingastað og ferðamannafjós.

Frá upphafi var markmiðið að vera með glugga í veitingahúsinu og inn í fjós og vera með skepnurnar og starfsemina sýnilega. Það kom strax í ljós sem gestir sem komu hingað kunnu að meta þetta og að þá langaði að tengjast sveitinni, búskapnum og skepnunum meira. Um tíma vorum við að hugsa um að bjóða upp á fjósaskoðun og leyfa fólki að fara inn í fjósið en hættum við það og ákváðum að vera með gluggana í staðinn og eina hurð út á plan þar sem fólk gæti klappað kálfunum.“



Sölvi Arnarsson, ábúandi að Efstadal II.


Búið er að loka fyrir beint aðgengi að dýrum.

Sölvi segir að þjónustan við ferðamenn hafi alltaf verið að aukast og í dag heimsæki milli 70 og 100 þúsund manns bæinn á ári. „Veitingaþjónustan byrjaði ekki með neinum hvelli en við eru vel staðsett á Gullna hringnum og það fara um ein og hálf milljón manna um hann á ári og þar eru um fimm þúsund sumarhús frá Selfossi og upp að Geysi. Það sem meira er, er að bæði Íslendingum og útlendingum þykir ís góður og gaman að skoða dýrin og þjónustan hér aukist í takt við aukinn fjölda ferðamanna til landsins. Fyrstu árin var stærsti hluti viðskiptavina okkar Íslendingar og í dag er þetta hluti af sunnudagsbíltúrnum hjá mörgum, sem við lítum á sem okkar fastakúnna. Við finnum fyrir mikilli jákvæðni frá þeim gagnvart því sem við erum að gera.“

Að lokum segir Sölvi að ábúendur í Efstadal II séu ákveðnir í að læra af reynslunni og gera sitt til að koma í veg fyrir að svona geti komið fyrir aftur, því við viljum geta haldið áfram að bjóða fólk velkomið í sveitina okkar.“


MAST Matvælastofnun

## Opnað hefur verið fyrir umsóknir um nýliðunarstuðning í landbúnaði

Í samræmi við reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018, IV. kafla skal umsóknum um nýliðunarstuðning í landbúnaði **skilað inn rafrænt á Bændatorginu eigi síðar en 1. september 2019.**

Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.

**Til að eiga rétt á nýliðunarstuðningi þarf að uppfylla kröfur skv. 16. gr. reglugerðarinnar og eru meðal annars:**

a. *Umsækjandi sé á aldrinum 18–40 ára á því ári sem óskað er eftir stuðningi.*

b. *Er að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hafa leigt eða keypt búrekstur innan þriggja ára frá 1. janúar á umsóknarári.*

Umsóknum er forgangsraðað með tilliti til menntunar, jafnréttissjónarmiða og heildarmats. Upplýsingar um vinnureglur um forgangsröðun er að finna á umsóknareyðublaði á Bændatorginu og á heimasíðu MAST.

Stuðningur getur að hámarki numið 20% af heildarfjárfestingakostnaði á ári og skulu framlög til einstakra nýliða ekki vera hærri en níu milljónir króna í heildarstuðning.

Frostverk



**Ryðfrí innréttingasmíði í yfir 40 ár**

www.frostverk.is s: 565 7799 borkur@frostverk.is

# Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**

**Iðnaðarhurðir**

**Iðnaðarhurðir með gönguhurð**

**Bílskúrshurðir**

**Hurðir í trékarma**

**Tvískiptar hurðir**

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

## Útboð nr. 21039

### Ofanflóðavarnir Patreksfirði – Urðir, Hólar og Mýrar

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Vesturbyggðar og Ofanflóðasjóðs, óskar eftir tilboðum í verkið: Ofanflóðavarnir Patreksfirði - Urðir, Hólar og Mýrar. Verkið skal framkvæma í samræmi við útboðsgögn eins og þeim er lýst í grein „0.3.1 Útboðsgögn“.

Verkið felst í gerð snjóflóðavarnargarða ofan við byggðina á Patreksfirði. Í verkinu felst einnig flutningur trjágróðurs, mótun yfirborðs skeringa flóðmegin við garða, gerð vinnuvega, varanlegra slóða, gangstíga og tröppustíga og áningarstaða, gerð drenskurða, táskurða og lagning ræsa, formun vatnsfarvega, jöfnun yfirborðs, frágangur og fleira. Þá felst einnig í verkinu að færa hitaveitulögn Orkubús Vestfjarða (OV), vatnslögn sveitarfélagsins og strengi í eigu OV og Mílu.

***Helstu magntölur:***

| | |
|---|---|
| *Gerð tá- og drenskurða* | *1.300 m* |
| *Mótun lækjarfarvega* | *1.700 m* |
| *Vegræsi* | *10 stk.* |
| *Losun klappar* | *10.000 m³* |
| *Fyllingar* | *280.000 m³* |
| *Uppsetning styrkingarkerfis* | *10.600 m²* |
| *Jöfnun yfirborðs* | *100.000 m²* |
| *Þökulögn* | *5.000 m²* |
| *Hellulögn* | *200 m²* |
| *Grjóthleðslur* | *350 m²* |
| *Gerð göngustíga og vegslóða* | *4.600 m* |
| *Lagning hitaveitu* | *270 m* |

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. desember 2023.

Nánari upplýsingar og útboðsgögn verða aðgengileg í rafræna útboðskerfinu TendSign, á vefslóðinni https://tendsign.is/, frá og með mánudeginum 29. júlí. Ekki verður haldinn hefðbundinn opnunarfundur. Tilboðum skal skilað rafrænt í útboðskerfinu fyrir kl. 14:00, 27. ágúst 2019.

**Fyrirspurnarfrestur er til 19. ágúst 2019.**

**Skilafrestur tilboða er fyrir kl. 14:00, 27. ágúst 2019.**

**Opnun tilboða (rafrænt) 27. ágúst kl. 14:10.**

RÍKISKAUP

## Girðingafélag um jarðir á Skógarströnd:

# Skógarströnd stendur aftur undir nafni

## – Skógrækt er lóð á vogarskálarnar gegn geigvænlegri náttúruvá okkar tíma

**Á norðanverðu Snæfellsnesi, milli Stykkishólms og Búðardals, heitir Skógarströnd allt frá Álftafirði inn að Gljúfurá. Nafn svæðisins vekur fyrirheit um ákveðið yfirbragð en reyndin er oftar nær eyðimörk en skógi. Gróðurfar er víðast rýrt og allvíða sjást merki um bæði gróður- og jarðvegseyðingu, jafnvel allt niður að sjávarmáli.**

Ferðamenn sem fletta upp merkingu örnefnisins verða því oft forviða og leita skóganna. Reyndar eru allnokkrir náttúrulegir birkiskógar eftir á þessu svæði en þegar ekið er eftir þjóðveginum virðast þeir vart meira en lágvaxið kjarr, sem að vísu leynir á sér við nánari skoðun.

Nafngift Skógarstrandar er þó ekki úr lausu lofti gripin því til að mynda er að finna í annálum frá um 1750 frásagnir um myrkviðinn á Straumi. Nú er ekki ein hrísla eftir þar. Á því sést hve hratt og algerlega skógar geta horfið, séu þeir ofnýttir og ekki gefið færi á sjálfsendurnýjun.

### *Fjölbreytt nýting auðlinda*

Búskaparhættir á þessu svæði einkenndust löngum af fjölbreyttri nýtingu á því sem land, sjór og eyjar gáfu og þótt lífsbaráttan gæti verið hörð höfðu menn alla jafna nóg að bíta og brenna. Jarðirnar á svæðinu henta hins vegar ekki vel til stórbúhátta nútímans og á síðustu áratugum hafa margar þeirra skipt yfir í óhefðbundinn búskap svo sem skógrækt eða þjónustu við ferðamenn. Þessi þróun varð til þess að upp úr síðustu aldamótum voru engar jarðir með sauðfjárbúskap á allstóru samfelldu svæði á Skógarströnd en skógrækt og landgræðsla í staðinn stunduð af mörgum landeigendum. Þetta svæði nær allt frá Narfeyri við Álftafjörð inn að Heydalsvegamótum.

### *Markmiðið að auka útbreiðslu birkiskóga*

Landeigendur á þessu svæði stofnuðu Landgræðslu- og skógræktarfélag Skógarstrandar sem hafði meðal annarra markmiða að vernda og auka útbreiðslu náttúrulegra birkiskóga svæðisins auk þess að undirbúa skógrækt á lögbýlum. Framfarir gróðurs urðu þó litlar sem skýrðist að hluta af því að enn var töluverð sauðfjárbeit á svæðinu.

### *Sameinast um girðingar*

Þeir landeigendur sem höfðu samninga við Landshlutaverkefni Vesturlandsskóga þurftu að verja sína nýskóga gegn lausagöngu sauðfjár. Hver og einn sá því fram á að þurfa að leggjast í kostnaðarsamar girðingarframkvæmdir en þegar landeigendur báru saman bækur sínar varð ljóst að þar eð margar jarðanna áttu sameiginleg landamæri yrði hagkvæmara að sameinast um eina stóra girðingu en að sérhver landeigandi girti sína jörð.

Í kjölfarið tók við langt samræmingarferli, því framkvæmdin var í eðli sínu flókin. Einhverjir landeigendur vildu síður taka þátt, aðrir vildu taka þátt en gátu það ekki af ýmsum sökum og enn aðrir tóku ekki þátt í kostnaði en skuldbundu sig þó til að halda ekki sauðfé og hesta í lausagöngu. Þá var ekki síður flókið að ákveða legu girðingarinnar því þar spiluðu inn í landfræðilegir þættir, veðurfar og staðsetning jarða þar sem sauðfjárrækt var fyrir hendi. Eftir nokkrar samningaumleitanir var loks stofnað girðingarfélag landeigenda fimm jarða um framkvæmdina en þrír landeigendur gáfu samþykki sitt án þess að taka beinan þátt. Girðingin nær þannig utan um átta samliggjandi jarðir.



Rísandi nýskógar á Vörðufelli. Myndir / Sigurkarl Stefánsson



Sigurkarl Stefánsson, Setbergi.



Greinarhöfundur stendur uppréttur í Breiðabólstaðaskógi. Mynd / Stefán Sigurkarlsson



Gula svæðið á yfirlitskortinu er svæðið sem skógargirðingin friðar, um 12.000 ha.



Bæjarstæðið á Straumi er rýrt á að líta.

### *30 km girðing kostar sitt*

Stofnkostnaður var hár (girðingin sjálf var rúmlega 30 km löng og stofnkostnaður nálægt einni milljón kr/km) og þótt girðingin hafi í staðið sig vel þá er árlegur viðhaldskostnaður allnokkur eða rúmlega 1.000.000 kr á ári. Landið sem er innan girðingar er um það bil 12.000 ha.

Þrátt fyrir ítarlegar tilraunir tókst ekki að koma á samstarfi við Dalabyggð um að lýsa yfir lausagöngubanni innan girðingarinnar sem hefði heimilað Vegagerðinni, skv.vegalögum, að taka þátt í kostnaði við framkvæmdina. Vesturlandsskógar styrktu hins vegar framkvæmdina í samræmi við ákvæði samnings við skógarbændur. Vegagerðin kom einnig til móts við Girðingarfélagið með ristarhliðum þar sem girðingin þverar þjóðvegi enda friðar girðingin töluvert af vegum þar sem ákeyrslur á búfé höfðu verið algengar.

Stórgirðing af þessu tagi truflar lítt för ferðamanna enda var þess gætt að hafa hlið þar sem þekktar reiðleiðir liggja auk stiga á öðrum stöðum. Hefur samstarf við hestamenn gengið vel.

### *Gróður í mikilli framför*

Nú stefnir í að Skógarströndin standi aftur undir nafni. Allur gróður innan girðingarsvæðisins er í mikilli framför, fjölgun blómjurta er áberandi sem og sjálfsútbreiðsla birkis, víðis og einis. Bændaskógarnir dafna líka allvel. Þótt vaxtarhraðinn sé kannski meiri í hlýrri sveitum þá er vöxturinn jafn og góður og lítið um áföll. Skógarbændur á svæðinu gæta þess að plöntun sé í samræmi við landslag, fjölbreytt með ávölum útlínum og skyggi ekki á útsýnisstaði.

Skógarbúskapur er í raun einskonar akuryrkja þó sannarlega líði lengri tími frá sáningu að uppskeru en þegar korntegundir eru ræktaðar. Mikilvægi kolefnisbindingar, bæði í trjágróðri og öðrum plöntum, er ótvírætt sem og aukin líffræðileg fjölbreytni sem fylgir gjarnan meiri gróðri. Innan girðingarinnar hefur ennfremur verið endurheimt nokkuð votlendi með því að fylla í skurði. Allt eru þetta smágerð lóð á vogarskálarnar gegn geigvænlegri náttúruvá okkar tíma.

*Fyrir hönd Girðingafélags um jarðir á Skógarströnd, Sigurkarl Stefánsson, Setbergi*

Tré lífsins verður nýr valkostur varðandi jarðarfarir:

# Tré gróðursett til minningar um hinn látna

**Tré lífsins er frumkvöðlaverkefni þar sem fólki er boðið upp á nýjan valkost við andlát. Hugmyndin gengur út á að sniðugra sé að gróðursetja fólk en að jarðsetja það.**

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir stendur á bak við verkefnið og segir hún að hugmyndin hafi fæðst þegar hún velti því fyrir sér hvað það væri í raun skrýtið að við jarðsettum ennþá fólk í kirkjugörðum. „Hefðbundnar jarðarfarir hafa kallað á mikið landrými og eru kannski ekki sérstaklega umhverfisvænar. Mér fannst það einhvern veginn blasa við að það yrði bæði skynsamlegri landnýting og betra fyrir umhverfið að gróðursetja ösku fólks ásamt tré. Einhvern veginn finnst mér það líka hlýleg tilhugsun að geta heimsótt tréð hennar ömmu þar sem nýtt líf yxi til minningar um hana,“ segir Sigríður.

Verkefnið hefur þróast töluvert síðan Sigríður Bylgja fékk fyrst hugmyndina að því að gróðursetja ösku fólks og verkefnið skiptist nú í þrjá hluta; persónulegan gagnagrunn hins látna, minningarvefsíðu og loks nýstárlega bálför og jarðsetningu.

„Þetta hefur undið upp á sig í þróunarferlinu og verkefnið skiptist núna í tvær rafrænar hliðar og bálstofu þaðan sem askan verður gróðursett ásamt tré. Ég tók þátt í námskeiðinu Brautargengi sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands rekur en stuðningurinn sem sérfræðingar Nýsköpunarmiðstöðvar veittu mér færði verkefnið yfir á annað stig. Það fór úr því að vera hugmynd í það að verða framkvæmanlegt verkefni með viðskiptaáætlun.“

### *Persónulegur gagnagrunnur*

Fyrsti hluti verkefnisins er persónulegur gagnagrunnur þar sem fólk getur skráð niður sínar hinstu óskir – allt frá skipulagi útfarar til erfðamála. „Í minni fjölskyldu hefur það sýnt sig að fólk á erfitt með að ræða um dauðann og þegar andlát ber að garði er ekki alltaf vitað hvað hinn látni hefði viljað. Þarna leysum við þessa áskorun með því að bjóða fólki að vera búið að skrá niður sínar hinstu óskir sem verða geymdar í öruggum gagnagrunni þar til að andláti kemur,“ segir Sigríður.

Hver og einn skráir sig þannig í gagnagrunninn og segir Sigríður að fyllsta öryggis verði gætt til að vernda þær upplýsingar sem fólk skráir inn. Enginn fær upplýsingarnar í hendur fyrr en eftir andlát viðkomandi og þá eingöngu þeir sem hinn látni hefur skráð sem nánustu aðstandendur.

### *Minningin lifir áfram rafrænt*

Næsti hluti verkefnisins er minningasíða þar sem verður mynd af hinum látna, æviágrip og möguleiki á að skrifa skilaboð til hins látna sem birtast annaðhvort í lokaðri færslu eða opinni.

„Þarna er kominn vettvangur fyrir syrgjendur til að tjá tilfinningar sínar í opinni færslu eða sem lokuð „skilaboð“ til hins látna. Minning hins látna lifir áfram rafrænt og ástvinir geta skrifað færslur á afmælisdögum eða öðrum mikilvægum dagsetningum í lífi fólks.“

### *Bálför og íslensk duftker*

Þriðji hluti verkefnisins er bálförin og jarðsetning, sem verður með nýstárlegum hætti. „Mig langar til þess að opna bálstofu þar sem rýmið er bjart og hlýlegt og aðstandendur geta átt hinstu kveðjustund með ástvini sínum og beðið saman á meðan bálförin fer fram.



Sigríður Bylgja með duftker.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis reka einu bálstofu landsins í Fossvogi og ekki er í boði fyrir aðra en starfsmenn að vera viðstaddir bálfarir. Bálförum hefur farið ört fjölgandi á undanförnum árum og umræða um plássleysi í kirkjugörðum skýtur reglulega upp kollinum.

Við Helga Unnarsdóttir, leirlistakona í Studio OS, höfum verið að leika okkur með útfærslur af duftkerjum en hún kemur til með að hanna og framleiða duftkerin fyrir Tré lífsins. Mér þykir mikilvægt að hafa framleiðsluna innlenda og umhverfisvæna og upp úr þeim pælingum spratt samstarf okkar Helgu. Duftgrafir taka mun minna pláss en hefðbundnar grafir en ég vil ganga skrefinu lengra og bjóða upp á hinstu hvílu í náttúrulegra umhverfi.“

### *Gróðursetning í Minningagörðum*

Að sögn Sigríðar mun Tré lífsins bjóða upp á gróðursetningu duftkersins ásamt tré í minningagarði – í stað hefðbundinnar jarðsetningar í kirkjugarði.

Ekki er heimilt að gróðursetja tré í kirkjugörðum og ekkert fræ vex upp frá slíku dýpi sem duftkerið er sett niður á. Lausn Sigríðar Bylgju er fólgin í því að gróðursetja stálpað tré með duftkerinu sem vex upp til minningar um hinn látna. „Samstarf við skógræktarfélög landsins er eitthvað sem ég sæi fyrir mér í framkvæmd verkefnisins. Þannig gæti fólk lagst til hinstu hvílu á skógræktarsvæði í sinni heimabyggð og Tré lífsins byði upp á tækifæri til aukinnar skógræktar á Íslandi. Hvert tré yrði síðan sérstaklega merkt og tengt við minningarsíðu þess sem undir því hvílir.”

### *Markaðskönnun fyrir Tré lífsins*

„Auðvitað hef ég lent í alls konar hindrunum á leiðinni, en það hefur ekkert stoppað mig hingað til. Það er mér afskaplega mikilvægt hve vel fólk hefur tekið í hugmyndina og hvatt mig áfram, sérstaklega þeir sem misst hafa einhvern nákominn sér. Allar sögurnar sem ég hef heyrt hafa hjálpað mér að þróa verkefnið áfram,“ segir Sigríður.

„Óskastaðan væri sú að geta gróðursett fyrstu trén innan fimm ára, en það væri hægt að koma rafrænu hliðunum í gang mun fyrr. Bálstofan og Minningagarðarnir taka augljóslega aðeins lengri tíma í framkvæmd.“

Næsta mál á dagskrá hjá henni er að athuga hvernig almenningi lýst á verkefnið og þess vegna hefur hún sett upp markaðskönnun. „Könnuninni verður dreift á netinu og því fleiri sem svara því betra. Afar, ömmur, foreldrar, unglingar – í rauninni allir sem vilja koma skoðun sinni um þetta mál á framfæri geta tekið þátt og ég biðla til fólks að taka sér 15 mínútur til þess að renna í gegnum könnunina og segja mér hvernig þeim líst á hugmyndina.“

Könnunina má nálgast á www.trelifsins.is og á Facebook-síðu verkefnisins, www.facebook.com/trelifsins. /smh




Endurmenntun LbhÍ

## Trjáklifur á Íslandi

*Haldið í húsnæði LbhÍ á Reykjum í Ölfusi*

**Ráðstefnan Trjáklifur á Íslandi er ætluð öllum þeim sem vilja fræðast og taka þátt í umræðum um trjáklifur sem nýja atvinnugrein á Íslandi.**

Undanfarin þrjú ár hefur LbhÍ stýrt Erasmus+ verkefninu Safe Climbing. Þar hafa kennarar og nemendur frá þrem skólum í Evrópu unnið að því að þróa og skipuleggja námsskrá fyrir trjáfræði (arborist). Á þessari ráðstefnu verða drög að námskrá kynnt og fjallað um helsta innihald hennar.

Dagskráin hefst á nokkrum stuttum fyrirlestrum og ýmis efni er tengjast atvinnugreininni þar sem m.a. Guðríður Helgadóttir, Halldór Sverrisson og Kári Aðalsteinsson munu halda erindi tengd námi í faginu. Að fyrirlestrum og umræðum loknum munu nemendur sem tóku þátt í verkefninu þessi þrjú ár sýna algengustu aðferðir við trjáklifur á útsvæðum skólans.

**Kennsla**: Ágústa Erlingsdóttir skrúðgarðyrkjumeistari, Hannes Snorrason eftirlitsmaður hjá Vinnueftirlitinu, Halldór Sverrisson trjásjúkdómafræðingur Skógræktarinnar, Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur og Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri kirkjugarða Reykjavíkur.

**Klifursýning**: Benedikt Örvar Smárason, Bjarki Sigurðsson og Orri Freyr Finnbogason

**Tími**: Fim. 22. ágúst. kl 13:10–16:30, í húsnæði LbhÍ að Reykjum í Ölfusi (Hveragerði)

**Frítt er inn á ráðstefnuna en nauðsynlegt er að skrá sig: www.lbhi.is/namskeid**
**Skráningafrestur er til 21. ágúst 2019**

www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000



## VILT ÞÚ SETJA UPP *HLEÐSLUSTÖÐ* FYRIR RAFBÍLA?

Hleðsla Í HLAÐI

***Hleðsla í hlaði*** óskar eftir áhugasömum bændum sem hafa áhuga á því að setja upp hleðslustöð fyrir rafbíla á sínu býli og bjóða almenningi og ferðamönnum upp á hleðsluþjónustu.

**ÁVINNINGUR BÆNDA ER MARGS KONAR:**

- √ *Sala á rafmagni er ný tekjulind*
- √ *Viðbót við aðra þjónustu á býlinu*
- √ *Styrkur til uppsetningar*
- √ *Stuðningur og ráðgjöf*

***Hleðsla í hlaði*** er samstarfsverkefni *Bændasamtakanna*, *Orkuseturs* og *Hey Iceland*. Aðalmarkmið er að fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla í sveitum landsins. Þéttara net hleðslustöðva hvetur til aukinnar rafbílanotkunar og stuðlar að umhverfisvænni samgöngum.

Verkefnið ***Hleðsla í hlaði*** mun veita bændum handleiðslu við að koma upp hleðslustöð og standa fyrir kynningu á þjónustunni.

Nánari upplýsingar um ***Hleðslu í hlaði*** veita þau Berglind Viktorsdóttir **(berglind@heyiceland.is)** hjá *Hey Iceland* í síma **570-2710** og Tjörvi Bjarnason **(tjorvi@bondi.is)** hjá *Bændasamtökum Íslands* í síma **563-0300** og á **bondi.is**

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS


Best er að fjölga piparrót með rótarafleggjurum sem brotnir eru af rótinni.

# Bitur eins og piparrót



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is


**Björn Halldórsson í Sauðlauksdal sagði um piparrót að plantan vaxi „hjá hverjum manni er vill og þar sem hún er einu sinni plöntuð lifir hún og eykst af sjálfri sér árlega“. Plantan var ræktuð í görðum hér um tíma en sést sjaldan núna. Gyðingar í Evrópu neyta piparrótar um páska til að minnast þess að forfeður þeirra voru einu sinni þrælar í Egyptalandi.**

Áætluð heimsframleiðsla á piparrót er rúm fimm milljón tonn á ári. Bandaríki Norður-Ameríku er stærsti framleiðandinn með um 3,5 milljón tonn á ári. Af löndum í Evrópu er mest ræktað í Þýskalandi, Ungverjalandi og Póllandi, auk þess sem ræktun í Kína hefur margfaldast á undanförnum árum.

Ekki fundust upplýsingar um hversu mikið er flutt inn af piparrót á vef Hagstofu Íslands, hvorki ferskri, mulinni eða í maukformi.

### *Ættkvíslin Armoracia og tegundin rusticana*

Tegundir innan ættkvíslarinnar Armoracia eru fjórar en latnesk heiti þeirra eru á reiki og séu samheiti þeirra á latínu talin saman mætti ætla að tegundirnar séu 18. Plöntur innan ættkvíslarinnar finnast villtar bæði í austanverði Norður-Ameríku, Suðaustur-Evrópu og í Litlu Asíu.

Piparrót er líklega sú tegund innan ættkvíslarinnar sem flestir hér á landi þekkja. Í dag kallast plantan A. rusticana á latínu en tilheyrði áður ættkvíslinni Cochlearia og bar tegundarheitið armoracia.

Plantan er með öfluga og þétta stólparót og er fjölær en oft ræktuð sem einær. Rótin ljósbrún að utan en nánast hvít að innan, milli 20 og 30 sentímetra löng og að 10 sentímetrum í þvermál efst en mjókkar eftir því sem neðar dregur og endar í mjóum


Blómin eru með fjórum hvítum eða ljósbleikum krónublöðum, fjórir til sex sentímetrar í þvermál og mörg saman á enda langs stilks.

þræði. Blöðin vaxa í hvirfingu upp af rótarhálsinum, sagtennt 10 til 30 sentímetra löng en stöngulblöðin stakstæð og styttri. Blómin með fjórum hvítum eða ljósbleikum krónublöðum, fjórir til sex sentímetrar í þvermál og mörg saman á enda langs stilks sem getur náð eins og hálfs metra hæð. Fræflarnir sex í kringum eina frævu og er plantan sjálffrjóvgandi. Í fræbelgnum sem er um sex millimetra langur og hjartalaga eru rífleg tuttugu lítil fræ.

Líkt og með aðrar nytjajurtir sem ræktaðar eru víða um heim er til fjöldi yrkja og afbrigða af piparrót sem eru ólík að stærð, lit og bragði. Stór hluti útplöntunar og uppskeru á piparrót í heiminum fer fram með höndum.

### *Uppruni, saga og útbreiðsla*

Piparrót er upprunnin í Suðaustur-Evrópu og í Litlu Asíu en finnst víða villt þar sem hún hefur dreifst út frá ræktun og dafnar vel. Erfitt er að segja hvenær plantan var fyrst tekin til ræktunar en talið er að hún hafi verið í ræktun í að minnsta kosti 3000 ár og að henni hafi verið safnað sem villirót fyrir þann tíma.

Egyptar til forna þekktu og plöntuna og ræktuðu hana til matar. Samkvæmt grískri goðafræði sagði


Áætluð heimsframleiðsla á piparrót er rúm fimm milljón tonn á ári. Bandaríki Norður-Ameríku er stærsti framleiðandinn.


Plantan er harðgerð og getur vaxið í nánast hvaða jarðvegi sem er.

véfréttin í Delfí Apollo að rófur væru þyngdar sinnar virði í silfri en piparrót í gulli.

Cato gamli, uppi 234 til 149 fyrir Krist, nefnir plöntuna í landbúnaðarriti sínu, De Agricultura, og hún kemur fyrir á veggmynd í borginni Pompei sem fór undir ösku við gos í fjallinu Vesúvíus árið 79.

Gríski læknirinn, lyfja- og grasafræðingurinn Pedanius Dioscorides, uppi á fyrstu öld okkar tímatals, var meðal annars læknir í rómverska hernum. Dioscorides er höfundur grasalækningabókarinnar De Materia Medica sem var höfuðrit slíkra fræða í um 1500 ár eða fram að tíma endurreisnarinnar. Dioscorides kallað plöntuna bæði Persicon sinap og Sinapi persicum í riti sínu en samtímamaður hans, Pliny eldri, kallar hana Persicon napy í náttúrufræði sinni og mælir með neyslu hennar til lækninga.

Pietro Andrea Mattioli og John Gerard voru báðir sextándu aldar endurreisnarmenn. Mattioli var ítalskur læknir og náttúrufræðingur en Gerard enskur grasafræðingur og grasalæknir. Báðir kölluðu þeir plöntuna Raphanus og sögðu hana góða til lækninga. Gerard segir einnig að planta vaxi víða villt á Bretlandseyjum og að Þjóðverjar stappi rótina með ediki og hafi hana með fiski og kjöti. William Turner var annar enskur grasalæknir á sextándu öld og kallaði hann plöntuna rautt kál í grasafræði sinni en er líklega að vísa til rauðrófu sem var iðulega notuð á svipaðan hátt og piparrót.

Þýski sautjándu aldar grasafræðingurinn Heinrich Bernhard Rupp var fyrstur sem kallaði plöntuna Armoracia í bók sinni, Frora Jenensi. Svíinn Carl von Linnaeus kallaði hana aftur á móti Coclearia armoracia í Species Plantarum árið 1753. Linnaeus sagði að ef ungar konur borðuðu piparrót með kaldri mjólk yki það á fegurð þeirra.

Neysla á piparrót jókst um og eftir tíma endurreisnarinnar í Evrópu og breiddist út til Skandinavíu og Englands þar sem rótin var fyrst og fremst fæða fátæklinga. Rótin varð fljótt vinsæl sem meðlæti á Bretlandseyjum og ræktuð við krá

og matsölustaði og borin fram með kjöti og ostrum til hressingar fyrir förumenn. Í dag vex plantan víða villt á Bretlandseyjum og meðal annars yfirgefnum bygginga- og verksmiðjusvæðum þar sem jarðvegur er bæði ófrjósamur og þéttur.

Á miðöldum voru bæði blöð og rætur piparrótarinnar nýtt til lækninga og þótti hún meðal annars góð við liðagigt, hósta og getuleysi. Auk þess sem hún var notuð til að eyða ýldubragði og bragðbæta mat í Þýskalandi, á Bretlandseyjum og í Skandinavíu.

Piparrót barst yfir Atlantshafsála með enskum landnemum fyrir miðja átjándu öld og nefna forsetarnir George Washington og Thomas Jefferson hana báðir í dagbókum sínum um garðrækt. Plantan var ræktuð í norðvesturríkjum Bandaríkjanna um aldamótin 1800 og búin að dreifa sér út í náttúruna í kringum Boston um 1840. Fimmtíu árum síðar, um 1890, var hún ræktuð í stórum stíl í Illinois-ríki við bakka árinnar Mississipi.

Íbúar Collinsville í Illinois-ríki í Bandaríkjum Norður-Ameríku, um 25 þúsund, státa af því að borgin sé piparrótarhöfuðborg heimsins. Ræktun á piparrót í sveitunum kringum borgina er ein sú mesta í heimi og þar er haldin mikil piparrótarhátíð í júní á hverju ári.

Fyrsta krukkurnar með piparrótarmauki voru settar á markað árið 1860 og er rótin ein fyrst unna matvaran sem boðið var upp á í verslunum.

Ríkjandi heimsmet í piparrótarkasti er 25 metrar og 53 sentímetrar.

### *Páskar og piparrót*

Í Fjórðu Mósebók, 9: 10-11, Gamla testamentisins segir: „Segðu við Ísraelsmenn: Þegar einhver ykkar eða einhver niðja ykkar hefur saurgast af líki eða er í langferð en ætlar að halda Drottni páska, skal hann halda þá í rökkrinu áður en dimmt er orðið fjórtánda dag annars mánaðar. Þeir skulu neyta páskalambsins með ósýrðu flatbrauði og beiskum jurtum.“ Ástæða þess að gyðingar neyta beiskrar rótar á páskahátíðinni er til að minnast þess að forfeður þeirra voru þrælar í Egyptalandi.

Sumir grasafræðingar telja að hinar fimm beisku jurtir sem nefndar eru í Gamla testamentinu séu í raun piparrót þrátt fyrir að sú planta sé aldrei nefnd á nafn í ritinu. Aðrir segja ólíklegt að um eina plöntu sé að ræða og telja að villisalat (Lactuca serriola), kaffifífill (Cichorium endiva), gyltufífill (Sonchus oleraceus) eða snákaþistill (Eryngium creticum) komi einnig til greina.

Einnig eru til þeir sem segja að hinar bitru jurtir hafi verið villisalat og að piparrótar hafi einungis verið neytt þar sem salatplöntur voru ekki fáanlegar um páska. Piparrót er fyrst nefnd á nafn í gyðinglegum bókmenntum af þýsku rabbínunum Eliezer ben Nathan, sem var uppi á tólftu öld í borginni Mainz, og Eleazar frá Worms í byrjun þrettándu aldar. Í báðum tilvikum tengist plantan páskahátíðinni. Piparrót er einnig nefnd í gyðinglegu riti frá því á þrettándu öld, Haggahot Maimuniyyot, eftir þýska rabbínann Meir HaKohen. Ýmislegt bendir þó til að umfjallanir um plöntuna þar sé seinni tíma innskot við endurskrift ritsins. Aftur er minnst á rótina í riti, Sefer Ha'Aguddah, eftir rabbínann Alexander Suslin HaKohen, sem lést 1349, þar sem hann segir að þar sem ekki sé hægt að fá salat megi borða piparrót í staðinn.

Ekki er ósennilegt að síðasta kenningin sé rétt. Salat vex upp á vorin í Evrópu en piparrót er víða ræktuð sem vetrarrótarávöxtur í álfunni og því líklegri til að vera á borðum gyðinga séu páskar snemma í mið- og norðanverðri Evrópu.



Piparrótarakur við Collinsville í Illinois-ríki í Bandaríkjum Norður-Ameríku.



Piparrót og piparrótarmauk.



Piparrótarsósa er góð með öllum mat.

### *Nafnaspeki*

Ættkvíslarheitið Armoracia mun upphaflega hafa verið latneska heitið á villtum radísum en tegundarheitið rusticana tengir plöntuna við dreifbýlið.

Í Austur-Evrópu og norðurhéruðum Ítalíu, þar sem plantan vex villt, kallast hún khren, hren, ren eða kren og á jidísku כריין sem er borið fram khreyn. Sagt er að svissneska grasafræðingnum Augustin Pyramus de Candolle, uppi 1778 til 1841, sem lýsti piparrót í einni af bókum sínum, hafi þótt Austur-Evrópu-heitin frumstæð og því kosið að nota enska heitið horseradish. Enska heitið horseradish er samsett, hestur og radísa, og tengist hugsanlega því að bragðið er sterkt eins og hestur og því að plantan var á sínum tíma lík radísu í laginu. Heitið kren þekkist einnig á ensku og líkist það óneitanlega austur-evrópska heitinu khren

Á þýsku kallast rótin meerrettich sem þýðir sjóradísa og vísar til þess að plantan geti vaxið nálægt sjó. Samkvæmt einni kenningu misskildu Englendingar þýska orðið meer eða sjó og töldu það þýða mare eða meri og kölluðu



Vélvæðing upptöku á piparrót er víðast stutt komin og rótin yfirleitt uppskorin með höndum.



Blöðin vaxa í hvirfingu upp af rótarhálsinum, sagtennt 10 til 30 sentímetra löng.

plöntuna merar- eða hestaradísu. Orðið radish á ensku kemur úr latínu, radix, og þýðir rót.

Hollendingar nefna plöntuna mierik eða mierikswortel, Spánverjar rábano picante, rábano rusticano eða raíz picante. Frakkar kalla hana radis de cheval, eða raifort og Ítalir barbaforte eða rafano. Pólverjar kalla rótina chrzan, Finnar piparjuuri, Svíar pepparot og Danir peberrod.

### *Nytjar*

Þrátt fyrir að piparrætur séu bragðsterkar eru þær lyktarlausar þegar þær koma upp úr jörðinni og það er ekki fyrr en ræturnar eru skornar eða marðar að þær gefa frá sér lykt.

Í hundrað grömmum af piparrót eru ekki nema 28 kaloríur en því meira af C-vítamíni, auk þess sem þær eru trefjaefnaríkar. Blöðin eru æt og góð í salat en sjaldan nýtt.

Ræturnar geymast vel ferskar en eftir að þær eru skornar í sundur sortna ræturnar fljótt og missa bragðgæði. Eftir að rótin er rifin er best að geyma hana í ediki og í ísskáp.

Hægt er að fá ferskar piparrætur, sem piparrótarmauk og sem íblöndunarefni í alls konar sósum, dressing og hummus. Breta borða roast beef með piparrótarmauki og blanda það stundum með sítrónusafa. Í Rússlandi þykir gott að blada hvítlauk eða tómötum við maukið en í Bandaríkjum Norður-Ameríku er því blandað í mæjónes og salatdressing. Piparrót er einnig notuð í kokteilinn Bloody Mary.

Í suðurhéruðum Þýskalands er piparrótarsósa ómissandi hluti af veisluréttum í brúðkaupum og þar í landi er hún notuð til að auka snerpu snafsa og til að auka bragð af bjór. Rúmenar nota rótina í salat sem er borið fram með lambaréttum, í Serbíu þykir hún ómissandi með grilluðu grísakjöti og í Króatíu er rifin piparrót borin fram með nautakjöti. Auk þess sem piparrótarsósa er víða höfð með fiski, kjúklingi, eggjum eða hörðum osti.

Piparrótarsósa sem lituð hefur verið græn er oft seld sem wasabi með sushi-réttum.

Í Suðurríkjum Bandaríkjanna er sagt gott að nudda piparrót á ennið til að draga úr höfuðverk. Frá Bretlandi er til saga sem segir frá hjónum sem bjuggu í Rudolf Steiner-samfélagi. Eiginkonan var oft önug, niðurdregin og almennt fremur geðvond og fékk hún það ráð hjá öldungum í kommúnunni að vefja piparrótarblöðum um höfuðið til að draga úr depurðinni og geðvonskunni. Ráðið dugði ekki og skildu hjónin nokkrum mánuðum seinna.

Á Bretlandseyjum var einnig sagt að hægt væri að greina kyn ófæddra barna með því að setja piparrót undir kodda beggja foreldra. Sortni rótin fyrst undir kodda föðurins var barnið drengur en stúlka sortnaði rótin fyrr undir kodda móðurinnar.

Piparrótarmauk getur geymst í ísskáp í marga mánuði í loftþéttum umbúðum en missir bragð með tímanum.

Piparrótarsafi er gott og náttúrulegt skordýraeitur og skordýrafæla. Þrátt fyrir enska heitið horseradis er plantan ekki gott fóður fyrir hesta.

### *Ræktun og piparrót á Íslandi*

Piparrót er yfirleitt fjölgað með hliðarrótum sem brotnar eru af meginrótinni en einnig er hægt að rækta plöntuna af fræi. Plantan dafnar best í djúpt stungnum og vel framræstum sandblendnum moldarjarðvegi með miklum lífrænum áburði. Æskileg pH er 5,5 til 6,8. Planta kýs mikil kalí, miðlungsskammt af fósfór en lítið af nitri. Gott er að bæta svolitlu af bór í jarðveginn til að koma í veg fyrir að ræturnar springi. Hæfilegt bil á milli plantna er 50 til 60 sentímetrar.

Samkvæmt Grasnytjum Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal sem kom út 1783, vex piparrót, sem hann kallar Paphanus rusticanum eða Tetradynamia siliqosa, „hjá hverjum manni er vill og þar sem hún er einu sinni plöntuð lifir hún og eykst af sjálfri sér árlega. Enda má planta hennar rótaranga út hvar við hún margfaldast mjög.“

Steindór Steinsórsson frá Hlöðum kallar piparrót Armoracia laphatifolium í Íslensk plöntunöfn og segir hana nefnda í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálsonar sem kom fyrst út í Sórey í Danmörku 1772. Steindór segir einnig að plantan hafi dálítið verið ræktuð á Íslandi og slæðst frá görðum.

Schierbeck landlæknir segir í Garðyrkjukveri sínu frá 1891 að plantan dafni vel hér á landi og Einar Helgason tekur í sama streng í Hvannir frá 1926. Báðir nota þeir eldra latínuheiti plöntunnar, Cochleria armoracia.

Schierbeck segir um piparrót; „hana má auka með því, að hluta sundur rætur hennar, og hversu lítill sem rótarhlutinn er, vex hún upp af honum, og því er hún hið versta illgresi í görðum, þar sem hún hefur vaxið.“ Hann segir einnig um ræktun hennar að á „vorin eru þær lagðar í beð, sem sjeu ein alin á breidd, og skal efri endi annarrar hverrar rótar snúa til hægri handar, en annarrar hverrar til vinstri handar, og hálf alin milli hverrar plöntu. Piparrætur eru lagðar næstum lárjettar í ofurlitla rák, sem grafin sje með höndunum í lausa moldina; þó verður rótarendinn að liggja svo sem tveimur þumlungum dýpra en efri endinn.“

Í Matjurtabók Garðyrkjufélags Íslands segir að piparrót sjáist sem skrautjurt í görðum og að hún sé harðgerð og gefi af sér mikla uppskeru. Hólmfríður A. Sigurðardóttir segir í Garðblómabókinni að piparrót finnist stundum í eldri blómagörðum en að hún eigi fremur heima í matjurtagarðinum en í skrautgörðum.

## Austfirskir bændur fóru í námsferð til Borgundarhólms:

# Staðbundin matvælaframleiðsla getur skapað fleiri störf

**Í lok júní fóru bændur á Austurlandi í námsferð til þess að læra um staðbundna matvælaframleiðslu eins og hún fer fram á Borgundarhólmi (Bornholm) í Danmörku. Þar hafa framleiðendur eflt sína matvælaframleiðslu og þó einkum fullvinnslu matvæla. Um var að ræða fyrirlestra og heimsóknir sem fóru fram á 16 ólíkum stöðum og ferðuðust þátttakendur því víða um eyjuna.**

Þetta vakti töluverða athygli á Borgundarhólmi og gerði Tv2 á staðnum ferðinni góð skil og fylgdu þau hópnum einn heilan dag. Eitt af því sem þótti athyglisvert var að bændur skyldu fjármagna ferð sína sjálfir. Á þeim tíma sem ferðalagið stóð yfir var haldin árleg matarhátíð þar sem áhersla er lögð á kynningu matvæla sem unnin eru á Borgundarhólmi.

### *Samvinna og samstarf á milli framleiðenda*

Lærdómur ferðarinnar var að mati hópsins hversu mikil samvinna og samstarf er á milli þeirra sem heimsóttir voru. Auk þess var áberandi hvað eyjarskeggjar eru stoltir af sinni framleiðslu og leggja mikla áherslu á uppruna vörunnar í allri framsetningu hennar. Einnig var áhugavert að kynnast því hvernig hráefni eru nýtt til fulls, svo sem í framleiðslu á repjuolíu, hafþyrnisberjum sem og kjötvinnslu í handverksláturhúsi.

Í heimsókn í sögunarmyllu var ógleymanlegt að sjá og handfjatla trédiska sem mega fara í uppþvottavélar án þess að skemmast. En þar var þriðja kynslóð eigenda myllunnar að þróa þessa nýju vöru. Þar hafði áður verið byggt á viðskiptum við byggingariðnað og enn fyrr framleiddir kilir og borð fyrir tréskip.

### *Fleiri en bændur með í för*

Verkefnastjóri Matarauðs Íslands, Brynja Laxdal, var með í ferðinni en Matarauður Íslands stýrir samnorrænu verkefni um staðbundin matvæli í ferðaþjónustu. Var því áhugavert fyrir Brynju að vera þátttakandi í ferðinni og kynnast í leiðinni bændum af Austurlandi.

Starfsfólk Hallormsstaðaskóla var einnig með í ferðinni en Búnaðarsamband Austurlands er einn af stofnaðilum skólans. Skólinn er í endurskoðun á sínu námsframboði og sóttu skólastjóri og kennarar innblástur í ferðina og hugmyndir í endurskipulagða námskrá.

### *Upplifunarferð með mat*

Í námsferðinni var farið í Landbúnaðarsafnið í upplifunarferð með mat, þjóðsögum og nýtingu á staðbundnum jurtum. Einnig var kynnt námsfyrirkomulag fyrir grunnskólabörn um matarskólann Det Levende Kökken þar sem er unnið samkvæmt hollustu og heilbrigði.

### *Hvernig er hægt að skapa fleiri störf á búum?*

Margar spurningar og hugmyndir vöknuðu hjá þátttakendum eftir þessa ferð. Að upplifa hvernig er hægt að skapa fleiri og fjölbreyttari störf á búum staðfesti um leið hugmyndir einhverra um fyrirhuguð framtíðaráform. Upplýsingar um afkomu þeirra er stunda lífræna ræktun og hvaða leiðir eru mögulegar voru gagnlegar. Mikilvægt er að árangursrík kynslóðaskipti og lykillinn að vel heppnuðu samstarfi milli bænda og annarra sem koma að matvælaframleiðslu í litlum samfélögum.

Ferðin var skipulögð af Búnaðarsambandi Austurlands í samvinnu við Austurbrú og Center för Regional og Turist Forskning. Þátttakendur voru 33, nokkurn veginn jafnt að kynjum og breiður aldurshópur. Allir frá Austurlandi utan Brynju frá Matarauði Íslands. Þátttakendur dvöldu í Det Levende Kökken sem er B&B ferðaþjónusta þar sem einnig er skólinn sem áður var minnst á en hópurinn fór í gegnum eitt námsprógrammið sem boðið er upp á þar og var sú upplifun hin skemmtilegasta.

*/Halla Eiríksdóttir og Signý Ormarsdóttir*



**Sunna Júlía Þórðardóttir frá Skorrastað stödd á geitamjólkurbúinu Lykkelund.** Myndir / Halla Eiríksdóttir og Gréta D. Þórðardóttir.



**Í vettvangsskoðun á Brændegård með lífræna og lyfjalausa svínakjötsframleiðslu voru miklar varúðarráðstafanir. Frá vinstri: Soffía Ívarsdóttir í Dvergasteini, Stefán Ólason í Merki, Benedikt Guðgeirsson, Hjarðargrund, Jakob Sigurðsson og Margrét Hjarðar í Njarðvík og Valur Gunnarsson, Lindarbrekku.**




**Gréta D. Þórðardóttir á Hákonarstöðum kveður bóndann Jorgen Toft Christensen, eiganda Hallegård sláturhúss og kjötvinnslufyrirtækisins, en hann hélt fyrirlestur um starfsemina. Hallgrímur Þórhallsson í bakgrunni.**



**Valur Gunnarsson í Lindarbrekku mátar sig við vinnuvélar.**



**Lager af trédiskum og brettum úr eik sem framleidd eru í Österlast Savverk. Diskarnir eru víða í notkun á veitingastöðum því þeir þola að fara í uppþvottavél. Meðaldiskur kostar um 10 þúsund ísl. krónur.**



**Krydduð repjuolía frá Lensgård.**



**Síðbúinn rúningur á Gotlandsfé sem unnið er í verktöku af sauðfjárbónda. En lungann úr sumri er hann að keyra fénað milli hólfa fyrir bændur sem fá greitt allt að 26 þús. kr./kind fyrir úthagabeit sauðfjár.**

MAST Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

# Komum í veg fyrir STEC-bakteríur í hamborgurum

**E. coli bakteríur eru hluti af náttúrulegri flóru dýra og manna en sumar tegundir E.coli mynda eitur og geta verið sjúkdómsvaldandi. Þessar eiturmyndandi E. coli bakteríur nefnast STEC (Shiga Toxin-producing Escherichia Coli) og geta í sumum tilvikum valdið alvarlegum veikindum í fólki. Fólk getur smitast af STEC með menguðum matvælum eða vatni, með beinni snertingu við dýr eða eða umhverfi menguðu af saur þeirra. Bakterían kemst þannig um munn og niður í meltingarveg og framleiðir eiturefni sem getur valdið blóðugum niðurgangi og í alvarlegum tilfellum nýrnabilun og blóðleysi, svokallað HUS (Hemolytic Uremic Syndrome).**

Töluvert hefur verið fjallað um STEC bakteríuna á undaförnum mánuðum, einkum í tengslum við skimunarverkefni um sjúkdómsvaldandi örverur í kjöti á markaði á árinu 2018, og umfjöllun sumarsins um veikindi barna eftir heimsókn þeirra í Efstadal í Bláskógabyggð.

*Skimun fyrir STEC*

Á síðasta ári var í fyrsta sinn skimað fyrir eiturmyndandi E. coli í lamba- og nautakjöti á íslenskum smásölumarkaði. Skimunin sýndi að gen STEC finnast í um 30% sýna af lambakjöti og um 11,5% af nautakjöti. Eins og víða annars staðar, virðast þessar bakteríur vera hluti af náttúrulegri örveruflóru nautgripa og sauðfjár.

*STEC getur valdið alvarlegum sýkingum*

Alls greindust 24 einstaklingar með STEC, eftir að hafa heimsótt Efstadal fyrr í sumar, þar af voru 22 börn. Komið var í veg fyrir frekari útbreiðslu sýkinga með tímabundinni stöðvun á ísframleiðslu og samgangi við kálfa á staðnum. Úrbætur sneru einnig að alþrifum, sótthreinsun og betri aðstöðu til handþvotta.

Samkvæmt viðtölum við sjúklinga og aðstandendur borðuðu allir sem veiktust ís. Bakteríurannsóknir sýndu að kálfar á staðnum báru sömu tegund STEC (E.coli O026) og sýkti börnin, en ekki tókst að finna þá tegund í ísnum. Smit getur hafa borist í sjúklinga eftir snertingu við t.d. kálfa eða hluti í umhverfinu og þannig borist í ís eða upp í þá.

Reglulega koma upp STEC faraldrar erlendis sem rekja má til neyslu á menguðu kjöti og þá einkum hakkaðs kjöts. Í lok árs 2018 kom upp E.coli O026 faraldur í Bandaríkjunum. Alls voru skráð 18 sjúkdómstilfelli. Einn hlaut alvarlegan nýrnaskaða HUS og einn lést. Í ár kom upp faraldur af völdum E.coli O103 þar sem 209 tilfelli voru skráð. Faraldsfræðilegar rannsóknir bentu til þess að uppruni sýkinganna mætti rekja til nautahakks.

Atburðurinn í Efstadal gefur tilefni til að árétta mikilvægi almenns hreinlætis og handþvottar við meðhöndlun matvæla og eftir umgengni við dýr, sérstaklega þegar börn eiga í hlut.

*Forðumst smit*

Ljóst er að STEC er hluti af þarmaflóru dýra hérlendis og getur því verið í kjöti. Fyrirbyggjandi aðgerðir sem minnka líkur á að kjöt mengist eru því mikilvægar, s.s. hreinir gripir og hreinlæti við slátrun.

Það er viðtekin venja að nautasteikur séu bornar fram vel blóðugar. Einnig er algengt að lambakjöt sé ekki gegnumsteikt. Á hráum kjötstykkjum eru bakteríur á ysta lagi kjötsins en ekki inni í vöðvanum. Þær drepast því þegar kjötið er steikt eða grillað við háan hita. Kjúklingakjöt og svínakjöt á þó ávallt að gegnumsteikja vegna hættu á salmonellu.



Svava Liv Edgarsdóttir.

Um hamborgara, og aðra rétti úr hökkuðu kjöti, gildir allt annað. Þegar kjöt er hakkað dreifast örverur um kjötið. Létt steiking drepur því ekki bakteríur sem eru til staðar í kjötinu. Til þess að drepa STEC og aðrar sjúkdómsvaldandi örverur verður að steikja hamborgarana og aðra rétti úr hakki í gegn eða þannig að kjarnahitastig sé a.m.k. 75°C.

**Áður en hamborgarar eru bornir fram, gætið ávallt að:**

» Borgarinn sé gegnumheitur (ath. setjið ostinn ekki of snemma á kjötið).
» Ef hann er skorinn í miðju á ekki að sjást í bleikt kjöt.
» Safi sem rennur úr kjötinu sé tær.

**Til að lágmarka hættu á smiti er einnig mikilvægt að:**

» Gæta að hreinlæti í eldhúsinu þegar hrátt og hakkað kjöt er meðhöndlað.
» Halda kjöti aðskildu frá öðrum matvælum, sérstaklega frá þeim sem ekki á að elda, sbr. salat.
» Þvo skurðarbretti, áhöld, hnífa og nánasta umhverfi eftir meðhöndlun á hráu kjöti, til að koma í veg fyrir að bakteríur berist yfir í matvæli sem ekki á að hita.
» Þurrka upp blóðvökva með eldhúsrúllu.
» Þvo hendur með sápu og vatni fyrir matreiðslu og eftir að hafa meðhöndlað hrátt kjöt. – Munið eftir handarbaki, milli fingra og kjúkur.
» Koma í veg fyrir að blóðvökvi leki af kjöti í ísskápnum.

Munið að ef kjarnhiti í réttum úr hökkuðu kjöti fer ekki yfir 75°C eru líkur á að þeir innihaldi STEC og aðrar sjúkdómsvaldandi örverur!

*/Svava Liv Edgarsdóttir, fagsviðsstjóri, Neytendavernd.*



Gæta þarf að hreinlæti í eldhúsinu þegar hrátt og hakkað kjöt er meðhöndlað.

# Háþrýstiþvottur í landbúnaði – úðasmit

**Á Íslandi, sem og í öðrum löndum, er hefð fyrir því að nota háþrýstiþvott í landbúnaði. Allir sem hafa þvegið með háþrýstitæki (um og yfir 100 bör) vita að skítur og önnur laus efni dreifast um allt nánasta umhverfi, loft, veggi, innréttingar og gólf. Í óhreinindum geta verið sveppir, bakteríur, veirur, sníkjudýr eða önnur smitefni sem dreifist þá um allt svæðið. Skola þarf því vel á eftir háþrýstiþvotti, en það vita þeir hinir sömu og þvegið hafa að það er erfitt að skola svo viðunandi sé með háþrýstitæki, til þess þarf miklu meira vatn og lægri þrýsting.**

Fæstir gera sér þó grein fyrir að í úðanum sem myndast við háþrýstiþvott geta verið smitefni, sem berast mjög auðveldlega í fólk og dýr, t.d. með því að anda úðanum að sér og smitast. Auk þess leggst úðinn á yfirborðsfleti og mengar þá, þannig að smit getur þá orðið við snertingu. Fólk í landbúnaði þarf að gera sér grein fyrir þessu og endurskoða starfsvenjur sínar þannig að komið verði í veg fyrir óþarfa dreifingu smits.

Lágþrýstiþvottur (20-22 bör) hefur kosti umfram háþrýstiþvott að því leyti að hvorki myndast úði né óhreinindi dreifast eins mikið, þannig er lágþrýstiþvottur betri kostur til þvotta í landbúnaði. Í landbúnaði eru óhjákvæmilega smitefni, þannig er náttúran, og ætíð ætti að gera ráð fyrir að smitefni geti verið hættuleg heilsu manna og/eða dýra. Í öllu falli ætti ekki að nota háþrýstiþvott þar sem nálægð er mikil milli dýra og manna og/eða matvæla, því úðinn fer víða. Aldrei ætti að þvo gripahús með háþrýstingi þegar dýr eru inni og nota ætti grímur til að verjast úðasmiti.

Sýking af völdum sníkjudýrsins Cryptosporidium parvum meðal dýralæknanema í Danmörku árið 2012 er gott dæmi um hvað getur gerst við háþrýstiþvott í smituðu umhverfi. Við frágang eftir verklega kennslu með kálfa sem voru með niðurgang var kennslurýmið háþrýstiþvegið, allir sem þar voru inni veiktust, alls 24 manns. Smitið barst að öllum líkindum með úðanum sem myndaðist við þvottinn sem viðstaddir önduðu að sér.



Mynd / Ryan Poultry

Matvælastofnun hvetur bændur til að endurskoða þrifaaðferðir og sótthreinsun, mörg tæki og efni eru í boði á markaðnum og ekki öll hentug í landbúnaði. Endilega leitið frekari fræðslu hjá RML og hjá ykkar dýralækni um almennar smitvarnir í landbúnaði. */ Mast – Dýraheilsa*

Léttu þér lífið
Sláttu-ROBOT
PIN CODE ALARM
Husqvarna



MHG VERSLUN
S: 544-4656

Mikið úrval fullbúinna húsa
í stærðum frá 14,95-85m²

Bjóðum mikið úrval vandaðra heilsárshúsa sem eru hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstæður og eftir íslenskum stöðlum. Húsin afhendast fullbúin með gólfefnum, húsgögnum og fullbúnum baðherbergjum.

Húsin henta vel sem lítil íbúðarhús, sumarhús, fyrir ferðaþjónustu eða sem skrifstofur.

**Sameiginlegt með öllum húsunum er eftirfarandi:**

- Vönduð viðarklæðning á veggjum í lit að eigin vali.
- 150mm einangrun í gólfi og veggjum.
- 225mm einangrun í lofti
- Vandað Vinilparket á gólfum
- Viðarpallur
- Hægt að aðlaga innanrými og útlit.
- Öll framleiðsla er ISO 9001 – 14001 vottuð



JÖTUNN BYGGINGAR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Sími 480 0480
byggingar@jotunn.is // www.jotunn.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LJÓSGJAFINN
Það er gott að vera í sveitinni!

Við höfum áralanga reynslu af raflagnahönnun og rafverktöku í landbúnaðarbyggingum.

Meðal þeirrar þjónustu sem Ljósgjafinn ehf. býður uppá er:
- Ráðgjöf varðandi raflagnir
- Hönnun raflagna
- Kostnaðaráætlanir
- Rafverktaka
- Lokaúttekt á raforkuvirkjum
- Viðhaldsþjónusta

Glerárgötu 32, 600 Akureyri | sími 460 7788 | ljosgjafinn@ljosgjafinn.is | www.ljosgjafinn.is

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Aðalblómgunartími friðarlilju er á vorin, þegar birta eykst eftir veturinn. Á markaði eru líka yrki sem blómstra allt frá vori og fram eftir hausti.

# Friðarlilja – falleg allt árið

**Þessi ágæta pottaplanta hefur náð miklum vinsældum á íslenskum heimilum og hentar líka vel í stærri rýmum, eins og skrifstofu- og verslunarhúsnæði.**

Það sem einkennir plöntuna eru stór, glansandi laufblöð sem standa á stinnum stilkum og hvít, sérkennilega löguð blómin sem standa upp úr blaðmassanum. Sannkölluð híbýlaprýði.

*Frumskógarlögmálið*

Friðarliljan (Spatyphyllum wallisii) er ættuð úr frumskógum S-Ameríku, aðallega Kólumbíu og Venesúela, þar sem hún vex við heitar, skuggsælar og rakar aðstæður. Það ætti að hafa í huga við umhirðu plöntunnar. Hentugt hitastig er 18–24°C og rakastig þyrfti að vera töluvert hærra en algengt er í húsum okkar. Regluleg yfirúðun með vatni hentar henni því vel.

Ljós er mikilvægur þáttur varðandi þrif friðarlilju. Birta í botni frumskógarins er ekki mikil en við slíkar aðstæður líður henni samt best. Mörg friðarliljan hefur fallið í valinn hjá okkur vegna þess að hún hefur staðið í of mikilli sólarbirtu. Veljið henni stað fjarri beinni sól, á borði eða gólfi inni í stofu eða nærri austur- eða norðurglugga.

*Vökvun og almenn umhirða*

Líkt og flestar stofuplöntur vex friðarliljan í blómapotti sem hafður er í pottahlíf eða djúpri undirskál sem getur geymt dálítið af vatni. Áður en moldin er orðin þurr er vökvað yfir pottinn þar til hann er fullrakur og svolítið af vatni hefur safnast fyrir í undirskálina. Með vökvunarvatninu má gefa blómaáburð öðru hvoru, en þessi tegund gerir litlar næringarkröfur. Miða má við að nota aðeins daufa lausn fljótandi pottaplöntuáburðar og gefa hann aðeins í þriðja hvert skipti sem vökvað er, frá vori fram á haust. Að vetrinum þarf að vökva sjaldnar og án áburðar en plantan ætti samt aldrei að þorna svo mikið að laufin fari að hanga. Brúnir og skorpnir blaðjaðrar og -endar eða dauðir blettir geta myndast vegna of mikillar birtu eða ofvökvunar. Of þurrt loft veldur líka vanþrifum. Gulleit og smá blöð benda til næringarskorts. Gott getur verið að skola plöntuna undir sturtunni öðru hvoru til að halda laufinu hreinu og glansandi.

*Blómin á friðarliljunni*

Aðalblómgunartími friðarlilju er á vorin, þegar birta eykst eftir veturinn. Á markaði eru líka yrki



Friðarliljan (Spatyphyllum wallisii) er ættuð úr frumskógum S-Ameríku, aðallega Kólumbíu og Venesúela, þar sem hún vex við heitar, skuggsælar og rakar aðstæður.

sem blómstra allt frá vori og fram eftir hausti. Hvert blóm getur staðið vikum saman en þegar þau sölna eru þau klippt niður nærri jarðveginum. Plöntur sem ekki blómstra fá yfirleitt ekki nægjanlegt sólarljós. Þá er ráð að færa plöntuna á bjartari stað, þó ekki í beina sól, sem getur brennt lauf. Ef plantan stendur í of mikilli birtu er hins vegar hætt við að blómin verði grænleit en ekki hvít.

*Fjölgun*

Einfaldasta leiðin til að fjölga friðarlilju er að skipta neðanjarðarhlutanum í fleiri smáplöntur. Plönturnar geta orðið margra ára gamlar en hafa við slíka meðferð og geta jafnvel tekið vaxtarkipp eftir skiptingu. Umpottun er líka gagnleg til að gefa rótinni aukið vaxtarrými. Þá er notuð venjuleg pottaplöntumold og potturinn hafður vel rúmur, þannig að moldin geti geymt raka til nokkurra daga eftir hverja vökvun. Eftir slíka umpottun þarf ekki að gefa henni áburð í 6 vikur eða svo. Umpottað er á útmánuðum, á 2–3 ára fresti.

*Eitruð fegurð*

Friðarlilja er eitruð og getur valdið ertingu við snertingu. Þetta gildir líka um heimilisdýrin! Hins vegar er hún talin meðal þeirra pottaplantna sem hefur einna mest lofthreinsandi áhrif innandyra en hún er sögð taka upp talsvert af óæskilegum lofttegundum eins og formaldehýði og kolmónoxíði.

*Ingólfur Guðnason,*
*brautarstjóri*
*garðyrkjuframleiðslu,*
*LbhÍ Reykjum, Ölfusi.*



## Eitt ár frá flutningi Jarðræktarmiðstöðvarinnar frá Korpu á Hvanneyri:

# Nýtt upphaf jarðræktarrannsókna á Hvanneyri

## – aðstaða, athafnasvæði og tæknibúnaður hefur stórbatnað eftir flutningana

**Í fyrravor flutti Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) höfuðstöðvar sínar frá Korpu í Reykjavík til Hvanneyrar.**

Undir hatti Jarðræktarmiðstöðvarinnar er öll verkleg tilraunastarfsemi háskólans á sviði jarðræktar sem aðallega skiptist á milli tilrauna með grastegundir, grænfóður og korntegundir auk jarðvinnslu- og sáðmagnstilrauna þetta árið.

Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri jarðræktarinnar við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, tekur á móti blaðamanni í Bútæknihúsinu á Hvanneyrartorfunni. Þar hafa starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvarinnar, þau Hrannar og Jónína Svavarsdóttir, meðal annars aðstöðu. Með þeim er einnig Egill Gunnarsson, bústjóri á Hvanneyrarbúinu, sem blandast inn í starfsemi Jarðræktarmiðstöðvarinnar með sinn búskap. „Við nýtum okkur búskapinn hér á Hvanneyri með ýmsum hætti, meðal annars með því að planta tilraunareitum okkar inn á tún Hvanneyrarbúsins," segir Hrannar Smári. „Og raunar á það við um svo marga aðra þætti, eftir flutninginn hingað á Hvanneyri hefur starfsemi okkar einhvern veginn sjálfkrafa tengst inn á svo mörg svið háskólasamfélagsins hér. Það er til dæmis mjög gott að hafa starfsmenn RML (Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins) hér í næsta nágrenni við okkur sem við hittum gjarnan í hádegismat – sem leiðir þá oft til skrafs og ráðagerða.

*Þjónusta vísindamenn LbhÍ*

Þegar Hrannar Smári er spurður um eðli starfseminnar segir hann að kannski megi henni lýsa þannig að það sé í þeirra verkahring að þjónusta vísindamenn landbúnaðarháskólans sem hafa einhver jarðræktarverkefni sem rannsóknarviðfangsefni. „Þeir hanna þá einhverja rannsóknaráætlun sem þeir byggja á því hvað er búið að gera í þeim efnum og hvað á eftir að gera. Síðan sækja þeir um styrk fyrir tilraunina og ef hann er samþykktur kemur það í okkar hluta að hrinda henni í framkvæmd.



Á Korpu var allt unnið í höndum; slegið með litilli handsláttuvél, sýnataka, rakað og vigtað – allt með höndunum. Nú er öldin önnur og árið 2017 var tilraunareitasláttuvélin Iðunn tekin í gagnið og í vor bættist reitasáðvélin Freyr við. Í Iðunni er hægt að saxa uppskeruna um leið til sýnatöku og vigtunar – og upplýsingarnar eru síðan lesnar þaðan beint inn í tölvuna; til dæmis hversu mikið er í reitnum. Hrannar Smári Hilmarsson og Jónína Svavarsdóttir eru hér við nýju reitasáðvélina. Myndir / smh

En við sinnum líka prófunum á sáðvörum sem eru fluttar inn til landsins og mælumst til þess að yrki séu ekki sett á markað fyrr en þau hafi verið prófuð við íslenskar aðstæður. Við lögðum til dæmis út grænfóðurtilraun í vor með öllum þeim yrkjum sem voru á markaðnum – líklega um sex hundruð reitir. Það má segja að gerjunin sé mikil í kynbótum á sumum sviðum grænfóðurs en á öðrum sviðum er ekki nægileg framþróun.

Svo höfum við hér á Hvanneyri millistigið til atvinnulífsins og bænda, sem er Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Þar er starfsfólk sem er læst á vísindin og getur túlkað þau fyrir fólkið sem þarf að hagnýta sér þau."

*Jarðræktarmiðstöðin tæknivæðist*

„Áður fyrr voru litlar tilraunastöðvar úti um allt land," segir Hrannar Smári. „Hér hefur alltaf verið tilraunastöð en tilraunum hér fækkaði smám saman og var hætt alveg fyrir tveimur árum síðan. Það var starfmaður á tilraunastöðinni á Möðruvöllum í mörg ár en þegar hann fluttist suður lagðist hún af að mestu. Á Korpu var auðvitað miðstöð jarðræktartilrauna í langan tíma, þar sem Jónatan Hermannsson stýrði tilraunum lengi auk þess að vera byggkynbótamaður stofnunarinnar. Þegar hann fór á eftirlaun 1. janúar 2017 þurfti að hugsa hlutina dálítið upp á nýtt. Hvar erum við stödd og hvert stefnum við?

Öll aðstaða var komin til ára sinna; húsin orðin mjög léleg og aðbúnaðurinn og tækjakosturinn í raun enginn. Þá snýst spurningin um það hvar ætti að byggja upp. Það var ákveðið að við myndum byrja á því að byggja upp hér í nánd við nemendur, í nánd við Hvanneyrarbúið og í nánd við sveitina. Hér er auk þess nægt jarðnæði og vannýttur húsakostur," segir Hrannar Smári sem hafði unnið við LbhÍ 2016, en hann tók svo við af Jónatan sem tilraunastjóri. „Það er auðvitað enginn einn sem kemur í staðinn fyrir Jónatan Hermannsson, þannig að kannski mætti segja að við urðum að marka okkur nýtt upphaf á þessum tímamótum. Hann skildi eftir sig góðan grunn til að byggja á og auðvitað eitthvað nýtt líka því hann var tilbúinn með tvö ný byggyrki sem



Horft yfir tilraunareitina í kornræktinni, en fimm tilraunir á korni eru í gangi. Hrannar stendur á milli tilraunareita í sáðmagnstilraun. Þær eru bútæknilegs eðlis og geta gagnast kornbændum varðandi sáðmagn og val á byggyrkjum; þær eiga að leiða í ljós hvernig yrkin spjara sig eftir mismiklu sáðmagni. Í þessum reitum, sem eru alls 150 reitir, eru tíu mismunandi yrki. Í reitunum fjær gefur að líta kynbótatilraunir á bygg- og hafrayrkjum. Hrannar telur að það séu bjartir tímar framundan bæði í bygg- og hafraræktun, að hafrarnir geti til dæmis verið álitlegur kostur varðandi sáðskiptahring í akurrækt.



Hrannar með hýðislaust úr smiðju Jónatans Hermannssonar. Sáð var safni af kynbótalínum frá honum í vor og þær bestu verða valdar úr í haust til áframhaldandi prófana.

við erum að gera klár fyrir markaðinn; Smyril og Val – auk þess sem fleira er í vændum úr hans smiðju.

Við höfum sumsé verið að tæknivæðast á undanförnum tveimur árum; árið 2017 tókum við í notkun nýja tilraunareitasláttuvél, sem fékk nafnið Iðunn, og í fyrra fengum við sáðvélina Frey sem einnig er ný. Þessi nýi tækjakostur hefur gjörbylt tilraununum má segja; bæði aukið afköstin og bætt nákvæmnina til mikilla muna. Við getum nú loksins framkvæmt mjög nákvæmar sáðmagnstilraunir með henni. Þær tilraunir nýtast kornbændum vel í því að ákveða hversu miklu korni þeir eiga að sá eftir mismunandi yrkjum – sem getur verið mjög breytilegt.

Næsta skref verður að fjárfesta í nýrri þreskivél fyrir kornið, en það er gríðarleg handavinna að vinna úr þeim tilraunum núna.“

Núna erum við bara með korntilraunir hér og á Möðruvöllum í Hörgárdal. Á undanförnum árum höfum við verið með tilraunir víðar eins og á Vindheimum í Skagafirði, Engihlíð í Vopnafirði, Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, Gunnarsholti og Hoffelli í Austur-Skaftafellssýslu – og þannig þyrfti það að vera áfram til að hafa fjölbreyttar aðstæður. Engin tilraun er í gangi á Korpu, en við erum í sjálfu sér ekkert búin að pakka þar saman fyrir fullt og allt. Núna er svolítið millibilsástand á meðan nýju yrkin hans Jónatans eru að koma á markað, en þegar við þurfum að fara að prófa nýjan kynbótarefnivið munum við færa okkur aftur yfir á þessi svæði. Þegar efniviður Jónatans var í prófunum árið 2017 var honum sáð í 800 reiti á átta stöðum á landinu.

Varðandi grastegundirnar, þá væri það vafalaust mjög spennandi kostur að fara úr í dreifðar tilraunir á fjölærum grösum líka.“

*Nýtt líf á Hvanneyri*

Að sögn Hrannars Smára hefur Jarðræktarmiðstöðin öðlast alveg nýtt líf með flutningnum á Hvanneyri. „Það sem hefur raunverulega gerst er að starfsmenn háskólans sem áður komu ekki nálægt jarðræktartilraunum hafa nú verið meira en lítið hjálpsamir, til dæmis hafa þeir sem vinna hér í þessu Bútæknihúsi sýnt okkur mikinn áhuga og gert líf okkar miklu auðveldara.

Hér erum við líka mjög vel sýnileg og vekjum áhuga hjá nemendum sem koma og skoða hvað við erum að gera. Það má líka segja að það sé í takti við tímann, þar sem æ meiri áhersla er nú lögð á jarðveginn og jarðvegsvísindi í landbúnaðarháskólum á Vesturlöndum.

Hrannar Smári segir að þó að veður hafi verið mannfólkinu gott í sumar gildi ekki alveg það sama fyrir gróðurinn. Þó svo að heyfengur sé almennt góður þá sér maður hér í sveitum að tún eru víða brunnin, þannig að það verður ekki alls staðar mjög góður heyfengur. Langvarandi þurrkar hægðu líka mjög á vexti á ýmsum svæðum á Suður- og Vesturlandi. Sömuleiðis má segja að kornuppskeruhorfurnar séu misjafnar eftir landshlutum; á Norð-Austurlandi var tíðin erfið kornbændum vegna sólarleysis, en annars staðar er útlit ágætt. /smh

# Smárablöndutilraun Þóreyjar

**Í húsnæðinu sem áður hýsti Ullarselið á Hvanneyri var unnið við tegundagreiningu jurta úr jarðræktartilraun Þóreyjar Ólafar Gylfadóttur, lektors við Landbúnaðarháskóla Íslands, þegar blaðamann bar að garði.**



Þórey Ólöf Gylfadóttir, lektor við LbhÍ.

„Þetta er úr tilraun þar sem verið er að prófa blöndur með grösum og belgjurtum. Tegundirnar sem við erum að vinna með núna eru hvít- og rauðsmári og grastegundirnar rýgresi, hávingul og vallarfoxgras. Hluti af efniviðnum eru forsmitaðar smárablöndur sem voru í boði hjá Líflandi og hluti „heimagerðar“ blöndur. Við erum í raun að skoða hvernig blöndurnar standa sig eftir því hvaða tegundir eru saman – og berum saman við vallarfoxgras í hreinrækt,“ útskýrir Þórey.

„Meginmarkmið tilraunarinnar er að kanna og bera saman, uppskeru og fóðurgæði mismunandi gras- og smárablandna við misháa áburðarskammta samanborið við hreint vallarfoxgras. Mikilvægt er að kanna nýjungar sem í boði eru fyrir bændur og bera saman við þann efnivið sem fyrir er og reynst hefur vel í tilraunum. Það er vel þekkt að smárablöndur gefa jafn mikinn eða meiri heyfeng við lægri áburðarskammta heldur en einrækt einstakra grasa. Því er mikilvægt að auka hlutdeild smárablandna í jarðrækt hér á Íslandi og hluti af því er að afla upplýsingar með rannsóknum svo hægt sé að komast yfir hugsanlegar hindranir á aukinni smáraræktun.

Forsmitað smárafræ gæti stuðlað að aukinni notkun bænda á smárablöndum þar sem smitun smárafræsins hefur hugsanlega neikvæð áhrif á almenna notkun hans.

Það er líka mjög mikilvægt að bera saman nægjanlega háa áburðarskammta á smárablöndur samanborið við fulla túnskammta til að geta dregið úr áburðargjöf.

Í þessari tilraun eru líka tveir mismunandi áburðarskammtar, 70 og 120 kgN/ha, en sá lægri á ekki að vinna á móti niturbindingu belgjurtanna sem fullur túnskammtur gerir, en ég vildi hafa hann með til samanburðar þar sem sumir bændur sem nota smárablöndur virðast samt sem áður bera mikið á.

Þannig að í þessari tilraun eru mismunandi blöndur og mismunandi áburðarskammtar. Það var sáð í þessa tilraun í fyrra og þetta er fyrsta uppskeruárið en þetta er skipulagt sem þriggja ára tilraun. Til að geta vitað um hlutföll mismunandi tegunda í uppskerunni tökum við sýni sem við greinum til tegunda. Þannig fáum við líka hlutfall illgresis eða tegunda sem ekki var sáð. Við vitum hvert hlutfall plantnanna er þegar við sáum þessu og síðan er að sjá hvernig þær spjara sig í sambýlinu við hinar plönturnar. Eina leiðin til að meta það er að taka þessi slátursýni og meta þetta í höndunum; hlutfall tegundanna í uppskerunni,“ segir Þórey enn fremur.

Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði í mörgum útfærslum
Slöngur og úðarar (sprinklerar) í öllum stærðum.
Dælur: Rafdrifnar, bensín, dísil, traktorsdrifnar, glussadrifnar.

Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is www.hak.is



YLEININGAR
ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.
Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.
Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.
BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.
Hafðu samband: bondi@byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

UTAN ÚR HEIMI

# Öll gögn kúabóndans í farsímanum

**Á síðasta ári stofnuðu samvinnufélög bænda í Noregi, Tine og Felleskjøpet, óháð tæknifyrirtæki fyrir bændur með það að markmiði að þróa stafrænar lausnir fyrir árangursríkari og umhverfisvænni matvælaframleiðslu.**

Strax á þessu ári koma ný „öpp“ eða smáforrit á markað fyrir norska bændur með einfaldari skráningum og innsýn til að geta stöðugt bætt framleiðsluna. Á sama tíma ætlar fyrirtækið að þróa stafrænt vistkerfi fyrir aðila sem tengjast landbúnaði eins og birgðahaldara, vísindamenn og ráðgjafa.

*Öll gögn á einum stað*

Öll gögn bóndans, hvort sem það er fyrir húsdýr, plöntur, tæki eða bókhald, á að safna í eitt forrit sem hægt er að stjórna frá farsíma og netbretti. Hugmyndin með fyrirtækinu er jafnvel að gera upplýsingar um norskan landbúnað að útflutningsvöru og áætla forsvarsmenn Mimiro að virði gagna úr norskum landbúnaði sé nálægt fjórum milljörðum íslenskra króna.



Snjallsími er allt sem bóndinn þarf.

*Flæði upplýsinga*

Nýjasta afurðin frá Mimiro er Eana Ku sem er tilboð fyrir norska kúabændur þar sem farsíminn er í fararbroddi. Í smáforritinu skiptast á upplýsingar frá fyrirtækjastjórnun mjólkursamlagsins Tine og Kukontrollen sem er kerfi fyrir kúabóndann til að halda utan um sínar upplýsingar. Með þessu móti hefur kúabóndinn allar upplýsingar í vasanum þar sem kerfin tala saman og því gerist upplýsingaflæðið sjálfvirkt. Mikil vinna hefur farið í tölvuöryggi við þróun á smáforritinu og þessari nýju lausn. Allt er dulkóðað á sama tíma sem allir gagnapunktar eru merktir á þann hátt að alltaf er hægt að rekja spor upprunalegs eiganda að gögnunum.
*/ehg*


Boris Johnson, á fínu skónum, gerði sér lítið fyrir og rúði kind í heimsókn sinni til Wales.
Mynd / walesonline.co.uk

## Bretland, Brexit og bændur:

# Stjórnvöld ætla að kaupa kjöt fyrir 500 milljón pund

**Breska ríkisstjórnin vinnur að áætlun sem gerir ráð fyrir að ríkið kaupi allar kjötafurðir dýra sem búið er að ákveða að slátra í landinu gangi Bretlandseyjar úr Evrópusambandinu án samnings. Gert er ráð fyrir að afurðirnar verði keyptar á föstu verði fyrir að hámarki 500 milljón pund. Það eru rúmlega 74 milljarðar íslenskra króna.**

*Borga fast verð*

Gangi áætlunin eftir mun stjórnin ákveða fast verð fyrir lamba- og nautakjöt og þannig tryggja bændum tekjur lokist markaður fyrir kjötið í löndum Evrópusambandsins.

*Bændur telja Boris spila rússneska rúllettu*

Samkvæmt því sem segir á farminguk.com vinnur Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, að því að vinna áætluninni brautargengi innan ríkisstjórnarinnar. Boris var nýlega á ferð um Wales þar sem velskir bændur hvöttu hann til að hætta að spila rússneska rúllettu. Sauðfjárbændur þar óttast að úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu án samnings muni ganga af greininni dauðri. Samtök bænda í Wales ganga svo langt að segja að leggist sauðfjárrækt af þar muni slíkt leiða til upplausnar og óróa í samfélaginu vegna aukins atvinnuleysis.



Breska ríkisstjórnin hyggur á stórfelld kjötkaup.

*Boris er bjartsýnn á sölu breskra afurða á fjarlægari markaði*

Í heimsókn sinni til Wales sagði Boris að breska stjórnin mundi alltaf standa traust að baki breskum bændum við úrsögn landsins úr Evrópusambandinu. Hann sagði einnig að vegna gæða sinna væri hægt að selja breskar landbúnaðarvörur um allan heim og að bændur þyrftu því ekki að kvíða þótt markaðir í Evrópusambandinu kynnu að lokast.

„Þegar Bretland yfirgefur Evrópusambandið 31. október næstkomandi höfum við áður óþekktan möguleika á að setja fram nýja áætlun til að styðja við landbúnað og tryggja bændum betri samning,“ sagði Boris Johnson. */VH*

Á FAGLEGUM NÓTUM


Umræðan um sjálfbærni og umhverfisáhrif neysluhátta fólks er ofarlega á dagskránni í dag. En hún alls ekki ný af nálinni og á sér áratugalanga sögu.
Mynd / Lyzadanger

# Sjálfbærni í matvælaframleiðslu



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

**Undanfarin ár hefur umræða á Vesturlöndum um aukna sjálfbærni matvælaframleiðslu vaxið jafnt og þétt og fleiri og fleiri alþjóðleg fyrirtæki í matvælaframleiðslu hafa nú sett sér skýr markmið varðandi sjálfbærni.**

Sjálbærni í matvælaframleiðslu er reyndar hreint ekki auðvelt að meta og mæla, en megin inntakið með sjálfbærni er að þá sé ekki við framleiðslu matvælanna gengið á auðlindir og framleiðslan mengi ekki út frá sér. Áður fyrr var ekki mikið talað um sótsporið þegar rætt var um sjálfbærni í matvælaframleiðslu, en í dag er það órjúfanlegur hluti af hugtakinu og mörg alþjóðleg matvælafyrirtæki hafa nú markað sér stefnu sem snýr að kolefnisjöfnun matvælaframleiðslunnar, enda er það hugtak sem flestir neytendur geta tengt sig við.

*Áratuga umræða*

Þó svo að umræðan um sjálfbærni og umhverfisáhrif neysluhátta fólks sé ofarlega á dagskránni í dag þá er hún alls ekki ný af nálinni og á sér áratugalanga sögu. Þegar í lok síðustu aldar var farið að tala um mikilvægi sjálfbærrar matvælaframleiðslu og flestum vísindamönnum varð strax ljóst að ef ná á utan um alla þætti sem snerta umhverfisáhrif matvælaframleiðslunnar þá vantaði sárlega viðurkenndar aðferðir til að styðjast við. Þessi staða leiddi til þess að árið 2002 stofnuðu stóru matvælafyrirtækin Nestlé, Unilever og Danone samstarfsvettvanginn SAI Platform en SAI er skammstöfun fyrir „Sustainable Agriculture Initiative“ sem mætti þýða sem „Frumkvæði að sjálbærum landbúnaði“. Nafnið ber réttilega með sér að þessi þrjú stórfyrirtæki voru þarna að stíga skref sem ekki hafði verið stigið áður.

*Markmiðið*

Allt frá stofnun SAI Platform hafa stofnendurnir haft það að leiðarljósi að auka þekkingu á sjálfbærni og finna leiðir til að meta umhverfisáhrif matvælaframleiðslunnar, allt frá haga í maga, og er markmiðið að stuðla að umhverfisvænni matvælaframleiðslu með áherslu á það að ganga ekki á náttúrulegar auðlindir, draga úr almennum neikvæðum umhverfisáhrfium, stuðla að bættum mannréttindum og góðri velferð dýra og með því skapa grundvöll að bættum skilyrðum til matvælaframleiðslunnar í heiminum til lengri tíma litið. Þá er markmið SAI Platform einnig að stuðla að bættri þekkingu meðal almennings á sjálfbærni sem og að skapa grundvöll að einsleitri vottun á sjálfbærni.

Stór matvælafyrirtæki stofnuðu samráðsvettvanginn SAI, Sustainable Agriculture Initiative.

FSA-staðallinn metur sjálfbærni í matvælaframleiðslu.

*Meira en 100 fyrirtæki*

Þetta samstarf er í raun afar sérstakt enda eru fyrirtækin sem að þessum vettvangi standa í mikilli samkeppni sín á milli. Þrátt fyrir það standa þau saman að þessu mikil-væga máli og það sem meira er, síðan SAI Platform var stofnað hafa ótal fyrirtæki og stofnanir slegist í hópinn og í dag eru meira en 100 stórfyrirtæki sem standa að verkefninu og á meðal annarra stórfyrirtækja sem nú standa að SAI Platform eru fyrirtæki á ýmsum sviðum innan matvæla- og drykkjarframleiðslu eins og Coca-Cola, Arla Foods, Fonterra, Heineken, Kellogg‘s, Mars, McCain, McDonalds, Pepsico, Starbucks og fleiri þekkt fyrirtæki mætti nefna.

*Samstarf við fagaðila*

Auk þess að vera með félagsaðild fyrirtækja eru ýmsar stofnanir, rannsóknaraðilar, háskólar og félög með aukaaðild að SAI Platform og með þessu umsvifamikla samstarfi hefur því skapast umræðugrundvöllur sem nær að fanga bæði vísinda- og markaðsstarf með umhverfismál að leiðarljósi. Þannig eru haldnar ótal ráðstefnur árlega á vegum SAI Platform þar sem ræddar eru vísindalegar niðurstöður sem og markaðsleg tækifæri sem skapast með því að markaðssetja vörur með merkjum um aukna eða fulla sjálf-bærni.

*Kolefnisjöfnun matvælaframleiðslu*

Eitt af megin verkefnum SAI Platform er að miðla þekkingu og reynslu á milli fagaðila og fyrirtækja varðandi hvernig það er hægt að framleiða matvæli sem eru kolefnisjöfnuð, þ.e. ekki með neitt sótspor. Mörg fyrirtæki í matvælaframleiðslu í dag hafa sett sér bæði skammtíma- og langtímamarkmið í þessum efnum og undanfarna mánuði hafa mörg þeirra m.a. kynnt áform um 100% kolefnisjöfnun sinnar framleiðslu á komandi árum og áratugum. Það er dagljóst að SAI Platform mun hafa þýðingarmikið hlutverk í framtíðinni til þess að bæði aðstoða fyrirtæki til að ná þessum framtíðarmarkmiðum en einnig til þess að skapa grundvöll til einsleitrar vottunar á framleiðslunni.

*FSA-kerfið*

Í dag eru til í heiminum ótal mismunandi kerfi til þess að meta sjálfbærni við matvælaframleiðslu og fyrir vikið getur matið verið afar breytilegt á milli aðila. Þessu má í raun líkja við lífræna vottun, en margir neytendur kunna e.t.v. að halda að lífræn vottun sé einhvers konar alþjóðlegt staðlað vottunarferli en svo er alls ekki. Þannig getur verið töluverður munur á milli landa varðandi þær kröfur sem gerðar eru til lífrænt vottaðrar framleiðslu, jafnvel þó svo að um nákvæmlega sömu lífrænt vottuðu vöru sé að ræða. Lítið dæmi um þetta er lífrænt vottuð drykkjarmjólk en kröfurnar á milli landa geta verið afar ólíkar þegar kemur að lífrænni



**Hvernig á að miðla þekkingu og reynslu á milli fagaðila og fyrirtækja í matvælageiranum um kolefnisjöfnun og umhverfisáhrif framleiðslunnar?** Mynd / Marisa Pérez

vottun á mjólk. Þannig er t.d. ekki gerð krafa um beit lífrænt vottaðra mjólkurkúa í Kína, en á Íslandi er það krafa á öllum búum, bæði lífrænt vottuðum og ekki! Þessi staðreynd, að á bak við lífrænt vottaðar vörur geti verið gerðar ólíkar kröfur, eru auðvitað óheppilegar og geta valdið misskilningi meðal neytenda og skekkt samkeppnisstöðu fyrirtækja sem selja slíkar vörur.

Í þessu ljósi náðu fyrirtækin sem standa í dag að SAI Platform, sem eru án nokkurs vafa þau langumsvifamestu í matvælaframleiðslu í heiminum, samstöðu um að sammælast um einn staðal sem gengur þvert á öll landamæri og er notaður þegar sjálfbærni í matvælaframleiðslu er metin. Þessi staðall kallast FSA- matskerfið sem er skammstöfun fyrir Farm Sustainability Assessment sem þýða mætti sem „Matskerfi fyrir sjálfbærni í landbúnaði“.

### *Gull, silfur og brons*

Þegar sjálfbærni framleiðslu er metin með FSA-kerfinu fær frumframleiðslan mismunandi vottun eftir því hve upplýsingarnar um framleiðsluna eru góðar. Þannig er hægt að fá svokallaða gullvottun, silfur eða brons en það vísar í raun ekki til þess hve sjálfbær framleiðslan er heldur hve ítarlegar upplýsingarnar eru um framleiðsluna. Þannig getur verið erfitt og flókið að afla allra upplýsinga sem þarf til að votta flókna landbúnaðarframleiðslu sem mögulega byggir á margvíslegum aðföngum frá ólíkum löndum. Í slíkum tilvikum er ekki hægt að gefa viðkomandi annað en t.d. bronsvottun en eftir því sem upplýsingarnar eru betri því betri verður vottunin og þar með breytist hún í annað hvort silfur eða gull.

### *Stuðlar að framförum*

FSA kerfið, sem núna er notað í 32 löndum, gerir það að verkum að nú er hægt með frekar einföldum hætti að gera úttekt á mismunandi greinum í landbúnaði og með skjótvirkum hætti benda á það sem betur má fara svo framleiðslan verði sjálfbærari en hún er í dag. Kerfið byggir á því að matsfólk notar staðlað kerfi til að meta frumframleiðsluna og tekur kerfið á framleiðslu matvæla frá akuryrkju, frá trjám og runnum, framleiðslu á grænmeti og framleiðslu búfjárafurða. Þegar FSA matið liggur fyrir fær viðkomandi bóndi eða framleiðandi svo leiðbeiningar um það hvernig megi bæta úr og geta þetta t.d. verið atriði eins og að bæta framleiðsluna svo hver hektari lands nýtist betur, hvernig megi draga úr þörf fyrir utanaðkomandi aðföng og þar fram eftir götunum. Niðurstöður úttektarinnar nýtist því með öðrum orðum eins og einskonar handbók að bættum búskaparháttum.

### *Sjálfsmat mikilvægt*

Hluti af kerfinu sem SAI Platform notar byggir á sjálfsmati bænda en þetta er gert til þess að draga úr eftirlitskostnaði og um leið að auka þekkingu bændanna á umhverfismálunum. Bændur geta því sjálfir metið eigin búskap og fundið með úttekt sinni þau atriði sem víkja mest frá viðmiðum og í kjölfarið geta bændurnir svo hafið vinnu við að bæta úr viðkomandi fráviki.

### *Þarf að ganga lengra*

Enn sem komið er hefur samstarf fyrirtækjanna fyrst og fremst horft til frumframleiðslunnar en nú eru fleiri og fleiri fyrirtæki farin að horfa til allrar virðiskeðjunnar þ.e. einnig ferilinn við vinnslu matvælanna, flutninga þeirra um heiminn, kælingar og þar fram eftir götunum. Þess er því vænst að á komandi árum muni samstarfið um SAI Platform einnig ná til framangreindra þátta og með því geti því skapast grundvöllur að einu alþjóðlegu gæðamatskerfi sem nái yfir allan framleiðslu-, vinnslu-, dreifingar- og söluferil matvælanna. Þá fyrst verður raunverulega hægt að bera saman sótspor matvælanna alla leið frá haga í maga. Það má þó búast við því að það muni taka nokkurn tíma að ná utan um alla þessa þætti enda gríðarlega flókið að skrásetja allar breytur og meta áhrif þeirra. Vinnan er þó hafin við það og fyrr en varir verða þessar upplýsingar aðgengilegar og nýtanlegar.



**Vínekrur í Kanada. Megininntakið með sjálfbærni er að þá sé ekki við framleiðslu matvælanna gengið á auðlindir og framleiðslan mengi ekki út frá sér.**









Á FAGLEGUM NÓTUM

## Nautgriparæktin:

# Heildareinkunn tekur breytingum

**Fagráð í nautgriparækt ákvað á síðasta fundi sínum að breyta útreikningi á heildareinkunn í samræmi við niðurstöður verkefnis um hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt.**

Undanfarin tvö ár hefur RML unnið að útreikningum á hagrænu vægi eiginleika og hefur sú vinna verið í höndum Kára Gautasonar og Jóns Hjalta Eiríkssonar. Verkefninu, sem hefur notið stuðnings þróunarsjóðs nautgriparæktarinnar, Landssambands kúabænda og Nautastöðvar BÍ, lauk nú fyrir skömmu. Hluti verkefnisins var unninn í samstarfi við sérfræðinga Háskólans í Árósum í Danmörku, einkum Morten Kargo Sørensen. Lokaskýrsla um verkefnið verður birt innan tíðar en unnið er að lokafrágangi hennar.

| Eiginleiki | Eldri einkunn | Ný heildareinkunn | |
|---|---|---|---|
| | | *Naut* | *Kýr* |
| Afurðir | 44% | 36% | 36% |
| Frjósemi | 8% | 10% | 11% |
| Frumutala | 8% | 8% | 9% |
| Júgur | 8% | 10% | 11% |
| Spenar | 8% | 10% | 13% |
| Mjaltir | 8% | 8% | 10% |
| Skap | 8% | 8% | 10% |
| Ending | 8% | 10% | |

Í töflunni má sjá vægi eiginleika fyrir og eftir breytingu.

### *Eykur ávinning af ræktunarstarfinu*

Fagráð ákvað að nýta niðurstöður verkefnisins svo fljótt sem verða má og við næstu keyrslu kynbótamats verður útreikningi á heildareinkunn breytt til samræmis við niðurstöður verkefnisins. Sú breyting sem koma mun til framkvæmda við næstu keyrslu á kynbótamati á að auka ávinning af ræktunarstarfi nautgriparæktarinnar í formi minni framleiðslukostnaðar, sem metinn er af höfundum skýrslunnar nálægt 150 milljónum króna á ári. Það er því ljóst að verulegan ábata er að sækja í erfðaframfarir, eða sem nemur um 1 krónu á hvern framleiddan lítra mjólkur.

### *Afurðaeinkunn mun endurspegla verðhlutföll verðefnanna*

Í breytingunni felst að vægi á afurðum verður lækkað úr 44% í 36% auk þess sem samsetningu afurðaeinkunnar verður breytt á þann veg að fituafurðir fá 47% vægi, próteinafurðir 48% og próteinhlutfall 5%. Þannig mun afurðaeinkunnin endurspegla verðhlutföll verðefnanna auk þess sem próteinhlutfallið fær 5% vægi til þess að halda því jafnháu og nú er.

Vægi annarra eiginleika mun breytast lítillega en stærsta breytingin verður sú að ending mun eingöngu koma inn í heildareinkunn nauta sem hafa reiknaða endingareinkunn.

Breytingin er mjög í takt við vilja kúabænda en í könnun sem gerð var í tengslum við verkefnið kom fram vilji til þess að lækka vægi á afurðum og auka á öðrum eiginleikum.

Í næsta Bændablaði verður frekari umfjöllun um verkefnið, þ.e. hvernig það var unnið og á hvaða forsendum það byggir sem og hvaða ávinnings er að vænta með breytingunni.

*/Guðmundur Jóhannesson og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins*

## Efnagreiningar á heysýnum:

# Bændur í ráðgjöf hjá RML fá betri kjör

**Það er ákaflega mikilvægt að bændur hafi gott yfirlit yfir efnainnihald heyja, jarðvegs og búfjáráburðar. Þannig er hægt að stuðla að hollum og góðum afurðum sem og heilbrigðum bústofni og einnig til að viðhalda góðri jarðrækt og nýta þannig verðmæt næringarefni sem best og draga úr sóun, sem er sérstaklega mikilvægt þegar horft er til kolefnisspors landbúnaðarins.**



Það borgar sig að taka heysýni.

### *Skilgreindir ráðgjafarpakkar*

Undanfarin ár hefur RML boðið bændum upp á skilgreinda ráðgjafarpakka þar sem leitast er eftir að hafa góða yfirsýn yfir næringarefnastöðu heyja, jarðvegs og búfjáráburðar. Þetta eru „Stabbi“ og „Stæða“ sem eru fóðurráðgjafarpakkar og „Sproti“ sem er jarðræktarpakki sem inniheldur m.a. áburðaráætlun.

Nýverið gerðu RML og Efnagreining ehf. á Hvanneyri með sér samkomulag um að bændur sem verða þátttakendur í einum eða fleirum af þessum ráðgjafarpökkum í haust og fram á næsta vor muni njóta sérstakra afslátta á efnagreiningum hjá Efnagreiningu á Hvanneyri. Afslættirnir eru settir upp með það að markmiði að bændur taki fleiri sýni en ella væri og fái þannig sem best yfirlit yfir hey, jarðveg og/eða búfjáráburð. Þannig verður ráðgjöfin í pökkunum byggð á betri og ítarlegri upplýsingum en annars gæti orðið.

### *Afslættir hjá Efnagreiningu ehf. á Hvanneyri*

Afslættirnir á efnagreiningunum eru þannig að 50% afsláttur er af 5. sýni og 10. sýni verður frítt. Þá er auk þess 10% afsláttur af sýnum frá 7, 8 og 9 og 15% á hverju sýni umfram 10 sýni. Afslættirnir miðast við ódýrasta sýnið hvort sem það er úr heyi, jarðvegi eða búfjáráburði.

Bændur eru hvattir til að kynna sér vel hvað innifalið er í ráðgjafarpökkunum á heimasíðu RML. Þeir sem hafa áhuga geta síðan skráð sig með tengli neðst á upplýsingasíðu „pakkanna“ eða með því að hringja í eða senda póst á Eirík Loftsson el@rml.is eða Borgar Pál Bragason bpb@rml.is sem veita nánari upplýsingar.

### *Skráning fyrir mánaðamót*

Mikilvægt er að skrá sig sem fyrst og eigi síðar en um næstu mánaðamót til að virkja afsláttarkjörin og til að hægt sé að skipuleggja sýnatöku hjá þeim sem þess óska. */BPB*

# Fregnir af íslenskri feldfjárrækt

**Árni B. Bragason**
sauðfjárræktar-ráðunautur
ab@rml.is



### *Feldfjárrækt og sæðingar*

Ræktun á gráu fé með góða feldeiginleika var hafin á nokkrum svæðum á landinu um 1980. Þessi ræktun stóð stutt á flestum þessara svæði nema í Meðallandi. Þar voru nokkrir bændur mjög áhugasamir og þrautseigir og nutu þar styrkrar leiðsagnar Sveins Hallgrímssonar og Einars Þorsteinssonar um áratuga skeið. Í Meðallandi og á seinni árum í Álftaveri eru því einu hjarðirnar í landinu þar sem ræktun á feldeiginleikum á sér áratuga sögu og hægt að tala um feldfjárhjarðir. Þar sem sala á líflömbum er ekki heimil úr þessu varnarhólfi hafa sauðfjársæðingastöðvarnar haft í boði hrúta af þessum stofni nú samfellt frá árinu 2014 en á 9. áratug síðustu aldar voru einnig slíkir hrútar í boði á stöðvunum. Með þessu móti hafa áhugasamir sauðfjáreigendur um feldeiginleika getað nýtt sér þennan ræktunarárangur Meðallendinga og honum jafnframt verið dreift út fyrir varnarhólfið. Hvergi er þó enn kominn stór hópur feldfjár hjá einstökum ræktendum í öðrum varnarhólfum en áhugi virðist fara vaxandi, einkum á Vesturlandi og í Rangárvallasýslu.

Árið 2018 voru 36 dætur Gráfeldar 08-894 á skýrslum fjárræktarfélaganna og dætur Lobba 09-939 voru 57. Melur 12-978 átti 21 dóttur á skýrslum en þær voru allar á heimasvæði hans. Þeir sem eru að fikra sig af stað með feldfjárrækt hafa sett á einhverja hrúta undan feldhrútunum stöðvanna.



Afurðir af skaftfellsku feldfé. Skinn sem unnin voru í Svíþjóð. Mynd / ÁBB

| Dreifing á sæddum ám við feldhrútum framleiðsluárið 2019 | |
|---|---|
| *Sýslur* | *Sæddar ær* |
| Borgarfjarðarsýsla | 6 |
| Mýrasýsla | 14 |
| Snæfellsnes | 30 |
| Dalasýsla | 16 |
| N-Ísafjarðarsýsla | 1 |
| Skagafjarðarsýsla | 5 |
| Eyjafjörður | 2 |
| S-Þingeyjarsýsla | 1 |
| N-Þingeyjarsýsla | 3 |
| S-Múlasýsla | 6 |
| V-Skaftafellssýsla | 15 |
| Rangárvallasýsla | 8 |
| Árnessýsla | 3 |

Valinn hefur verið nýr feldhrútur fyrir stöðvarnar og er það Ljúfur 16-244 frá Melhól í Meðallandi. Hann er sonarsonur Lobba 09-939, fjarskyldari Mel 12-978 og mjög lítið skyldur Gráfeldi 08-894. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun enn hvort Melur 12-978 verður jafnframt í boði á komandi fengitíð. Þar sem feldfjárrækt fer nú aðeins fram á þremur bæjum í Meðallandi og Álftaveri hefur reynst erfitt að finna góða feldgæðahrúta fyrir stöðvarnar sem eru lítt eða óskyldir hver öðrum. Þeir sem eru að rækta feldeiginleika upp með sæðingum verða því að gæta sérstaklega vel að skyldleika gripa sinna.

### *Feldfjárræktarfélagið Feldfé – kynningarfundur 17. ágúst 2019*

Ræktendur feldfjár í Meðallandi og Álftaveri stofnuðu félag haustið 2016 sem ber nafnið Feldfjárræktarfélagið Feldfé. Áhugasamir ræktendur eru nú komnir til sögunnar víðar á Suðurlandi og því hefur verið ákveðið bjóða áhugasömum sauðfjáreigendum í Skaftafellssýslum, Rangárvallasýslu og Árnessýslu að ganga til liðs við félagið. Fundur verður haldinn hjá félaginu að Sólheimahjáleigu í Mýrdal laugardaginn 17. ágúst n.k. og hefst hann kl 14. Þar verður hægt að skoða afurðir feldfjár, flutt verða stutt erindi og fleira. Áhugafólk um ræktun feldfjár á þessu svæði er velkomið á fundinn og í félagið. Þar sem vaxandi áhugi virðist á ræktun feldfjár á Vesturlandi má velta fyrir sér hvort tímabært sé að stofna til sambærilegs félagsskapar þar, t.d. á starfssvæði Búnaðarsamtaka Vesturlands. Áhugasamir ræktendur á Vesturlandi geta látið vita af sér á netfangið ab@rml.is eða haft samband við undirritaðan sem getur haldið utan um hóp áhugasamra fram að stofnfundi félags, ef af yrði. Svona félagsskapur getur verið gagnlegur til að miðla þekkingu og reynslu t.d. um ræktunarstarfið, um úrvinnslu sérstakra afurða feldfjár og fleira. Mikilvægt er að ræktendur viti af hver öðrum í hverju varnarhólfi svo hægt sé að nýta t.d. efnilega feldhrúta betur á hverju svæði, flýta framförum og forðast skyldleikaræktun.

| Yfirlit yfir sæddar ær með feldhrútum frá því að Gráfeldur 08-894 var tekinn á stöð árið 2014 | | | |
|---|---|---|---|
| *Ár* | *Hrútur* | *Sæddar ær* | *Samtals* |
| 2014 | Gráfeldur 08-894 | 48 | 48 |
| 2015 | Gráfeldur 08-894 | 68 | 68 |
| 2016 | Lobbi 09-939 | 28 | 28 |
| 2017 | Lobbi 09-939 | 41 | 41 |
| 2018 | Lobbi 09-939 | 10 | 42 |
| | Melur 12-978 | 32 | |
| 2019 | Lobbi 09-939 | 33 | 110 |
| | Melur 12-978 | 77 | |

### *Skráning dóma á feldeiginleikum inn í Fjárvís*

Allt frá því ræktun feldeiginleika hófst um 1980 hafa einhver haustlömb verið metin árlega með tilliti til feldeiginleika og ræktunarstarfið byggst á þessu mati. Þessir dómar hafa til þessa aðeins verið varðveittir á blöðum eða á seinni árum í einkatölvum. Á allra síðustu árum hefur verið unnið að því að styrkja feldgæðadóma í sessi og fræðsla verið sótt til ræktenda Gotlandsfjár bæði í Svíþjóð og Danmörku. Um alllangt skeið hefur legið inni verkbeiðni um að setja upp í Fjárvís dómaskráningu á feldeiginleikum. Það myndi tryggja varðveislu þessara gagna og hjálpa mikið til við að meta t.d. afkvæmahópa hrúta og margt fleira þessu tengt. Vonandi næst að koma dómaskráningu fyrir feldgæði inn í Fjárvís fyrir haustið 2019.

Fyrir þá sem vilja skoða meira um ræktun feldfjár hér á landi má t.d. benda á grein í Bændablaðinu 9. september 2016 og grein í Hrútaskrá sauðfjársæðingastöðvanna 2017–2018.



Bygg við Hvanneyri í Borgarfirði. Myndir / Þóroddur Sveinsson

## Korntilraunir 2018:

# Yrkjaval getur haft mikil áhrif á uppskeru

**Niðurstöður korntilrauna 2018 gefa til kynna að yrkjaval byggs og hafra geti haft mikil áhrif á uppskerumöguleika bænda eftir því hvar þeir eru á landinu.**

Út er komin skýrsla 119 í ritröð Landbúnaðarháskóla Íslands og fjallar hún um niðurstöður korntilrauna 2018. Sáð og uppskorið var byggi og höfrum á fjórum stöðum um landið og verkefnið hluti af yrkjaprófunum og kynbótaverkefni stofnunarinnar. Alls voru 29 arfgerðir af byggi á hverjum stað og þrjú hafrayrki. Ásamt því að vigta uppskeru og mæla kornþroska og gæði var hálmur vigtaður úr tilraununum.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að yrkjaval getur haft mikil áhrif á uppskerumöguleika í ökrum bænda.

*Tilraunir á fjórum stöðum*

Vegna vorrigninga og tafa á afhendingu sáðvara tókst ekki að sá á sjö stöðum eins og árið 2017 og stefnt var að. Korntilraunirnar fóru því fram á fjórum stöðum á landinu árið 2018, Engihlíð í Vopnafirði, Hoffelli í Austur-Skaftafellssýslu, Hvanneyri í Andakíl, Möðruvöllum í Hörgárdal og Vindheimum í Skagafirði.

*Bygg*

Sáð var tíu yrkjum af byggi erlendis frá ásamt „Teistu", „Smyrli" og „Val", en þeirra er að vænta á markað. Að auki voru 14 kynbótalínur sem hluti af kynbótaverkefninu innan LbhÍ og tvær norskar. „Smyrill" kom á markað vorið 2019 í takmörkuðu upplagi en ætti að vera kominn á markað í stóru upplagi 2020. Vonir standa til að „Valur" verði kominn á markað 2020 og „Teista" 2022. Í hverri tilraun voru þrjú hafrayrki, „Niklas", „Meeri" og „Haga", ekki fékkst hið þaulreynda yrki „Cilla" til samanburðar.

Tilraunirnar sýna að talsverður munur var á uppskeru ólíkra yrkja eftir stöðum.

*Hafrar*

Yrkið „Haga" var alls staðar uppskerumest og niðurstöðurnar sýna einnig að „Haga" var með bestu gæðin í Vopnafirði en í Vindheimum og á Möðruvöllum virðist litlu muna á gæðum. Yrkið „Niklas" sýndi bestu gæðin undir Hoffelli en munurinn var ómarktækur. Þótt uppskeru mestu hafrayrkjanna séu ekki jafn uppskerumikil og uppskerumestu byggyrkin er ljóst að setja má meiri tíma í rannsóknir á höfrum til þroska hér á landi.

Höfundar skýrslunnar eru Hrannar Smári Hilmarsson og Jónína Svavarsdóttir. Verkefnið var fjármagnað af Framleiðnisjóði landbúnaðarins. /VH



Hafrar á Hvanneyri.



Samanburðarreitir á Hvanneyri í Borgarfirði.

## SLYSAVARNIR BARNA



Mikilvægt er að fullorðnir meti færni barnanna og fylgist með þeim þegar þau eru á trampólíni. Mynd / TB

# Slys á trampólínum

**Að hoppa á trampólíni er vinsæl og skemmtileg afþreying. Hreyfingin er góð en það er mikilvægt fyrir foreldra að fylgjast vel með börnum á trampólíni.**

Flest meiðsl gerast á trampólínum við heimahús. Algengustu meiðslin eru beinbrot, heilahristingur, tognun, mar, skrámur og skurðir og tannáverkar. Alvarleg meiðsl á háls eða mænu geta valdið lömun.

Flest meiðsl gerast þegar einstaklingur lendir illa, leikur brögð, dettur af eða lendir á gormum eða grind trampólínsins. Einnig geta alvarleg slys orðið þegar tveir eða fleiri skella saman.

*Einungis einn í einu*

Trampólín framleidd til einkanota eru fyrir börn 6 ára og eldri. Börn yngri en það eiga að vera á minni trampólínum. Einungis eitt barn í einu má hoppa á trampólíni. Slysatölur sýna að mörg slys eiga sér stað þegar fleira en eitt barn hoppar í einu. Engir aukahlutir, s.s. leikföng eða reiðhjólahjálmar, mega vera á trampólíni.

*Foreldrar eða forráðamenn geta kennt börnum að nota trampólín rétt*

Lærið að stoppa. Fjaðrið rólega 3 sinnum, beygið hnén og þið stoppið. Hoppið kröftugt, beygið hnén og þið stoppið. Hoppið í miðjunni, eitt barn í einu, ekki hoppa af.

Mikilvægt er að fullorðnir meti færni barnanna og fylgist með þeim þegar þau eru á trampólíni. Forðist að hoppa á trampólíni þegar það er blautt.

*Samsetning og viðhald*

Lesið leiðbeiningar vandlega og setjið trampólín saman í samræmi við þær. Hafið samband við seljanda ef þið eruð í vafa um hvernig eigi að skilja leiðbeiningar um samsetningu og viðhald. Prófið trampólín áður en notkun þess hefst. Tryggið að festingar, skrúfur og hlífðarpúði séu vel fest. Fylgist vel með ástandi trampólíns, sinnið viðhaldi þess reglulega, herðið festingar, lagfærið hlífðardúk, kannið stífleika gorma o.þ.h.

*Staðsetning og umhirða*

Hafið ávallt gott pláss eða lágmark 1,5 metra í kringum allt trampólínið. Gætið að því að staðsetja ekki trampólín nálægt þakskeggjum, eða trjám þar sem hætta er á að börnin geti rekið sig upp undir.

Staðsetjið trampólín á mjúku undirlagi, helst á svæði þar sem undirlag er dempandi (aldrei á steyptu undirlagi, malbiki eða stétt). Ef hætta er á að vindur geti hreyft við trampólíni er gott að festa það niður. Látið ekki trampólín standa úti yfir veturinn.

Trampólín sem framleidd eru til að standa á undirstöðum á aldrei að grafa niður. Til eru sérstök trampólín sem hægt er að grafa niður í garðinn.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Miðstöðvar slysavarna barna, www.msb.is. Einnig er hægt að fylgjast með fréttum á Facebooksíðu verkefnisins Árvekni – slysavarnir barna.

*/Herdís Storgaard*
*Miðstöð slysavarna barna*
*www.msb.is*


VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.
STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

VÉLABÁSINN

# Rússinn er kominn til að hrella túttujeppana



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var lítil frétt um að fyrirtækið UAZ Iceland hefði hafið innflutning á Rússajeppum. Fleiri en einn aðili hafði samband við mig og spurði hvort ekki stæði til að prufukeyra gripinn. Þann 8. ágúst áttum við hjónin brúðkaupsafmæli og fannst mér vel við hæfi að bjóða konunni, Sunnu Sveinsdóttur, í bíltúr á rússneskri „limmósínu".**

Eysteinn Yngvason hjá UAZ Iceland ehf. lánaði mér bílinn til prufuaksturs. Jeppinn er fyrri af tveimur sem hann hefur flutt inn og er skráður sem „smárúta" og þarf því aukin ökuréttindi til að keyra hann.

Áður en ég ók af stað spjallaði ég lítillega við Eystein, innflytjanda bílanna, um tollflokka og notkunarsvið Rússajeppans. Hann sagði mér að bílarnir féllu í raun undir þrjú mismunandi vörugjöld, allt eftir notkunarflokki þegar þeir eru skráðir. „Tíu sæta UAZ 2206 sem skráður er fyrir hópferðaleyfishafa fellur undir 5% vörugjald og kostar því kr. 2.750.000.- án vsk. Sendibílsútgáfan er aðeins ódýrari í innkaupum en hann fellur undir 13% vörugjald og kemur því út á svipuðu verði og 10 sæta bíllinn. Bíll til einkanota fer í 65% vörugjaldsflokk en verðið er breytilegt eftir hvaða útfærslu menn velja," sagði Eysteinn.



Níu manna Rússi með 113 hestafla vél. Rússajeppi sem skráður er fyrir hópferðaleyfishafa fellur undir 5% vörugjald og kostar því kr. 2.750.000.- án vsk.

Myndir / HLJ & TB



Firnasterkleg toppgrind er á jeppanum sem ber um 300 kg.



Gömlu hásingarnar, en nú eru bara þrjú fjaðrablöð í stað 13 áður.



Á brúðkaupsdaginn á rúntinum þótti okkur hjónum við hæfi að vera með húfur í stíl við fararskjótann.



Þetta er rússneskt og á að vera mátulega gróft. En einhverjir hefðu e.t.v. sett gúmmíhulsu við gírstöngina til að fela grófleikann.




Afturstuðarinn og varadekksfestingin er vönduð og sterk smíði.



Gott bil er á milli sæta og olnbogarými mikið fyrir farþega aftur í bílnum.

### *Öflugri vél í nýja Rússanum*

Eftir spjallið fór ég heim á bílnum og bauð konunni í brúðkaupsafmælisrúnt. Við hjónin ókum um Reykjavík með auka rúnti malarveginn upp að Elliðavatni. Sé tekið mið af þeim fjölmörgu Rússajeppum sem voru á götunum fyrir um 10–50 árum er útlitið svipað og nánast óbreytt, en munurinn er mikill. Það fyrsta sem ég tók eftir var krafturinn í vélinni, en gamla vélin var eitthvað rétt yfir 70 hestöfl, en nú er vélin orðin 113 hestöfl og skilar jeppanum fljótt og örugglega upp í umferðarhraða. Það sem vakti samt mesta athygli hjá mér á meðan ég keyrði bílinn var hvað margir horfðu á eftir honum. Þegar var stoppað voru margir sem spurðu út í gripinn.

### *Prufuaksturinn kom á óvart*

Að keyra bílinn kom mér svolítið á óvart, að vísu er svolítið langt á milli gíra þegar skipt er um gír og þá sérstaklega þegar sett er í 5. gír. Þá þarf maður að halla sér til hægri og setja fram í gírinn. Þrátt fyrir að langt sé á milli gíra þá rennur hann vel í gírana og ekkert óþægilegt að skipta honum. Bremsur eru mun betri en í gamla bílnum og fjöðrunin er margfalt betri. Við hjónin vorum sammála um það að margir bílar sem við höfum verið í hafi verið miklu leiðinlegri á malarvegi og til að hrósa bílnum enn frekar heyrðist ekkert malarhljóð undir bílnum. Hins vegar vorum við sammála um að bílstjórasætið og farþegasætið fremst í bílnum væru óþægilegustu sætin í bílnum en hin átta sætin fyrir aftan væru mun betri í þessari „rússnesku rútu".

### *Bíllinn er örlítið breyttur og með nokkrum aukahlutum*

Þegar horft er undir bílinn þá er það fyrsta sem maður rekur augun í að fjaðrablöðin eru ekki nema þrjú (voru 13 á gamla). Hásingin virðist líta eins út og á þeim gamla og svo er komin ballansstöng að framan. Allt þetta gerir bílinn betri í akstri. Til að hægt væri að flytja bílinn inn til landsins þurfti hann smávægilegar breytingar á vél svo að hann uppfyllti evrópska staðla í mengunarvörnum. Búið er að breikka bílinn með því að setja 4 cm útvíkkun innan við felgurnar til að koma hjólunum utar (sporvíddin er því alls 8 cm utar en frá verksmiðju sem gerir bílinn stöðugri). Toppgrindin er aukabúnaður og stiginn upp á bílinn.

### *Nánast enginn lúxus*

Ekki fer mikið fyrir lúxus í bílnum, ekki útvarp, hiti í stýri eða sætum og enginn akreinalesari. En að fá níu manna bíl fyrir þennan pening, þá má ýmislegt vanta. Fyrir mína parta þá fannst mér bíllinn hreint æðislegur, fljótur að ná umferðarhraða og ágætt að keyra hann. Bremsur eru góðar og maður situr hátt og sér vel yfir í umferðinni. Bíllinn er einfaldur og hann kemst þangað sem maður ætlar sér. Plássið inni í Rússanum er mun betra en í mörgum öðrum bílum sem taka jafn marga farþega. Það sem er í bílnum er sterklega smíðað og er greinilega ætlað til að endast samanber varadekksfestinguna sem er úr alvöru stáli rétt eins og toppgrindin og stiginn upp á þakið.

### *Ætti að henta vel í ýmsan rekstur*

Eftir að hafa ekið bílnum nálægt 50 km tel ég hann vera kjörinn fyrir ferðaþjónustuaðila sem eru t.d. með hestaferðir, kajakferðir, reiðhjólaferðir eða sem fylgdarbíll á fjöll og á torfæra vegi. Drif á öllum hjólum og hátt og lágt drif. Í minningunni var Rússajeppinn afar duglegur í miklum snjó þegar búið var að keðja öll hjól. Svo er ekki mikið mál að hækka bílinn upp enn frekar, setja á hann 33–38 tommu dekk fyrir enn erfiðari torfærur og snjóakstur þar sem vélin er orðin svona mikið stærri en hún var í gamla bílnum.

### *Sérstakur og vekur athygli*

Jeppinn er spennandi kostur fyrir vonda íslenska vegi og engin furða að hann veki athygli þeirra sem sjá hann á ferðinni.

Allar nánari upplýsingar um bílinn og innflutningsaðila má nálgast á vefsíðunni www.russajeppar.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

## Kæruleysi, mistök eða trassaskapur?

# Það sem kemur fyrir mig getur líka komið fyrir þig

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



**Allir gera einhvern tímann mistök. Fyrir marga er afar erfitt að viðurkenna eigin mistök en til að fækka þeim er ráð að segja öðrum frá. Heitir það ekki að læra af mistökum annarra?**

Slys og önnur áföll geta komið fyrir hvern sem er en það er hægt að minnka líkurnar með réttum forvörnum. Frá því að þessir litlu forvarnarpistlar um öryggi, heilsu og umhverfi hófu göngu sína hefur víða verið komið við. Ábendingar frá lesendum um efnisval eru vel þegnar. Reynslusögur eru mikilvægar því við getum öll dregið lærdóm af þeim. Sum slys verða vegna kæruleysis, önnur fyrir mistök og sum fyrir einskæran trassaskap. Tilviljanir og aðrar ástæður eru fjölmargar. Ef einn lendir í óhappi getur annar lent í því sama.



Þungar heyrúllur á gamalli dráttarvél með of lítið loft í framdekkjum er ávísun á vandræði. Myndir / HLJ



Fínu dýru bílarnir geta verið erfiðir þegar rangt eldsneyti hefur verið sett á þá.



Á nýjum bílum virðist allt í lagi. En eftir nokkra saltaða vetur gæti þurft slípirokk til að ná þessu varadekki niður undan þegar á þarf að halda.

### *Algeng mistök sem koma fyrir næstum alla*

Einhver algengustu mistök sem bíleigendur gera er að setja rangt eldsneyti á ökutækið. Margir keyra af stað og skynja mistökin ekki fyrr en gangtruflanir byrja eða jafnvel daginn eftir þegar vélin er orðin köld og fer ekki í gang vegna rangs eldsneytis. Það er frekar kostnaðarsamt að fá afdælingu og nýtt eldsneyti á bílinn, en það verður að losa sig við ranga eldsneytið. Sé bíll bensínknúinn og á hann hefur verið sett dísilolía og ekið þar til að gangtruflanir byrja er ekki ósennilegt að kertin í bílnum séu ónýt eða mjög léleg. Sé hins vegar sett bensín á dísilbíl þá er oft hægt að keyra töluvert án þess að fólk uppgötvi vitleysuna. Olíuverkið í dísilvélum skemmist ef bensín kemst í það í miklu magni og í langan tíma. Ástæðan er sú að í því eru þéttingar og fóðringar sem eiga að smyrjast af dísilnum en bensínið þurrkar upp fóðringarnar og þéttingarnar svo þær skemmast. Því þarf alltaf að dæla ranga eldsneytinu af bílnum, sérstaklega ef það ranga er meira en 10% af því eldsneyti sem á tanknum er.

### *Er varadekk í bílnum og er það í lagi?*

Á mörgum betri hjólbarðaverkstæðum athuga starfsmenn hvort rétt loftmagn sé í varadekkinu á bílnum sem verið er að skipta undir (en ekki veit ég til þess að þessir sömu menn athugi hvort hægt sé að ná varadekkinu úr festingunni sem það er í). Það er nefnilega ótrúlega algengt að þegar á að fara að nota varadekkið er það svo kirfilega ryðgað fast á sínum stað að ekki er nokkur leið að ná því úr bílnum. Á bílum sem eru 5–10 ára gamlir og varadekkið hefur aldrei verið notað er það iðulega loftlaust eða fast. Nokkrar sögur eru til af því að skera hafi þurft varadekk undan bíl með slípirokk. Þetta er mjög algengt með bíla sem hafa keyrt þar sem götur eru mikið saltaðar og saltið verður til þess að allt er ryðgað fast. Ekki óalgengt í bílum eins og Toyota Land Cruiser og gömlum Benz Sprinter sendibílum. Í gömlum bílum með varadekk undir plötu aftast í skottinu veldur rakamyndun oft vandræðum. Festingar ryðga fastar og þá þarf að snúa boltann í sundur með rörtöng eða ámóta verkfæri til að ná dekkinu úr skottinu.

### *Rétt loftmagn í dekkjum getur sparað 10% í eldsneytisnotkun*

Á mjög mörgum bensínstöðvum er hægt að pumpa í dekk og loftjafna í bílnum. Of fáir gefa sér tíma til að nýta sér þessa þjónustu en þegar farið er í langkeyrslu getur rétt loftmagn í hjólbörðum sparað allt að 10% í eldsneytiseyðslu. Varðandi vinnuvélar og vinnutæki þá er of algengt að sjá vélar halla vegna þess að eitt eða fleiri dekk vantar loft. Til að fá sem bestu nýtni á vinnuvél er mikið atriði að loft í dekkjum sé rétt.

### *Er nóg loft í traktorsdekkjunum?*

Það er frekar bagalegt að vera nýbyrjaður að keyra heyrúllurnar heim og þá springur framdekk undir gamla traktornum. Ástæðuna má í mörgum tilfellum rekja til þess að í flestum eldri traktorum eru slöngur í dekkjunum. Ef loftið í framdekkjunum er ekki nægilega mikið og heyrúlla er komin á moksturstækin hitnar slangan við núninginn. Sé loft undir 20 psi þarf ekki nema 100 metra keyrslu á túninu með þunga rúllu á tækjunum, BÚMM!




# KROSSGÁTA Bændablaðsins




MYND: H. ZELL (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




**Bændablaðið**
**kemur næst út 29. ágúst**
**Smáauglýsingar 56-30-300**

LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR



# Litla-Ármót

**Ábúendurnir á Litla-Ármóti, þau Ragnar og Hrafnhildur, tóku við búskapnum 1. maí 2013, af foreldrum Hrafnhildar, Baldri I. Sveinssyni og Betzy M. Davidsson.**

**Býli:** Litla-Ármót.

**Staðsett í sveit:** Hraungerðishrepp í Flóanum.

**Ábúendur:** Ragnar, Hrafnhildur, Baldur Ragnar og Nikulás Tumi.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** 4.

**Stærð jarðar?** Tæpir 200 ha.

**Gerð bús?** Kúabúskapur; það er mjólkurframleiðsla og kjötframleiðsla.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 150 nautgripir, 3 hross og einn köttur.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Mjaltir, önnur vinna, mjaltir og önnur vinna.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Öll verk skemmtileg annaðhvort í upphafi eða í lokin.



**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Áframhald á kúabúskap.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Þakklát fyrir að það séu til bændur sem gefa sig í þetta starf fyrir hópinn.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Það er augljóst að upplýsa þarf þjóðina um sveitastörf, mörg tækifæri liggja í upplýsingagjöf til neytenda, umfjöllun í fjölmiðlum sýnir að áhugi er fyrir matvælaframleiðslu. Ef skilningur er á milli neytenda og framleiðenda þá vegnar innlendum landbúnaði vel.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Líklegast er erfitt að standa í útflutningi þar sem kostnaður við framleidda einingu hér á landi er hár, þar ræður líklegast mestu vextir, launakostnaður almennt og lega landsins.

Svo er það siðferðislega spurningin varðandi kolefnisfótspor sem í dag verður að taka tillit til.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Við erum það lánsöm að það er til nóg.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Það er heimaræktað nautakjöt.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Erfitt að nefna eitthvað eitt. Það sem situr þó eftir er þegar yngri kynslóðinni hefur tekist að leysa krefjandi verkefni við bústörfin.

MATARKRÓKURINN

# Lambahryggur og kjötbollur með sumargrænmeti



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

**Ég er alltaf til í að elda með fersku hráefni. Nú er hægt að fara á bændamarkaði nokkrum klukkustundum fyrir kvöldmatinn og finna grænmeti sem er nýbúið að uppskera.**

Hægt er að undirbúa kvöldverð og bjóða öllum sem eru til í grillmat að koma og taka þátt í undirbúningnum; grænmetisskurði og eldamennsku.





## Lambahryggur

Lamahryggur virðist eftir allt saman ekki vera af skornum skammti í verslunum og nú styttist líka í sláturtíð.

Því er aldrei slæm hugmynd að elda hrygg, hvort sem það er hálfur hryggur með lund sem hentar vel á grillið eða stóran hrygg fyrir fjölskylduna. Þá ætti að hafa hann í álpappír hluta eldunartímans svo fitan brenni ekki – og brúna svo kjötið fallega fyrir framreiðslu.

- Einn lambahryggur
- 10 g olía
- 1 hvítlauksrif
- 1 rósmaríngrein
- Salt og pipar
- 40 ml olía

**Hryggurinn**

Saltið og piprið. Hann er svo steiktur í ofni, á pönnu eða grillaður og brúnaður á öllum hliðum.

Setjið hrygginn í ofnskúffu með olíu, rósmarín og mörðum hvítlauk. Setjið inn í ofn við 160 gráður og eldið eftir smekk. Notið kjarnhitamæli. Flestir vilja hrygginn stökkan með kjarnhita nálægt 65 gráðum – svona að „ömmu stíl“.

## Grænmetismeðlæti

- 1 rauðlaukur
- 1 kúrbítur
- ½ stilkur sellerí
- 1 paprika
- 3 tómatar (vel þroskaðir)
- 1 msk. tómatmauk

Allt skorið í jafnstóra teninga. Steikt á pönnu hvert í sínu lagi í tvær mínútur. Öllu blandað saman og kryddað til.

## Sýrð rjóma-dressing

- 1 búnt kóríander, saxað
- 250 ml sýrður rjómi
- 30 ml vatn
- 1 lime (börkur og safi)
- 1 msk. hunang
- 1/5 búnt saxað kóríander

Öllu blandað saman og smakkað til með salti, pipar og hunangi.

Borið fram með fersku salati.

## Ferskt sumarsalat

- 2 pokar salat (til dæmis klettasalat)
- 1 agúrka
- 3 stilkar sellerí
- 2 msk. balsamedik
- 3 msk. ólífuolía
- salt og ferskur malaður svartur pipar

Setjið salatið í skál eða á disk. Blandið saman ólífuolíu og balsamic-ediki.

Kryddið með salti og pipar.

Skerið kjötið í sneiðar. Leggið þær ofan á salatið og setjið agúrkur og sellerí með balsamic-dressingu þar yfir.

Gott er að nota grænmetisflysjara til að skera grænmetið í strimla.

Það er hægt að bæta við stökku beikoni eða brauðteningum til að fá stökka áferð í salatið.

## Kjötbollur með sumargrænmeti og nýjum kartöflum

- 500 g nautahakk
- 4 laukar
- 1 egg
- 250 ml rjómi
- 100 ml rauðvín
- 30 g hveiti
- 50 ml mjólk
- 400 ml kjúklingasoð (eða vatn og kjúklingakraftur)
- olía
- salt og pipar

Bollurnar eru gerðar þannig að tveir laukar eru saxaðir fínt og settir saman við hakk, egg, mjólk, hveiti, salt og pipar. Gott er að setja ostbita inn í hverja bollu.

Steikt á pönnu og skotið inn í ofn í tvær mínútur við 160 gráður.

Við sósugerðina eru hinir tveir laukarnir afhýddir og skornir fínt niður, olía hituð í potti og laukur svitaður.

Þá er rauðvín sett saman við og soðið niður þangað til það verður karamellukennt. Soðinu er bætt saman við og soðið niður um helming.

Loks er rjóma bætt saman við og soðið niður um helming, smakkað til með salti og nýmöluðum pipar.

Það er gott að nota líka smá hvítlauk með lauknum, bæði í bollur og sósu.

Sjóðið nýjar kartöflur og framreiðið með sumargrænmetinu.

## Sumarlegt heitt salat með grænmeti og villtum kerfli

- Sumargrænmeti að vali hvers og eins (til dæmis brokkólí, rófur og hnúðkál).
- Smátt saxað grænmeti að vali hvers og eins (gulrætur, vorlaukur, aspas)
- íslensk repjuolía
- salt
- sítrónusafi

Íslenskt grænmeti er hollt og gott og ekki skemmir að það er oftast ræktað án allra aukaefna

**Aðferð**

Sjóðið stærra grænmetið örstutt, ætti að vera með smá biti í.

Hellið öllu auka vatni af og setjið smátt saxað grænmetið saman við. Fáið góðan hita í grænmetið og kryddið með salti og sítrónusafa.

Hitið heila grænmetið í öðrum potti, kryddið með salti og gljáið með repjuolíunni. Raðið öllu á disk og skreytið með villtum íslenskum garðakerfli.

HANNYRÐAHORNIÐ



# Barnapeysan Rendur

**Peysan Rendur hefur verið í huga mér nokkuð lengi. Langaði í peysu með 3-4 röndum hvert í sínum lit og smá glimmer á milli.**

Twinkle er garn með glitþræði og gefur peysunni skemmtilegt „bling“. Garnið í peysuna er 100% akrýl garn, mjúkt og mjög gott að prjóna úr því.

**Stærðir:** 2 (3-4) 5-6 (7-8) 9-10 (11-12) ára.

**Yfirvídd ca.:** 62 (64) 68 (74) 78 (82) cm.

**Ermalengd ca.:** (23) 27 (30) 35 (38) 42 cm.

**Garn:** Scheepjes Colour Crafter eða Velvet og Twinkle

- Colour Crafter eða Velvet: 1 dokka í hverjum lit
- Twinkle: 1 dokka

**Prjónfesta:** 20 lykkjur x 30 umferðir með sléttu prjóni = 10x10 cm á prjóna nr 4.

**Prjónar:** Sokka- og hringprjónar 40 og 60 cm, nr 3,5 og 4.

Peysan er prjónuð í hring ofan frá og niður. Útaukningar á berustykki móta laskalínuna. Hver litaröð er 11,5 (13) 14,3 (15,5) 17 (18,3) cm og 2 umferðir með Twinkle prjónaðar slétt á milli litaskipta.

**Aðferð:** Fitjið upp á minni hringprjón nr 3,5 með lit 1: 72 (76) 80 (84) 88 (96) lykkjur. Tengið í hring, setjið prjónamerki sem markar upphaf umferðar. Prjónið stroff (1 sl, 1 br) 9 umferðir. Skiptið yfir á prjóna nr 4 og prjónið 1 umf slétt og aukið út um 0 (0) 0 (4) 0 (0) L jafnt yfir umferð = 72 (76) 80 (88) 88 (96) lykkjur.

**Berustykki:** Byrjið útaukningu á laska og staðsetjið prjónamerki (PM) þannig:

**umf 1:** 1 sl, USL, 8 (10) 10 (10) 12 (12) sl, USL, 1 sl (ermi) PM, 1 sl, USL, 24 (24) 28 (30) 32 (32) sl, USL, 1 sl (framstykki) PM, 1 sl, USL, 8 (10) 10 (10) 12 (12) sl, USL, 1 sl (ermi), PM, 1 sl, USL, 24 (24) 28 (30) 32 (32) sl (bak) USL, 1 sl (= aukið út um 8 lykkjur).

**umf 2:** Prjónið slétt.

**umf 3:** Prjónið 1 sl, *USL, prjónið sl þar til 1L er að PM, USL, 2 sl* endurtakið frá *-* þar til 1L er eftir af umf, 1 sl.

**umf 4:** Prjónið slétt.

Endurtakið umferðir 3 og 4 alls 15 (16) 17 (18) 20 (21) sinnum = 200 (212) 224 (240) 256 (272) lykkjur. **ATH.** Munið eftir litaskiptum. Hver litaröð er 11,5 (13) 14,3 (15,5) 17 (18,3) cm og 2 umferðir með Twinkle prjónaðar slétt á milli litaskipta. Prjónið slétt án útaukninga þar til stykkið mælist frá uppfiti á hálsmáli 14 (15) 16 (17) 18 (19,5) cm, mælt á framstykki.

**Skipting bols og erma:** Setjið fyrstu 42 (46) 48 (50) 54 (58) lykkjur á þráð (ermi), fitjið upp 4L (umf byrjar nú í miðju þessara lykkja, setjið PM sem markar upphaf umferðar í miðju þeirra), prjónið 58 (60) 64 (70) 74 (78) lykkjur (framstykki), setjið næstu 42 (46) 48 (50) 54 (58) lykkjur á þráð (ermi), fitjið upp 4L, prjónið 58 (60) 64 (70) 74 (78) lykkjur (bakstykki) = 124 (128) 136 (148) 156 (164) lykkjur. Prjónið bol áfram slétt í hring, munið eftir litaskiptum. Prjónið með lit 3 þar til sá litahluti mælist 8,5 (10) 11,3 (11,5) 13 (14,3) cm. Skiptið yfir á prjóna nr 3,5 og prjónið stroff með lit 3 (1 sl, 1 br) 3 (3) 3 (4) 4 (4) cm. Fellið laust af. Peysan mælist ca 36 (40) 44 (48) 52 (56) cm frá uppfiti á hálsmáli og niður.

**Ermar:**

Setjið ermalykkjurnar 42 (46) 48 (50) 54 (58) af þræði á sokkaprjóna nr 4 eða 30 cm hringprjón, fitjið upp 4L = 46 (50) 52 (54) 58 (62) lykkjur. Setjið 1 PM á milli þessara nýju lykkja undir ermi, sem markar upphaf umferðar. Prjónið í hring þar til ermin mælist 2 (2) 3 (4) 4 (4) cm. Fækkið um 2 lykkjur undir ermi þannig: prjónið 1 sl, 2 sl sm, prjónið slétt þar til 3L eru eftir af umf, ttp, 1 sl. Fækkið lykkjum svona í 9. (9.) 10. (11.) 12. (12.) hverri umferð alls 6 (8) 8 (8) 8 (8) = 34 (34) 36 (38) 42 (46) lykkjur. ATH: munið eftir litaskiptum eins og á bol. Prjónið áfram þar til ermin mælist 20 (24) 27 (31) 34 (38) cm frá skiptingu (eða að óskaðri lengd). Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 3,5. Prjónið stroff (1 sl, 1 br) 3 (3) 3 (4) 4 (4) cm. Fellið laust af. Prjónið hina ermina eins.

**Frágangur:** Gangið frá endum, þvoið peysuna og leggið til þerris.

***Útskýringa á skammstöfunum:***

**USL:** uppásláttur, sláið uppá prjóninn

**ttp:** takið 1L ópr, prjónið 1L og steypið yfir óprj lykkjuna

**2 sl sm:** prjónið 2L slétt saman

**PM:** prjónamerki

**L:** lykkja /lykkjur

*Prjónakveðja,*
*mæðgurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*


Athugið að verslunin er flutt í Hraunbæ 102a, var áður til húsa í Hraunbæ 102b.




Drops garn á Drops verði
...og mörg hundruð fríar uppskriftir með því

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

Sýnileikavesti fyrir smalamennskuna
Öryggisvesti með riflás.
Uppfylla sýnileikastaðalinn EN20471 Klassa 2.



Stærðir: S-4XL.
Efni: 100% pólýester
Litir: Gulur, orange.

Tilboðsverð
með vsk og flutningskostnaði
Verð: kr. 890,-

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300


Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | | 2 | 8 | 7 |
| | 1 | | 3 | 7 | | | | |
| | 6 | | | | 2 | | | |
| 6 | | 1 | 5 | | 9 | 3 | | 2 |
| | 7 | 5 | | | | 8 | 9 | |
| 8 | | 2 | 6 | | 7 | 1 | | 4 |
| | | | 9 | | | | 4 | |
| | | | | 5 | 3 | | 1 | |
| 9 | 8 | 3 | | 6 | | | 2 | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | 2 | | 1 | | 6 |
| | | | | | | | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | | | 5 |
| 2 | 7 | | | | | | 6 | 9 |
| | 3 | 6 | | | | 5 | 4 | |
| 9 | 5 | | | | | | 1 | 8 |
| 6 | | | 1 | | 8 | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| 7 | | 2 | | 9 | | 8 | | 4 |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 3 | | | | 4 | | | | 6 |
| 2 | 1 | | 9 | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | | 9 | 7 |
| | | 3 | | | | 5 | | |
| 7 | 8 | | 6 | | | | | |
| | | 4 | | | 5 | | 6 | 9 |
| 5 | | | | 3 | | | | 4 |
| | | | | | 4 | 2 | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | 1 | 8 | 5 |
| | | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | | 2 | | | |
| 9 | | | 5 | | | | | |
| | | 1 | | 4 | | 6 | | |
| | | | | | 3 | | | 7 |
| | | | 9 | | | | | 3 |
| | | 7 | | | | | | |
| 3 | 4 | 8 | | 1 | | | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Pitsa og grjónagrautur

**Helga Kristey er búsett á Höfn í Hornafirði ásamt foreldrum sínum og yngri systur.**

Hún hefur mjög gaman af utanlandsferðum og fimleikum.



**Nafn:** Helga Kristey Ásgeirsóttir.

**Aldur:** 12 að verða 13.

**Stjörnumerki:** Meyja.

**Búseta:** Höfn í Hornafirði.

**Skóli:** Grunnskóli Hornafjarðar.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Smiðja og val.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Pitsa og grjónagrautur.

**Uppáhaldshljómsveit:** Queen.

**Uppáhaldskvikmynd:** Crazy Rich Asians.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég var tveggja ára á risaleikvelli í Þýskalandi.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fimleika en ekki á hljóðfæri.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Augnlæknir.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Þegar ég fór í 102 metra háan fallturn í Flórída.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Ég fór í útilegur og til Færeyja.

**Næst »** Helga Kristey skorar á Guðmund Reyni að svara næst.

# Búskaparhættir og lífsbarátta í Svefneyjum

## – ný bók eftir Þórð Sveinbjörnsson

**Svefneyingabók er nýtt rit eftir Þórð Sveinbjörnsson. Í bókinni lýsir Þórður bernskuárum sínum í Svefneyjum og segir frá búskaparháttum um miðja 20. öldina.**



Þórður Sveinbjörnsson.

„Hugmyndin að ritun bókarinnar kom þegar ég var að vinna örnefnaskrá fyrir eyjarnar. Ég vann það verk fyrir tveimur árum og setti upp á kort. Eftir að ég fór að skoða meira um sögu Svefneyja þá þróaðist sú hugmynd að gera bók þar sem efnisinntakið er mín saga, þar sem ég er fæddur og uppalinn þar,“ segir Þórður sem fæddist árið 1941 og bjó í eyjunum í 17 ár. „Ég segi frá minni veru í eyjunum og búskaparháttum á þeim tíma. Síðan er annar kafli sem fjallar um sögu Svefneyja eins og ég sé hana fyrir mér. Þar er ég að telja fram þá sem hafa búið í eyjunum frá því að fyrst er getið um nöfn í því sambandi og fram til dagsins í dag.“




Foreldrar Þórðar, Sveinbjörn Daníelsson og Sigríður Þórðardóttir, gerðust bændur í Svefneyjum árið 1939 og voru í eyjunum í 19 ár. Þau leigðu eyjuna af föðurbróður Sveinbjörns.

### Alltaf nóg af mat

Svefneyjar eru gjöfular enda Breiðafjörðurinn oft líkt við matarkistu. „Eyjarnar hafa þá sérstöðu að þarna er aldrei matarskortur. Þarna er fuglinn, eggin, selur og fleira. Það þraut aldrei fæðu og meðal annars kom aðkomufólk í harðindaárum til þess að fá mat.“

Svefneyjaættin er komin af Einari Sveinbjörnssyni, föður Eyjólfs Eyjajarls, sem löngum er talinn ættfaðirinn. Hann var fæddur síðla á 18. öld en fólk af Svefneyjaættinni var búsett í eyjunum fram á 20. öld.

### Fé fór í land á sumrin

Að sögn Þórðar var búskapurinn ekki að öllu leyti hefðbundinn í eyjunum, svæðið gat reynst hættulegt og sjósókn erfið. „Það er svolítið sérstakt við búskapinn í Svefneyjum að farið var með fé á land á sumrin. Það var heilmikið umstang í kringum það en þetta var lífsviðurværið. Svo voru sveiflur í fiskveiðunum. Þegar ég var að alast upp var nánast enginn fiskur innan til í Breiðafirði en á seinni árum er allt fullt af fiski alveg inn í Þorskafjörð. Þannig hefur þetta allt breyst.“

Búið var í Svefneyjum allt árið um kring fram á níunda áratuginn en þá eru eyjarnar keyptar af Dagbjarti Einarssyni, útgerðarmanni í Grindavík. „Afkomendur hans og eiginkona eiga eyjarnar núna að megninu til, halda eignum vel við, dvelja þar yfir sumartímann og sinna meðal annars æðarvarpinu,“ segir Þórður Sveinbjörnsson.

/TB



